Fylkir

71. árgangur | 3. tölublað | Jólin 2019



Fylkir óskar lesendum sínum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Sendum starfsfólki, viðskiptamönnum og Vestmannaeyingum
bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Með þökk fyrir samfylgdina í gegnum árin.

ÍSFÉLAG
VESTMANNAEYJA HF.

RÝMI
OFNASMIÐJAN

2018
Framúrskarandi fyrirtæki

HANGCHA
FORKLIFT TRUCK

Lyftarar og léttitæki

Rafmagnsstaflarar

Rafmagnstjakkar

Brettatjakkar galvaníseraðir

Rými ehf. | s. 511 1100 | www.rymi.is | rymi@rymi.is

EFNISYFIRLIT

Bls. 5 ***Það hafa sannarlega skipst á skin og skúrir í sögu og þróun byggðarlagsins***
- 100 ára afmæli kaupstaðarréttinda Vestmannaeyjabæjar 2019. Arnar Sigurmundsson

Bls. 7 ***Eyverjar í 90 ár!***
- Alma Ingólfsdóttir, varaformaður Eyverja

Bls. 8 ***Hvað ræður för?***
- Eyþór Harðarson

Bls. 9 ***Steinholt - Horfinn heimur***
- Birgir Þór Baldursson

Bls. 14 ***Sprangað í gegnum lífið***
- viðtal Sindra Ólafssonar við Svabba Steingríms

Bls. 16 ***Ungverskir flóttamenn í Eyjum 1957 - í kalda stríðinu***
- Helgi Bernódusson

Bls. 22 ***Sjóvarmadælustöð HS Veitna hf.***
- Ívar Atlason

Bls. 24 ***Tónlistarlíf í Eyjum um miðja síðustu öld - H.G. sextettinn***
- Ívar Atlason

Bls. 27 ***Látnir kvaddir*** *- Myndir af fólki sem búið hefur í Vestmannaeyjum í lengri eða skemmri tíma og lést á árinu.*

Myndir í blaðinu:
Forsíðumynd: *Sæþór Vídó.*
Aðrar myndir: Úr einkasöfnum, Óskar Pétur Friðriksson og Ljósmyndasafn Vestmannaeyja.

Andrea Atladóttir:

Jólin koma, hvernig svo sem við stóðum okkur í desember

ANDREA ATLADÓTTIR
formaður Sóknarnefndar Landakirkju

Aðventa jóla gengin í garð, uppáhalds árstími marga. Nú á tímum er þessi tími í bland hátíðlegur en oft á tíðum stressandi. Samfélagið okkar hefur byggt upp spennu fyrir jólin að því leyti að ótal hluti þurfi að græja og gera svo hátíðin geti gengið í garð. Hefðirnar eru margar og felast oft í því að vera hér og þar á aðventunni og af engu megi missa, annars komi jólin ekki almennilega. Jólaamstrið er án efa skemmtilegt fyrir flesta en við megum ekki gleyma okkur í því. Jólin koma, hvernig svo sem við stóðum okkur í öllum hefðunum í desember.

Það sem mikilvægt er hinsvegar að muna á aðventunni, er að vera meðvituð um að það er góður tími til að huga að náunganum. Það eru margir sem eiga erfitt á þessum tíma, hann vekur upp erfiðar hugsanir og minningar hjá sumum og aðrir eiga fáa til að halla sér að. Náunginn getur verið nálægt okkur eða dálítið fjær, en líklega könnumst við öll við að vita af einhverjum sem á erfitt á þessum tíma. Sýnum þeim væntumþykju og hlýju og látum þá vita að við séum til staðar og viljum hjálpa.

Í dag er mikil umræða um hvort fólk sé trúað eða ekki trúað á Guð og hvort kirkjan eigi að vera þjóðkirkja eður ei. Í mínum huga skiptir það ekki öllu máli hvernig fólk skilgreinir sig í þeim efnum heldur að við tileinkum okkur þau gildi sem kristin trú hefur kennt okkur, sem er meðal annars samkennd og fyrirgefning. Þau gildi gera okkur að góðum manneskjum og gerir þeim gott sem í kringum okkur eru.

Megi Guð gefa okkur gleðileg jól og veita okkur frið og farsæld á komandi ári.

Mynd: Sigurgeir Jónasson.

Steinn Ingvarsson á Múla ásamt blaðburðarbörnum í desember1976.

Útgáfa Fylkis á merkum tímamótum

Þann 18. mars 2019 voru liðin 70 ár frá því Fylkir hóf göngu sína. Þegar útgáfa blaðsins hófst voru fyrir í Eyjum , Eyjablaðið, málgang Sósíalistaflokksins, Framsóknarblaðið og Brautin málgagn Alþýðuflokksins. Þá hafði vikublaðið Víðir verið gefið úr af miklum myndarskap í tæpa tvo áratugi. Af þessum blöðum sem komu út um 1950 stendur Fylkir einn eftir og hefur svo verið í mörg ár. Breyttir tímar á fjölmiðlamarkaði með nýjum áherslum flýttu fyrir endalokum flokksblaða á landsvísu. Blaðaútgáfa í Eyjum sem hófst 1917 hefur ávallt verið fjölbreytt og ákveðin tímamót urðu þegar Dagskrá hóf göngu sína 1972 og Fréttir -Eyjafréttir 1974.

Útgáfa Fylkis hefur breyst mikið á sl. 20-30 árum. Nú koma að jafnaði út 2-3 tölublöð á ári auk myndarlegs jólablaðs. Alls hafa 19 einstaklingar verið ábyrgðarmenn Fylkis á þessum 70 árum. Magnús Jónasson frá Grundarbrekku fyrrum ábyrgðarmaður Fylkis lést á árinu 71 árs að aldri. Magnús sat lengi í ritnefnd og er honum þakkað mikið og gott starf. Jólablað Fylkis hefur áunnið sér ákveðna sérstöðu á landsvísu . Vönduð greinarskrif um ýmis málefni og viðtöl ásamt Þættinum Látnir kvaddir sem fylgt hefur Jólablaðinu frá 1975 undirstrikar þessa sérstöðu blaðsins. Að þessu sinni er Fylkir 32 blaðsíður sem eru 8 bls. stærra en mörg undanfarin ár og tengist það afmælisárinu. Jólablaðið hefur sannarlega notið margra góðra penna, þar sem fara saman vönduð skrif og heimildaröflun. Margar af þessum greinum eru mikilvægt framlag til menningarmála í Eyjum og munu eiga sinn þátt í að varðveita söguna.
Blaðið Fylkir 1949-2018 er nú aðgengilegt á vef Landsbókasafns Íslands - timarit.is. Nóg er að slá inn nafnið Fylkir í leitargluggann á vefnum og síðan er hægt að velja útgáfuár, tölublað og blaðsíður í hverju blaði. Lokið var við að ganga frá öllum árgöngum blaðsins inn á timarit.is fyrr á þessu ári.

Sá sem þetta ritar hefur mjög lengi komið að útgáfu Fylkis. Með setu í ritnefnd frá 1992 og annast ritstjórn jólablaðsins. Þetta hefur verið áhugaverður tími og margs að minnast. Að halda úti vönduðu og metnaðarfullu jólablaði kallar á margar hendur. Slík blöð verða ekki gefin út nema til komi öflugir einstaklingar með greinarskrifum og auglýsendur geri útgáfuna mögulega með jólakveðjum. Það er dýrt að gefa út vönduð blöð og þrátt fyrir að öll vinna við skrif í Fylki og við söfnun jólakveðja séu unnin án þóknunar þá þarf að halda vel á spöðunum svo útgáfan gangi upp.

Ritnefnd þakkar þeim sem komu að þessu jólablaði fyrir sitt framlag. Sérstakar þakkir færum við Bjarneyju Erlendsdóttur - Baddý í Ólafshúsum- fyrir upplýsingaöflun í þáttinn Látnir kvaddir og Emilíu Björgu Björnsdóttur og Maríu Lilju Moritz Viðarsdóttur á ljósmyndadeild Morgunblaðsins fyrir útvegun ljósmynda í þáttinn. Að endingu þökkum við Sæþóri Þorbjarnarsyni , grafískum hönnuði á Eyjasýn sem annast uppsetningu jólablaðsins fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum.

Fh. ritnefndar Fylkis
Arnar Sigurmundsson

Fylkir

ÚTGEFANDI:
Eyjasýn hf. fyrir hönd Sjálfstæðisfélaganna í Vestmannaeyjum

RITNEFND: Eyþór Harðarson, ábm., Arnar Sigurmundsson, ritstjóri Jarl Sigurgeirsson, Páll Marvin Jónsson, og Thelma Hrund Kristjánsdóttir.

UMBROT: Eyjasýn hf. Vestmannaeyjum
PRENTUN: Landsprent ehf.
UPPLAG: 2000 eintök

BLAÐINU ER DREIFT Í ÖLL HÚS Í VESTMANNAEYJUM OG AUK ÞESS SENT VÍÐA UM LAND OG SELT Í LAUSASÖLU Á KLETTI, VESTMANNAEYJUM. ÞAÐ VERÐUR EINNIG AÐGENGILEGT Á EYJAFRETTIR.IS ÚT JANÚAR 2020

Starfsfólk Set á Íslandi og í Þýskalandi óskar viðskiptavinum, samstarfsaðilum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Áramótalokun Set verður frá og með
20. desember 2019 til og með 5. janúar 2020.

Set ehf. stundar vöruþróun og framleiðslu og veitir tækniráðgjöf og þjónustu á sviði lagnaiðnaðar, einkum á veitusviði. Fyrirtækið rekur verksmiðjur á Selfossi og í Haltern am See í Þýskalandi og hefur ISO 9001 gæðavottun og viðurkenningu Euro Heat & Power í Evrópu.

Set ehf • Röraframleiðsla

100 ára afmæli kaupstaðarréttinda Vestmannaeyjabæjar 2019:

Það hafa sannarlega skipst á skin og skúrir í sögu og þróun byggðarlagsins

ARNAR SIGURMUNDSSON

Þessa merkisatburðar í sögu bæjarfélagsins hefur verið minnst með ýmsum hætti á afmælisárinu- en hátíðin gekk í garð með bæjarstjórnarfundi 22. nóv. 2018, en á þeim fundi var lagðar fram tillögur 100 ára afmælisnefndar sem spannaði nær allt afmælisárið 2019. Þá samþykkti bæjarstjórn einróma 20 millj. kr. fjárveitingu í allt verkefnið sem er hluti af fjárhagsáætlun 2019. Afmælisnefndin sem kosin var í september 2018 skipuðu Arnar Sigurmundsson, Stefán Óskar Jónasson og Hrefna Jónsdóttir. Með nefndinni störfuðu Angantýr Einarsson, frkvstj. fjármála- og stjórnsýslu Vm.bæjar, Kári Bjarnason forstm. Safnahúss Vm. og nokkru síðar Ómar Garðarsson, blaðamaður og fyrrv. ritstjóri. Afmælisárið náði hámarki föstudaginn 5. júlí 2019 með hátíðardagskrá á Skanssvæðinu fyrir sunnan Starfkirkjuna. Þar fluttu ávörp Elíza Reed forsetafrú, Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitastjórna-ráðherra , Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri og að lokum Arnar Sigurmundsson fulltrúi afmælisnefndar. Guðmundur Örn Jónsson sóknarprestur flutti blessunarorð og Helga Hallbergsdóttir stjórnaði dagskránni. Lúðrasveit Vestmannaeyja ásamt fleiri listamönnum komu þar einnig fram. Mikið fjölmenni var á Skansvæðinu í blíðskaparveðri á þessum merkisdegi í sögu byggðarlagsins.

Hér kemur ávarp Arnar Sigurmundssonar sem hann flutti af þessu tilefni

Þegar afmælisnefnd sem bæjarstjórn skipaði í tilefni 100 ára afmælis kaupstaðarréttinda Vestmannaeyja tók til starfa í september 2018 biðu hennar nokkur krefjandi verkefni.

Fjölbreytt dagskrá hefur einkennt afmælisárið, fyrst skal telja 22. nóvember sl. að þegar 100 ár voru liðin frá því Kristján konungur undirritaði lögin um kaupstaðarréttindi Vestmannaeyja sem tóku gildi 1. janúar 1919. Fyrsti fundur bæjarstjórnar var haldinn 14. febrúar 1919. Þessa atburðar var minnst á hátíðarfundi bæjarstjórnar réttum 100 árum síðar , þar sem samþykkt var að ráðast í endurbætur á Ráðhúsinu við Stakkagerðistún og það hýsi að þeim loknum fjölþættu hlutverki tengdum menningu og sérsöfnum Vestmannaeyjabæjar. Haldinn var bæjarstjórnarfundur unga fólksins og fram fór opið málþing um framtíð Vestmannaeyja – ógnanir og tækifæri. Þá var gefið út sérstakt Vestmanneyjafrímerki í tilefni afmælisins.

Ákveðið var að gefa út 100 ára afmælisrit Vestmannaeyjabæjar sem inniheldur greinar, viðtöl, myndaannál og ýmsar upplýsingar úr sögu bæjarfélagsins. Ritinu var dreift í öll hús innanbæjar og víðar um síðustu helgi. Hér hefur eingöngu verið stiklað á stóru á atburðum tengdum afmælisárinu.

Fljótlega eftir að nefndin tók til starfa var ákveðið að hafa sérstakan hátíðisdag, tengdan 46 ára goslokahátíðinni. Föstudagurinn 5. júlí varð fyrir valinu og er samkoman hér í dag og tvennir stórtónleikar í Íþróttamiðstöðinni í kvöld, í boði Vestmannaeyjabæjar hluti af dagskrá 100 ára afmælisins.

Myndir: Óskar Pétur Friðriksson

Skanssvæði skartaði sínu fegursta.

Mikill fjöldi bæjarbúa og gesta tók þátt í hátíðarsamkomunni í blíðskapar veðri.

Skanssvæðið – hér gerðust atburðirnir

Þegar ákveða átti hvar hátíðarsamkoman í dag skyldi fara fram varð Skanssvæðið fyrir valinu og fyrir því eru gildar ástæður. Undirlendi myndaðist á Heimaey fyrir 5000-6000 árum af völdum eldgosa í Helgafelli, Sæfjalli og Stórhöfða. Heimaklettur, Ystiklettur , Klifið, Háin og Dalfjall eru öll mun eldri. Hraunrennslið sem myndaði undirlendið á Heimaey náði sem betur fer ekki að norðurklettunum og þannig varð til vogur, vísir að hafnaraðstöðu sem átti eftir að skipta öllu fyrir þróun byggðar í Eyjum.

Þegar við erum stödd hér á Skanssvæðinu kallar sagan á okkur. Hér hafa gerst atburðir sem hafa skipt sköpum fyrir byggð og mannlíf í Eyjum. Vestmannaeyjar eru taldar í hópi elstu verstöðva við Norður-Atlantshaf. Þegar horft er hér yfir Skanssvæðið er víða hægt að staldra við. Gissur Hvíti og Hjalti Skeggjason komu hingað með kirkjuviðinn árið 1000 og Stafkirkjan þjóðargjöf Norðmanna árið 2000 minnir okkur á hin kristnu gildi og menningararfinn. Aldirnar líðu og Vestmannaeyjar urðu eign Danakonungs. Danir komu hér upp vísi að varnarvirki við höfnina – Skansinum árið 1586.

Myrkar miðaldir

En 16.-19. júlí 1627 dundu ósköpin yfir, svokallað Tyrkjarán sem var blóðug innrás sjóræninga. Íbúar í Eyjum voru þá tæplega fimm hundruð. Af þeim var liðlega 240 rænt og komið um borð í ræningaskipin sem lágu hér við Skansinn og um 30 voru brenndir inn í dönsku húsunum á Skansinum. Þetta var gríðarleg blóðtaka fyrir samfélagið þegar ríflega helmingur íbúanna hverfur af vettvangi og seldur í ánauð til Algeirsborgar og eingöngu um 30 áttu afturkvæmt til Íslands tíu árum síðar. Árið 1630 var virkið á Skansinum endurbætt að nokkru í þá veru sem það er í dag.

Árið 1703 voru íbúar í Eyjum rúmlega 300. Ef lífið hélt áfram. Sjúkdómar og fátækt einkenndu þessar aldir , Eyjamenn sóttu sjóinn á árabátum en sjóslys voru tíð. Árið 1848 vannst sigur á ginklofanum – stífkrampanum – sjúkdómi sem lagðist á nýfædd börn og olli miklum ungbarnadauða. Danskir læknar sem hingað komu unnu þrekvirki við erfiðar aðstæður og fundu orsök sjúkdómsins. Komið upp fæðingarstofu í Danska–Garði við Skansinn. Um sama leyti var húsið Landlyst reist við Strandveg íbúðarhús ljósmóðurinnar og sem fæðingarstofnun.- Landlyst var tekin niður seint á síðustu öld , en endurbyggð og komið fyrir á Skans-væðinu árið 2000.

Mikið trúarlíf , vélbátaöldin og öflugt samfélag

Skömmu eftir 1850 og fram eftir nítjándu öldinni gerðust fjölmargir Eyjamenn mormónatrúar og fluttu til Utah í Bandarríkjunum. Þessir flutningar höfðu mikil áhrif á þróun íbúafjöldans, en fólk flutti einnig til Eyja. Herfylking Vestmannaeyja hafði hér einnig aðsetur. Allt gerðist þetta hér á Skanssvæðinu, því hér voru samskiptin, skipin fest við ból, en þá voru engar bryggjur til staðar.

Höfnin var opin fyrir austan áttum og mjög erfitt að komast hjá skemmdum á fiskibátum Eyjamanna. Vélbátaöldin sem gekk í garð 1906 olli hér atvinnu-byltingu og mikla grósku í atvinnulífinu og íbúum fjölgaði úr 700 í 2000 á nokkrum árum. Ráðist var í framkvæmdir við hafnargarðana 1914 og lauk byggingu þeirra tíu árum síðar. Þetta var aðkallandi verkefni fyrir bæjarfélag í örum vexti.

Sjóveita var tekin í notkun hér árið 1931 – sjó dælt utan hafnargarðs í dælustöð hér fyrir ofan og dælt í fiskhúsin við Strandveg og í Sundlaug Vestmannaeyja. Við sjáum sjóveitutankinn sem hraunið braut niður að mestu í lok mars 1973 sama sólarhring og sundlaugin og byggðin í nágrenninu varð hrauninu að bráð. Í eldgosinu var fyrsti hluti dælubúnaðar til að hefta hraunrennslið staðsettur hér á hafnargarðinum og í lok gossins var hafnargarðurinn í hlutverki varnargarðs.

Mikil framfaramál fyrir samfélagið fara í gegnum svæðið. Rafmagns- og vatnsleiðslur frá meginlandinu til Eyja voru teknar á land fyrir rúmlega 50 árum. Þá hefur Blátindur Ve. nýlega tekið hér bólfestu, fiskbátur sem var smíðaður hér í Eyjum um miðja síðustu öld og dæmigerður fulltrúi fiskiskipa frá þessum blómatíma vélbátaútgerðar.

Segja má að Skanssvæðið sé heill heimur í fingurbjörg.

Hér erum við og horfum til baka og um leið til framtíðar. Sjávarútvegur er og verður burðarstoðin í atvinnulífi Eyjamanna ásamt margvíslegri þjónustu. Bættar samgöngur á sjó við Vestmannaeyja verður lykilatriði til framtíðar.

Afmælisnefnd þakkar þeim fjölmörgu einstalingum og fyrirtækjum innanbæjar og utan sem hafa aðstoðað við undirbúning og framkvæmd dagskrár afmælisárins með einum eða öðrum hætti. Jafnframt þökkum við bæjaryfirvöldum og goslokanefnd fyrir samskiptin sem gera það mögulegt að halda upp á þennan merkisatburð í sögu Vestmannaeyjabæjar með þeim hætti sem hann á sannarlega skilið.

Elíza Reid forsetafrú, Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri, Þóra Margrét Baldvinsdóttir ásamt eiginmanni sínum Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra.

Arnar Sigurmundsson í ræðustól á Skanssvæðinu.

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!

MARPORT
DEEP SEA TECHNOLOGY

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!

2þ ehf

Sendum okkar bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða!

Íslyft ehf
Vesturvör 32 - 200 Kópavogur - sími

Sendum okkar bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða!

VÍS

Sendum okkar bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða!

SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

Eyverjar í 90 ár!

ALMA INGÓLFSDÓTTIR
varaformaður Eyverja

Eyverjar, félag ungra sjálfstæðismanna í Vestmannaeyjum, verður 90 ára þann 20. desember næstkomandi. Það er mjög merkilegt að í desember sama ár og Sjálfstæðisflokkurinn sem var stofnaður í maí 1929 skuli hafa verið búið að stofna félag ungra sjálfstæðismanna í Eyjum. Framan af hét félagið einfaldlega "Félag ungra Sjálfstæðismanna í Vestmannaeyjum" en árið 1961 var ákveðið að félagið fengi nafnið "Eyverjar" ásamt því að núverandi merki félagsins var tekið í notkun. Það var mikill samhugur í þessu nýstofnaða félagi, sem reyndar hefur ávallt einkennt starfsemi félagsins. Markmið Eyverja, sem og annarra ungra Sjálfstæðismanna, er að berjast fyrir "víðsýnni framfarastefnu í þjóðfélaginu með hagsmuni allra stétta að leiðarljósi" eins og segir í lögum félagsins. Með stuðningi Sjálfstæðisflokksins hafa Eyverjar reynt eftir bestu getu að koma þeim sjónarmiðum á framfæri. Eyverjar hafa alla tíð unnið vel með öðrum Sjálfstæðisfélögum í Vestmannaeyjum, og ætíð hefur yngri meðlimum flokksins verið treyst til ábyrgðastarfa. Til að mynda hafa Eyverjar nær alltaf fólk á framboðslista í bæjarstjórnarkosningum, sem og í ráðum og nefndum fyrir hönd félagsins. Fyrir síðustu bæjarstjórnarkosningar voru meira en helmingur frambjóðenda á lista Sjálfstæðisflokksins á Eyverja aldri. Fyrsti formaður félagsins var Páll Eyjólfsson, en frá stofnun hafa 47 einstaklingar gengt formannsembætti.

Myndir úr starfi Eyverja á síðustu árum.

Starfsemin

Eyverjar hafa alltaf lagt mikið upp úr miklu félagsstarfi. Hér áður fyrr var venja að halda svokallaða Vorhátíð Eyverja, þar sem settur var upp nokkurskonar kabarett á hvítasunnukvöld og síðan var dansleikur langt fram eftir nóttu, en þessi hefð lagðist niður fyrir um 30 árum eða svo.

Á þrettándanum hafa Eyverjar haldið grímudansleiki í mörg ár. Upphaflega bæði fyrir fullorðna og börn, en í dag eru þeir eingöngu fyrir börn og er óhætt að segja að dansleikurinn sé ómissandi hefð ár hvert. Það er einstaklega gaman að sjá metnaðinn sem börn og foreldrar leggja í búningana og gleðina sem á sér stað á ballinu. Engin breyting er þar á núna og kemur ballið til með að vera haldið á komandi þrettándahátíð.

Ásgarður, núverandi félagsheimili Sjálfstæðisfélaganna í Vestmannaeyjum, er fjórða aðsetur félaganna. Fyrsta aðstaðan var í Samkomuhúsinu, en upp úr 1960 var ákveðið að kaupa húseignina Helgafell og gera þar upp félagsheimili. Opnunarhátíð félagsheimilisins í Helgarfelli var síðan haldin tveimur árum síðar. Félagsheimilið var oft á tíðum kallað "Betlehem" vegna þess að félagsmenn leituðu mikið í stuðning hjá fyrirtækjum og einstaklingum bæjarins þegar lagfæringar á húsinu áttu sér stað. Árið 1968 var síðan ákveðið á félagsfundi að kaupa eignina Vík sem stóð við Bárustíg. Stóð til að gera húsið upp og breyta því í félagsheimili, en það kom aldrei til þeirra breytinga vegna fjárskorts og var húsið selt nokkru síðar. Árið 1974 var lokið við að innrétta nýja félagsaðstöðu í vesturhluta nýbyggingar Samkomuhússins. Salurinn sem var ekki stór var jafnan kallaður Eyverjasalurinn og hafði gríðarlega góð áhrif á félagsstarfið. Nokkrum árum síðar var kjallarinn undir salnum þar fenginn líka og hann innréttaður sem leiktækjasalur. Samkomuhúsið var selt 1987 og árið 1989 festu Sjálfstæðisfélögin í Vestmannaeyjum kaup á jarðhæð og hluta kjallara Heimagötu 35-37, sínu framtíðarhúsnæði.

Árið 1982 var stofnaður Ferðaklúbbur Eyverja, sem á þeim tíma var nokkuð öflugur. Farið var í eftirminnilega ferð til Englands árið 1982, ásamt styttri ferðum um landið, til að mynda í heimsókn á Keflavíkur flugvöll og skemmtiferð um Suðurland. Fyrr á árum var einnig farið í margar ferðir um landið en fyrsta ferðin upp á land var árið 1932, þá var farið með m.b Skógarfossi til Stokkseyrar sem þótti mikið ferðalag á þeim tíma. Síðasta ferðin sem ferðaklúbbur félagsins stóð fyrir var heimsókn nokkra Eyverja til Færeyja árið 2003 þar sem ferðalangar kynntu sér jarðgangagerð í Færeyjum ásamt sögu og menningu eyjaskeggja.

Árið 1938 kom fyrst út málgagn Eyverja, Stofnar og var Loftur Guðmundsson kennari fyrsti ritstjóri þess. Næst kom það út tæpum 30 árum síðar, en útgáfustarfsemi hefur verið sterkur þáttur í starfi Eyverja frá þeim tíma. Tölublaðið kemur út 1-2 á ári. Einnig gaf félagið út símaskrá fyrir Vestmannaeyjar í mörg ár. Fyrsta útgáfan var árið 1978. Ákveðið var að hafa auglýsingar, söguágrip sem og upplýsingar um helstu stofnanir bæjarins í þessu riti. Það gekk þó ekki áfallalaust fyrir sig til þess að byrja með þar sem Póstur & sími höfðu einkaleyfi á útgáfu símaskrár, var þá í kjölfarið ákveðið að nefna útgáfuna Upplýsingarit Vestmannaeyja. Póstur & sími kærði útgáfuna með þeim afleiðingum að þáverandi formaður félagsins Sigurður Örn Karlsson var handtekinn, en skráin kom þó út eftir mikið laumuspil í kringum það. Nokkur ár eru síðan að hætt var að gefa út Upplýsingaritið og má segja að tæknibylting og netið hafi skipt þar mestu.

> *Það er því ekki hægt að ætla annað en framtíð Eyverja sé björt og vonandi að næstu 90 ár verði jafn gæfurík og hin fyrri 90! Gjör rétt, þol ei órétt.*

Síðustu ár hafa Eyverjar reynt að halda uppi góðu félagslífi fyrir ungmenni Vestmannaeyja. Félagið reynir að hafa nokkra viðburði ár hvert, eins og til dæmis spurningakeppnir, golfmót, uppistand og hin ýmsu skemmtikvöld við góðar undirtektir.

Mikilvægi ungliðastarfs

Í stjórn eins og Eyverjum koma saman ólíkir einstaklingar með ólík sjónarmið. Það er bæði þroskandi og gefandi að taka umræðu um málefni og komast að góðri sameiginlegri niðurstöðu. Það er mikilvægt að raddir ungs fólks fái að heyrast og Sjálfstæðisflokkurinn hefur sýnt það að hann hlustar á ungt fólk og hann treystir ungu fólki. Eyverjar hafa verið í góðu samstarfi við bæjarfulltrúa flokksins og komið þar sjónarmiðum sínum á framfæri og það sama á við um þingmenn sem hafa sýnt áhuga á starfi félagsins og má þar helst nefna Áslaugu Örnu Sigurbjörnsdóttur og Vilhjálm Árnason.

Framtíðin

Það er ljóst að erfiðara og erfiðara er að fá einstaklinga til þess að taka þátt í sjálfboðaliða starfi og þar er þátttaka í stjórnmálasamtökum ekki undanskilin. Hins vegar ríkir mikil gleði og mikill einhugur í Eyverjum og auðvelt hefur verið að finna einstaklinga til þess að gegna þar trúnaðarstörfum. Það er því ekki hægt að ætla annað en framtíð Eyverja sé björt og vonandi að næstu 90 ár verði jafn gæfurík og hin fyrri 90! Gjör rétt, þol ei órétt.

Hvað ræður för?

EYÞÓR HARÐARSON

Mér hefur oft verið hugsað til atviks eða öllu heldur atburðarrásar sem gerðist fyrir mörgum árum. Þessi atburðarrás varð til þess að ákveðin niðurstaða varð á því hvort ég gæti stundað nám í Þýskalandi eða ekki.

Til að skýra þetta nánar þá hóf ég nám í Tækniskóla Íslands 1989 sem var í 2 ár. Þetta var undirbúningsnám fyrir háskóla. Þegar því var lokið þá ákvað ég um sumarið 1991 að stunda háskólanám í rafmagnstæknifræði í Þýskalandi eða nánar tiltekið í Lübeck sem er um 65 km NA við Hamborg. Það sem réði þeirri ákvörðun minni var að tveir af mínum góðu vinum höfðu menntað sig í Þýskalandi og líkaði vel, og svo var einnig möguleiki fyrir mig að vinna í höfuðstöðvum Baader Maschinenbau í Lübeck í 5 mánuði áður en ég hóf nám í Tækniháskólanum í Lübeck.

Í byrjun var planið þannig hjá fjölskyldunni að ég færi fyrst út og myndi byrja að vinna og fá bráðabirgðahúsnæði með hjálp Baader. Síðan færi ég strax í það að leita að leiguhúsnæði, og þegar því væri lokið, þá kæmi frúin út með börnin okkar tvö. Sjálft námið átti ekki að byrja fyrr en í febrúar 1992 og taldi ég mig hafa nægan tíma til að finna húsnæði. Þegar ég kom til Þýskalands í lok ágúst 1991, þá var það fyrsta sem ég las í dagblaðinu í Lübeck að það vantaði 5400 íbúðir á svæðið. Eftirspurnin eftir húsnæði varð gríðarleg eftir sameiningu V-Þýskalands við A-Þýskaland árið 1989 og var mikill straumur fólks yfir til vesturs.

Ég lét þetta ekki á mig fá og byrjaði með hjálp eins Íslendings sem bjó á svæðinu að skoða sunnudags-Lübeckarblaðið, en það voru einu dagarnir sem íbúðir voru að einhverju magni auglýstar til leigu. Þetta er um miðjan september sem ég er að byrja í þessari leit, og er skemmst frá því að segja að í hverri viku skoðaði ég 2-3 íbúðir og lenti í því að vera einn af fáum sem kom til greina sem leigjandi, en alltaf kom á endanum í ljós að einhver annar fékk íbúðina með tilheyrandi afsökunum að þetta var erfitt val osfr. Þegar svona hafði gengið í 2 mánuði, eða fram í miðjan nóvember, þá var ég nú farin að efast um að ég hafi verið að gera rétt með þessari Þýskalandsför minni. Þeir skólafélagar mínir sem fóru til Danmerkur um haustið voru allir komnir með fínar íbúðir og búið að gera allt klárt gagnvart félagslega kerfinu, þannig að maður heyrði ekkert annað en hve allt væri dásamlegt þar. Ég í einhverri tómri þvælu þarna í Lübeck þar sem leiguverð væri á uppleið eða nánast tvöfaldast á síðustu 2 árum og ég að leita að íbúð, með konu og börn heima á Íslandi í algjörri óvissu. Á þessum tímapunkti var ég byrjaður að hugsa það hvort ég þyrfti ekki að gefa frá mér þennan draum að mennta mig í Þýskalandi og undirbúa byrjun á námi í Danmörku strax eftir áramótin.

Kemur þá að þessum örlagaríka degi um miðjan nóvember. Þetta var laugardagur og var því frí hjá mér í vinnunni hjá Baader. Húsnæðið sem ég var með á vegum Baader var í miðborg Lübeck í svokölluðu „Ganghaus“, en það var lítið ca. 55m2 3.hæða hús og samfast við raðhúsarlengju með 10 svipuðum húsum. Ganghaus eru þessi hús sem gengið er inní gegnum göng frá götunni og inní bakgarð þar sem þessi gangur er fyrir öll þessi hús. Ég var í fyrsta húsinu á þessum gangi.

Þessi morgun gekk fyrir sig svipað og allur annar frítími, þ.e. setið yfir þýskri málfræði og kassettukúrsum, því metnaðurinn var mikill í því að ná þýskuprófi sem ég þurfti að taka til að komast inní skólann. Um hádegisbilið ákvað ég að fríska eitthvað uppá kallinn og fara í sturtu og þegar því var lokið þá er ég þarna í herberginu á annari hæðinni. Af einhverri ástæðu datt mér í hug að opna gluggann í herberginu og lofta út. Það gerði ég að jafnaði ekki á þessum tíma. En þegar ég opna gluggann, sem sneri út á ganginn meðfram húsunum, þá ganga fram hjá húsinu 2 gamlar konur. Ég lít á þær og bíð góðan daginn. Þær buðu góðan daginn líka og byrjaði eitthvað spjall út frá því. Ég hafði aldrei séð þessar konur þarna í nágrenninu, og kom það í ljós að þær voru að koma til Lübeck bara þennan laugardag til að kíkja á íbúð innar í ganginum sem vinur þeirra átti, eða nánar tiltekið hús númer 10 næst innst í þessum gangi. Þetta var nýuppgert hús sem hafði um 400 ára gamla sögu og var friðað eins og flest öll hús í miðborginni í Lübeck. Í spjalli okkar sagði ég þeim frá því sem ég væri að glíma við og væri búin að vera að leita að íbúð síðan í september. Þeim fannst þetta alveg ómöguleg staða og sögðust ætla að athuga hvort ég gæti fengið þessa íbúð innar í ganginum sem þær voru að skoða. Þær gáfu mér upp símanúmer hjá sér og átti ég að hringja í þær næsta dag og var framhaldið þannig að ég fékk þessa íbúð leigða um 2 vikum síðar. Konan og börnin gátu því undirbúið brottför frá Íslandi og haldið til Þýskalands. Þar bjuggum við síðan í 4 ár í þessu húsi og líkaði ákaflega vel við land og þjóð.

Það sem ég hef oft velt fyrir mér í huganum er þessi laugardagsmorgun. Tímasetningin á því að hafa stigið uppúr þýskuæfingum og farið í sturtu og haft mig sæmilega til, opnað gluggann á nákvæmlega sama tíma og 2 gamlar konur ganga framhjá húsinu sem eru með lausn á íbúðarvanda mínum. Ég hef oft spurt mig hvernig háskólanám mitt, eða öllu heldur líf mitt og fjölskyldu minnar hefði þróast ef ég hefði ekki opnað gluggann þennan morguninn ?



Steinholt - Horfinn heimur

BIRGIR ÞÓR BALDVINSSON

Brattar trétröppur leiða vegfarendur af horni Kirkjuvegar og Miðstrætis upp á hraunjaðarinn frá Heimaeyjargosinu 1973. Þegar þangað er komið, blasir við hluti af gamla miðbænum, kunnugleg kennileiti þeim sem til þekkja: „Nýbyggingin" á horninu, Londonderry, fyrir framan húsið London og Hóll þar fyrir vestan við Miðstrætið. Sunnar við Kirkjuveg er bókabúð Þorsteins Johnson með „tómarúm", þar sem Gróa átti heima, Vogsabakarí sunnar og Gamli spítalinn ofar. Gegnt bakaríinu er Grafarholt, mikið breytt, og húsaröðin að Brynjólfsbúð við horn Vestmannabrautar er eins og hún var.

Sennilega elsta mynd, sem til er af Steinholti, frá 1908, tekin neðst og nyrst á Kirkjuveginum í suður. Húsið er lengst til hægri, innan um skúra og hjalla, og aðeins sést grilla í þak Byggðarholts með reykháfi. Vinstra megin á myndinni er Dalbær, sem enn stendur, nú á horni Fífilgötu og Vestmannabrautar.

Ef litið er frá þessum sjónarhóli niður og norður Kirkjuveginn, er allt breytt. Gamla rafstöðin horfin, Framtíðin hans Tomma sömuleiðis, Bjarmi, Njarðarstígurinn og allt það umhverfi. Og undir fótum eru leifarnar af húsunum neðst við Kirkjuveginn. Mörgum metrum undir hraungrjóti er fæðingarstaður greinarhöfundar, Steinholt, sem stóð við Kirkjuveg 9A norðan við Borgarhól. Steinholt var 20. aldar hús, heimili fjölskyldna og einstaklinga, sem þar lifðu, mann fram af manni, langt fram eftir öldinni. Í rúma hálfa öld stóð þetta hús við Kirkjuveginn í samfélagi, sem tók meiri stakkaskiptum en nokkru sinni áður.

Ný öld

Steinholt var byggt í upphafi nýrrar aldar, árið 1906, þegar miklar breytingar voru hafnar eða í aðsigi í Eyjum. Íbúum fjölgaði ört samfara miklum umskiptum í atvinnuháttum. Árabátaútgerð, sem stunduð hafði verið í 1000 ár frá því að Eyjarnar byggðust, var nánast útrýmt á einni vertíð frá og með árinu 1907. Rétt fyrir aldamót höfðu Eyjamenn einnig endurheimt þekkingu sína á línuveiðum, sem voru miklar framfarir frá handfæradrætti. Vélaraflið og öflugri veiðarfæri urðu til þess að afli stórjókst, og velmegun og framfarir tóku við af kyrrstöðu fyrri alda. Bjartsýni og eldmóður einkenndi nú þetta litla samfélag sem aldrei fyrr.

Bygging nýrra húsa var ein birtingarmynd aukinnar velsældar í Eyjum. Mörg hús neðst við Kirkjuveg voru einmitt byggð á þessum fyrstu árum vélbátaútgerðar: Byggðarholt 1907, Grafarholt 1908, Dagsbrún 1911, Borgarhóll 1916 og Steinholt 1906. Þrjú kennd við holt, og það síðastnefnda byggt af Kristmanni Agnari Þorkelssyni.

Frumbyggjarnir

Kristmann var fæddur á Seyðisfirði 1883, en fluttist til Eyja frá Reykjavík árið 1904, nítján ára gamall. Hann fékkst við ýmislegt á árum sínum í Eyjum, s.s. verslunarstörf, vann m.a. hjá Brydeverslun og í Ísfélaginu (Kristmann í Ísfélaginu), var yfirfiskimatsmaður og bæjargjaldkeri um skeið, útgerðarmaður og ýmislegt fleira. Lét hann m.a. byggja bátinn Sigríði í Hafnarfirði 1920 í félagi með tveimur öðrum útgerðarmönnum og gerði hann út ásamt fleiri bátum. Kristmann var í félagi útgerðarmanna og einnig í bindindishreyfingunni.

Ári eftir komuna til Vestmannaeyja kvæntist Kristmann Eyjastúlkunni Jónínu Jónsdóttur frá Garðsstöðum við Sjómannasund. Jónína var tveimur árum yngri en Kristmann, fædd árið 1885 í Mandal við Njarðarstíg. Hjónin ungu voru stórhuga því þau réðust í húsbyggingu ári síðar og stórt, háreist hús reis upp úr holtinu. Þau fluttu inn, rétt rúmlega tvítug að aldri.

Hús og híbýli

Í fasteignaskrá frá 1918 er Steinholt skilgreint sem þurrabúð, en svo var nefnt búskaparform sjómanna eða daglaunamanna við sjávarsíðuna, sem hvorki voru sjálfstæðir né vistráðnir bændur og höfðu ekki afnot af jörð eða héldu húsdýr.

Kjallarinn var úr steinsteypu, „til íbúðar og geymslu", en húsið var að öðru leyti úr timbri, klætt bárujárni. Þessi byggingarmáti var einkennandi í Eyjum eftir aldamótin 1900. Steinholt var 8.30 m að lengd, 7 m að breidd og 9.10 m á hæð, skilgreint sem ein íbúð, með 11 herbergjum auk kjallara, 5 ofnum, tveimur eldavélum og raflýst. Gengið var inn í fordyri á austurhlið og á norðurgafli. Lóðin umhverfis húsið var 1278, fermetrar, girt með timbri og vír og heyhlaða og fjós að austanverðu, 6.30 x 2.85 x 3.25 m.

Kjallarinn á húsinu var tvískiptur, austurhlutinn, sem sneri að bakgarðinum og vesturparturinn að Kirkjuveginum. Í austurhlutanum var þvottahús og kolageymsla, en tröppur niður að tveimur herbergjum í til beggja handa í vesturhluta.

Hægt var ganga inn í Steinholt upp tröppur á norðurgafli og upp aðrar inn í fordyri sunnan og austanmegin. Þegar gengið var inn í það fordyri, var gangur til vinstri með þremur dyrum, að herbergi til vinstri í átt að Borgarhól, öðrum beint á móti inn í stofu gegnt Rafstöðinni og þeim þriðju, til hægri inn í eldhús. Í fordyrinu var stigi upp á efri hæð, risið, en þar voru herbergi auk stiga upp á háaloft.

Fjölskylda Kristmanns og Jónínu

Hjónaband þeirra Kristmanns og Jónínu reyndist frjósamt og gjöfult því fyrsta barnið, Ingibergur Sigurjón (Ingi), fæddist 1905 (d.1974), og svo komu börnin hvert af öðru fædd í Steinholti, Rósa 1908 (d.1908), Júlíana Kristín 1910 (d.1990), Karl 1911 (Kalli, d.1958), Magnea Þórey 1915 (d.1955), Huld 1917(d. 2010), Alexander 1919 (d.1956), Sigurveig Þóra 1921 (d.1997) og loks Ágúst 1922 (d.1928). Börnin urðu því 9 samtals á 17 árum. Ættgarðurinn í Eyjum var þá þegar orðinn allstór, en 4 systkin húsbóndans áttu þar heimili á þessum árum í lengri eða skemmri tíma auk fjölskyldu húsfreyjunnar.

Hjónin í Steinholti sáu lífið dafna í barnaskara sínum þau 27 ár, sem þau héldu þar heimili. Þau upplifðu einnig nálægð dauðans, þegar þau misstu næstelsta barn sitt, Rósu, á fyrsta ári 1908 og yngsta barnið, Ágúst 1928. Síðar á ævinni létust 3 barna þeirra á árunum 1955-1958, og átti Kristmann eftir að standa yfir gröfum þeirra allra og eiginkonu sinnar einnig á sama árabili. Líf og dauði tókust því á í þessari fjölskyldu, sem og í því samfélagi, er hún var hluti af. Á árabilinu 1908- 1930 fórust t.a.m. 28 vélbátar gerðir út frá Eyjum og með þeim 120 menn. Kristmann missti sjálfur 2 báta, sem hann átti hlut í á þessu tímabili, Ceres sem fórst með 4 mönnum 2. mars 1920, og Sigríði, sem rak upp í Ofanleitishamra 13. febrúar 1929 og mölbrotnaði. Einum skipverja tókst að klífa upp hamarinn svo sem frægt var, Jóni Vigfússyni, og var hann sæmdur orðu úr hetjusjóði Carnegies fyrir afrek sitt.

Lífskrafturinn var þó ráðandi í Vestmannaeyjum, sem m.a. birtist í ört vaxandi sókn fólks þangað að leita sér lífsviðurværis. Þegar fjölskyldan flutti inn í Steinholt 1906 bjuggu 700 manns í Eyjum, en tæplega þremur áratugum síðar, árið 1933, voru íbúarnir orðnir 3462. Íbúafjöldinn hafði því fimmfaldast á þessu árabili, en þá um haustið flutti fjölskyldan sig um set, kvaddi Eyjarnar og settist að í höfuðstaðnum.

Fjölskylda Kristmanns og Jónínu upplifði miklar samfélagsbreytingar í Eyjum með þróun sjávarútvegsins, aukinni vélvæðingu og framþróun hans og uppgangi. Sjávarafli stórjókst á þessum árum með vaxandi velmegun íbúanna og miklum framkvæmdum á öllum sviðum. Húsbóndinn í Steinholti tók af krafti þátt í þessu atorkumikla samfélagi, varð um-

Fjölskylda Kristmanns og Jónínu, fyrstu ábúendur í Steinholti frá 1906- 1933. Foreldrarnir sitja fremst, en börnin eru frá vinstri: Sigurveig Þóra, Alexander, Magnea Þórey, Karl, Júlíana Kristín, Huld, Ingibergur Sigurjón.

svifamikill og kom víða við. Auk hússins eignaðist hann hlut í bátum, og samkvæmt fasteignaskrá frá 1918 átti hann rúmlega 60 rúmmetra fiskhús í Skipasandi, 284 fermetra þerrireit við Uppsali og u.þ.b. tveggja dagsláttu tún í ræktun í Dalaheiði.

Heimilishald í Steinholti hefur eflaust endurspeglað umfang húsbóndans og breytingarnar í samfélaginu. Væntanlega hefur verið nóg að bíta og brenna, húsnæðið var rúmgott, rafmagn og vatn, 2 eldavélar og hitað upp með kolum. Heimilistæki önnur hafa þó verið fá þar eð rafmagnstæki höfðu ekki enn hafið innreið sína inn á heimili í Eyjum. E.t.v. var þó komið útvarp á Steinholtsheimilið seinustu árin fyrir flutning, en ríkisútvarpið hóf göngu sína 1930. Á lóðinni var svo fjósið með mjólkandi kú og ilmandi hey í hlöðunni.

Steinholtssystkinin hafa alist upp í nálægð við atvinnulífið, stutt var niður í Skipasand í fiskhús föður þeirra, þar sem fiskurinn af báti og bátum hans var verkaður. Á sumrin hafa þau væntanlega hjálpað til á þerrireitnum við Uppsali og víðar, breitt út saltfisk, staflað honum og umstaflað, en slík verk voru fyrst og fremst á herðum eldra fólks, kvenna og barna. Á sólríkum sumardögum var Heimaey þakin snjóhvítum saltfisksbreiðum langt upp frá sjávarsíðunni.

Fleira fólk og fyrirtæki

Þótt fjölskylda Kristmanns og Jónínu stækkaði ört, var Steinholt stórt og mikið hús, þar sem vítt var til veggja og hæðir tvær auk kjallara. Því var hægt að koma fyrir leigjendum til lengri eða skemmri tíma. Kristmann var útgerðarmaður, en altítt var, að sú stétt manna skyti skjólshúsi yfir bátsverja sína, sem sóttu sjóinn á báti eða bátum viðkomandi. Voru þeir gjarnan ráðnir upp á gistingu og kost, svo oft hefur verið mannmargt í Steinholti. Þá mun húsfreyjan einnig hafa verið með kostgangara, þ.e. vertíðarfólk sem eingöngu var hjá henni í fæði.

Friðbjörn (1885-1957) og Eirikka Guðrún (1888-1970), systkin húsbóndans, höfðu flutt til Eyja í kjölfar hans og fengu inni hjá bróður sínum í hinu nýja, glæsilega húsi, sem hann hafði látið byggja. Voru þau titluð sem vinnufólk á heimilinu fyrstu árin. Sambýliskona Friðbjörns var Valdimara Ingibjörg Hjálmarsdóttir (1886-1969), en þeim fæddist sonur í húsinu árið 1908, Óskar (1908-1992), en annan son, Alexander Samson (1907-1907), misstu þau árið áður. Þessi fjölskylda átti eftir að eiga heima á ýmsum stöðum í Eyjum, síðast á Herjólfsgötu 12A árið 1930. Fleiri úr fjölskyldu húsbóndans í Steinholti fengu inn í húsinu, s.s. móðir hans, Sigurveig Samsonardóttir (1854-1930).

Barnsfæðingar voru tíðar í Steinholti á þessum fyrstu áratugum hússins. Auk húsfreyjunnar, sem fæddi og missti einnig barn, eignuðust hjónin Ingibjörg Þorsteinsdóttir (1883-1949) og Þorsteinn Hafliðason (1879-1965), son árið 1910, Bjarna Eyþór (1910-1946). Bjuggu þau þá í húsinu með 2 önnur börn sín og móður Ingibjargar, Agnesi Hannesdóttur (1850-1927). Þorsteinn stundaði bæði skósmíðar og sjómennsku í Eyjum, en fjölskyldan bjó víða í bænum áður en hún flutti á brott árið 1946. Lærlingur Þorsteins, Sigurður Jónsson (1888-1916), stundaði einnig um tíma skósmíðar í Steinholti.

Fólk kom í Steinholt og fór þaðan á áratugum fjölskyldu Kristmanns og Jónínu í húsinu án þess að það þætti meira fréttnæmt en flutningar annars fólks milli húsa eða til og frá Eyjum. Þó kom fyrir, að bæjarblöðin festu á prent heimsóknir í húsið, reyndar löngu eftir að þeim var lokið. Þórarinn Kristjánsson

Gamli Kirkjuvegurinn, neðsti hlutinn, eins og hann leit út á dögum Kristmanns og fjölskyldu hans, Borgarhóll til hægri og síðan Steinholt gegnt Rafstöðinni.

(1886-1943), verkfræðingur, síðar hafnarstjóri í Reykjavík, fékk t.a.m. að halla höfði sínu undir þaki Steinholts, en hann dvaldi sumarlangt árið 1914 í Eyjum í tengslum við gerð hafnarinnar. Dvöl Þórarins í húsinu ratаði inn á síður Eyjablaðsins Fylkis áratugum síðar, en þar var birtur gamanbragur um hann, þar sem sama setningin var margendurtekin: ... „Svalt er hjá Kristmanni á kvöldin". Væntanlega er höfundur að tengja starf Kristmanns í Íshúsinu við dvöl Þórarins á heimilinu?

En fleiri gistu í Steinholti en einstaklingar og fjölskyldur. Nú voru fyrirtæki í bænum farin að líta hýru auga til hússins. 30. október 1919 kom fyrsta útibú Íslandsbanka í Vestmannaeyjum sér fyrir í kjallaraherbergjunum í Steinholti, sem sneru að Kirkjuveginum. Neðsti hluti vegarins lá á þessum tíma á milli hússins og Rafstöðvarinnar og bankinn því í alfaraleið. Síðar var vegurinn færður vestur fyrir Rafstöðina. Útibú Íslandsbanka flutti seinna í húsið Tungu, Heimagötu 4, og þaðan að Heimagötu 1.

Úr peningaviðskiptum og geymslu fjármuna hýsti Steinholt næst viðgerðir á skófatnaði auk heimilisrekstursins. Árið 1926 birtust í Eyjablaðinu tilkynningar frá Eyjólfi Eyjólfssyni (1902-1966), þar sem hann auglýsti „Bestar og ódýrastar skóviðgerðir" og staðsetti þær í Steinholti, trúlega í fyrrverandi peningahirslum kjallarans! Eyjólfur lauk skósmíðanámi hjá Sófusi Guðmundssyni í Eyjum, en hann var fæddur í Ölfusi og bjó í 8 ár i Vestmannaeyjum. Hann hafði fengið beinbólgu ungur að aldri, sem leiddi til fötlunar á fæti. Eyjólfur rak verkstæði sitt a.m.k. í 4 ár í Steinholti, en í september 1930 tilkynnti hann viðskiptavinum sínum í Eyjablaðinu Víði, að hann muni „leggja niður vinnustofu" sína. Flutti hann sama ár til Reykjavíkur og keypti skósmíðaverkstæði í höfuðborginni að Týsgötu 7.

Á meðan fyrirtæki voru að koma sér fyrir í Steinholti hélt fjölskyldulíf áfram að blómstra þar. Ágústu Hansínu Petersen Forberg (1905-1987) og Ólafi Magnússyni (1903-1930), ritstjóra Víðis, fæddist sonur, Ólafur (1928-1984), í húsinu, en fyrir var annar sonur, Magnús (1926-1990). Hjónin fluttust skömmu síðar til Reykjavíkur vegna þess að Ólafur eldri veiktist af berklum. Þá eignaðist elsta dóttir Steinholtshjóna, Júlíana Kristín, tvær dætur, Jónínu Kristínu (1930) og Magneu Kristólínu (1932-1998) á tveggja ára bili með eiginmanni sínum, Kristjáni Magnússyni (1909-1979). Fjölskyldan flutti til Reykjavíkur 1934.

Verslun með peninga og skófatnað hafði ratað undir þak Steinholts á öðrum og þriðja áratugnum, og enn bættist við fyrirtæki, sem fékk inni í húsinu á þeim fjórða. Um áramótin 1934/ 1935 birtist auglýsing í Víði frá Verslun Gunnl. Loftsson, þar sem í boði voru appelsínur: „15 stykki fr. 2 krónur". Þessi verslun hafði verið til í Eyjum a.m.k. frá 1928, en auglýsti hvorki fyrr né síðar vörur sínar frá Steinholti.

Sigríður Þorgilsdóttir og Ingi Kristmanns, húsbændur í Steinholti á fjórða áratugnum.

Mikil umsvif höfðu verið hjá Kristmanni Þorkelssyni þá áratugi, sem hann hafði búið í Eyjum. Heimilislífið hafði blómstrað sem og hagur fjölskyldunnar. Óveðurský voru þó skammt undan. Frá 1930 var kreppan mikla skollin á með öllum sínum þunga, fiskafurðir hríðféllu í verði, og margir útgerðarmenn urðu að láta í minni pokann fyrir henni. Ekki er ólíklegt að versnandi lífsafkoma hafi m.a. valdið því að hjónin, Kristmann og Jónína, ákváðu að kveðja samfélagið í Eyjum, sem hafði fram að því reynst fjölskyldunni svo gjöfult. Hjónin fluttu til Reykjavíkur, en Kristmann stundaði þar m.a. útgerð í Sandgerði og síðar verslunarstörf í Edinborg. Hann lifði konu sína, sem dó árið 1957, og lést 1972. Börnin settust öll nema eitt að á fastalandinu og áttu ekki afturkvæmt á bernskuslóðir nema sem gestir.

Kristmennska

Kristmann í Steinholti var m.a. starfsmaður Ísfélagsins í Eyjum og var þekktur sem slíkur„Kristmann í Íshúsinu". Hann lagði gjörva hönd á margt, sem hefur glatast í tímans rás. Tjáningarmáti hans hefur þó varðveist, orðið nokkurs konar arfleið Kristmanns, sögur um mismæli og glettni, sem enn eru jafnvel til í minni elstu, núlifandi kynslóðar Eyjamanna. Eftirfarandi sögur voru hafðar um Kristmann frá sonarsyni hans og birtust í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni„Kristmennska".

Eitt sinn kom skip til Eyja með vörur til Ísfélagsins. Um það leyti, sem uppskipun átti að hefjast, fór rafmagnið. Kristmann snaraðist þá í símann og hringdi í rafveituna og mælti: „Þetta er Ísmann í Kristhúsinu. Það er komið skip með ol og kolíu og ekkert hægt að gera fyrir dimmuleysi".

Annað tilvik segir frá því, er Kristmann þurfti að koma boðum til undirmanns síns um að fara með hestinn og skola hann að innan og setja hestvagninn á beit!

Kristmannsbræður

Steinholt var áfram í eigu fjölskyldu Kristmanns og Jónínu eftir flutning þeirra úr Eyjum haustið 1933. Elsti sonur hjónanna, Ingi, hafði kvænst Sigríði Þorgilsdóttur (1904-1991) árið 1929 og flutti fljótlega inn með konu sinni. Þar bjuggu þau a.m.k. til ársins 1941, en Ingi starfaði m.a. sem bankagjaldkeri. Fjölskylda Inga og Sigríðar hélt síðar til Reykjavíkur með viðkomu í Knarrahöfn, Fífilgötu 8. Ungu hjónin eignuðust 3 börn í Eyjum, sem öll fæddust í Steinholti: Kristján Ágúst (1931-2017), Jónínu Þóru (1934) og Unni Dóru (1934). Þær systur fluttust báðar síðar til Bandaríkjanna.

Eitt barna þeirra Kristmanns og Jónínu, Karl, festi rætur til framtíðar í Eyjum. Kalli Kriss bjó í Steinholti með eldri bróður sínum og hans fjölskyldu á meðan þeirra naut við. Hann hóf snemma verslunarrekstur, sem hann byggði á verslunarleyfi móður sinnar frá 1931. Kalli var óragur við að láta reyna á nýjar hugmyndir í rekstrinum og seldi m.a. kaffi, Fellskaffi, sem hann brenndi sjálfur í útihúsi við Steinholt. Þá vafðist ekki fyrir honum að leita sér frekari menntunar og þekkingar í verslunarfræðum, er hann hélt í því skyni utan til Þýskalands seint á fjórða áratugnum. Kom hann aftur heim til Eyja reynslunni ríkari rétt fyrir stríð. Kalli gerðist umboðsmaður fyrir ýmis fyrirtæki á staðnum, s.s. Flugfélag Íslands, sem var með skrifstofu í fyrrnefndu útihúsi. Þá var hann einnig þar með verslun.

Steinholt stóð fyrir austan Kirkjuveginn, en við stækkun Rafstöðvarinnar árið1934 var verulega þrengt að húsinu. Myndaðist því mjótt sund á þessum hluta vegarins með háum húsgöflum Rafstöðvarinnar á annan veginn og Steinholts til hins. Gátu bæjarbúar gengið Kirkjuveginn alveg við vesturhlið hússins að verslun/ skrifstofu Kalla Kris, en aðeins voru nokkrir faðmar yfir að austurgafli Rafstöðvarinnar hinum megin, þar sem þrengst var.

Kalli drukknaði í höfninni árið 1958 aðeins 47 ára gamall. Á meðal barna hans er Kristmann (1945), kunnur borgari í Eyjum, en hann hélt áfram verslunarrekstri föður síns samkvæmt verslunarleyfi ömmu sinnar og byggði upp öflugt heildsölufyrirtæki, sem enn er starfandi.

Gestir og gangandi

Gestagangur hjá þeim Kristmannsbræðrum var allnokkur eftir að þeir tóku við búsforráðum í Steinholti eftir flutning foreldra þeirra og yngri systkina til Reykjavíkur. Væntanlega hafa herbergin á loftinu sem og í kjallara staðið ferðalöngum milli húsa í bænum til boða og einnig meginlandsbúum, sem freistuðu gæfunnar í Eyjum. Að venju stöldruðu gestir mislengi við, einstaklingar og fjölskyldur.

Lúðvík Jónsson (1904-1983) bakari var heimamaður, oft kenndur við Haga, Heimagötu 11 í Eyjum, fékk leigt hjá þeim bræðrum um tíma ásamt konu sinni, Lovísu Guðrúnu Þórðardóttur (1901-1993) og tveimur dætrum, Ástu (1930-2012)

Húsmæður!

salan á FELLS-KAFFI fer nú stöðugt vaxandi með degi hverjum og sýnir það best hversu vel það reynist.

FELLS·KAFFI er:

1. brent í fullkomnum coksbrennara sem knúinn er af rafmótor og verður því kaffið altaf jafnbrent.
2. síðan kælt og alt hismið og óhreinindin hreinsað úr því.
3. þá malað í rafknúinni kvörn, sem skilar því vel möluðu.

Húsmæður!

Þér sem ekki enn hafið reynt FELLS-KAFFI reynið það strax í dag og þér verðið ekki fyrir vonbrigðum því FELLS-KAFFI er MEÐ RÉTTU nýbrent og malað.

Virðingarfylst.

Kaffibrenslan »Helgafell«

Ákall til húsmæðra í Eyjum! Kalli Kriss auglýsir af mikilli háttvísi kaffibrennslu frá Steinholti í Eyjablaðinu Víði frá 1937 og dregur ekkert undan um gæðin!

Kalli Kriss bjó með fjölskyldu Inga bróður síns í Steinholti og var ungur kominn á kaf í kaupmennsku.

og Sesselju Þóru (1932-2014). Fjölskyldan flutti á Selfoss 1945-46, þar sem Lúðvík var bakari um árabil.

Önnur hjón, Bogi Óskar Sigurðsson (1910-1980) verkamaður og Sigurlaug Auður Eggertsdóttir (1914-2012) auk barnsins Elínar Sigrúnar Jóhannesdóttur (1934), bjuggu í tvö ár hjá þeim bræðrum. Þessi fjölskylda flutti til Innri-Njarðvíkur árið 1941 og þaðan til Reykjavíkur.

Lengst áttu þó heimili sitt í Steinholti á árum bræðranna þau Einar Ólafsson (1910-1967) og Guðrún Sigríður Einarsdóttir (1915-1954), en þau eignuðust tvö börn í húsinu, Gylfa Sævar (1939) og Steinunni (1940). Einar var kenndur við húsið Strönd við Miðstræti 9A, en hann var sjómaður í Eyjum og starfsmaður við Lifrabræðsluna. Dóttirin, Steinunn, flutti ung til Ástralíu, en sneri heim til Eyja þremur áratugum síðar og býr þar enn árið árið 2019.

Steinholt, austurhlið og suðurgafl, tekin á fermingardegi Kidda 1956.

Húsmóðirin á miðhæðinni með krakkaskara í kringum sig og þvott á snúrum. Frá vinstri: Halldór frá Byggðarholti, Ester í Gamla spítalanum, Steinholtsbræður, Kiddi og Balli og loks Dadda í Byggðarholti. Útihús og Hótel Berg í bakgrunni.

Fjölskylda Baldvins og Þórunnar

Baldvin Skæringsson og kona hans Þórunn Elíasdóttir fluttu inn í Steinholt árið 1941. Þau hjón voru aðkomufólk í Eyjum, sem leitað höfðu þangað eins og fjöldi annarra í atvinnuleit á fjórða áratug síðustu aldar. Baldvin var fæddur árið 1915 undir Austur-Eyjafjöllum og hafði um árabil sótt vertíðir til Eyja, fyrst árið 1929, þá 14 ára gamall. Þórunn var fædd í Reykjavík árið 1916 og kom til Eyja á vertíð árið 1936 úr Þykkvabænum, þar sem fjölskylda hennar hafði sest að.

Ungu hjónin hófu sinn búskap víða í bænum, og börnin litu ljós hvert af öðru. Tvö þau elstu, Kristín (Stína, 1936-2003) og Elías (Addi, 1938-2003) fæddust í foreldrahúsum móðurinnar í Þykkvabænum, Baldur Þór (Balli, 1941) á Staðarfelli við Kirkjuveg, en næstu fjögur fæddust öll í Steinholti: Kristinn (Kiddi, 1942), Ragnar Þór (Raggi, 1945), Birgir Þór (Biggi, 1952) og Hrefna (1954). Yngstu synirnir tveir, Gústaf (1957) og Hörður (1961), fæddust svo í sjúkrahúsi bæjarins, en þá var fjölskyldan flutt í nýbyggt hús við Illugagötu 7.

Baldvin og Þórunn voru orðin húseigendur í Vestmannaeyjum eftir nokkurra ára búsetu þar, hann 27 ára gamall og hún árinu yngri. Þóttu kaup þeirra mikið fréttaefni hjá tengdaforeldrum húsbóndans, sem brugðu sér nokkru síðar í heimsókn á þennan stað við suðurströndina, þar sem menn settust að með tóma vasa og eignuðust á fáum árum annað hvort hús eða bát eða hvorttveggja! Stærð hússins reyndist meiri en ímyndunarafl Þykkvabæjarbóndans hafði megnað að búa til, dóttir hans í Eyjum átti sannkallaðan herragarð, margfaldan á við önnur hús afkomenda hans á fastalandinu!

Peyjarnir

Peyjarnir í Steinholti, Addi, Balli, Kiddi og Raggi, voru lengstum í miklum meirihluta á heimilinu. Þrótt- og þrekmiklir Eyjapeyjar. Þeir nutu frelsis eftirstríðskynslóðarinnar og eignuðust meira að segja segulþráð eða segulband, heilmikinn klump, sem hermdi eftir röddum þeirra! Nútíminn var á næsta leiti.

Steinholt var sérlega vel í sveit sett í miðjum bænum og stutt í margar dásemdir Heimaeyjar. Bryggjurnar voru skammt undan með óendanlegum möguleikum. Bæjarbryggjan og gömlu hrófin, beituskúrar, pallarnir, fjörur og fiskirí. Fjallháar fiskkasir á vertíðum, árabátar, karlar og kerlingar, peyjar og pollar. Á sumrin var svo farið í sveit, oftast í sveitir Suðurlandsins. Þetta var sá veruleiki, sem Eyjapeyjar almennt lifðu og hrærðust í. Fullur fyrirheita og ævintýra.

Í miðbænum var nóg af börnum til þess að leika sér við. Ekki þurfti að leita langt. Borgarhóll var reyndar fullur af stelpum, en í Byggðarholti voru strákar á réttum aldri, þrír Svavarssynir, Halldór (1942) og „Brósarnir", Valur (1944) og Bragi (1944-1966). Þá voru þar tvær stelpur einnig á heppilegum aldri, Ólöf (Lóló, 1938) og Kristjana (Dadda, 1941). Tengslin milli Steinholts- og Byggðarholtsbræðra hafa aldrei rofnað og vara enn 70-80 árum síðar! Sama má segja um vinskap yngstu Steinholtssystkina við Borgarhólssystkinin, Jón (Nonna, 1952) og Þuríði (Þuru, 1954).

Viðbygging og verkfræði

Nýi húsbóndinn í Steinholti var ólatur við að bjarga sér og grípa til margbreytilegra úrræða við lausn verkfræðilegra vandamála. Hann var og hagleiksmaður á járn, tré og önnur þau efni, sem náttúran gaf af sér. Í landlegum var hann gjarnan við störf í kjallaranum, þar sem hann átti hefilbekk og gat smíðað og lagfært bæði innan húss og utan. Alls kyns nýsmíði fór fram við bekkinn s.s. smíði húsgagna og annarra nytjahluta. Eitt af stærri verkefnum hans var að færa kamarinn inn í hús, þ.e. að búa til inniklósett, sem var augljóslega til mikils hagræðis og þæginda fyrir heimilisfólkið. Bætti hann við eldhúsið í norður og kom þar fyrir klósetti og baði. Var sjór notaður til þess að sturta niður, enda nóg af honum í Eyjum í viðvarandi vatnsskorti. Við hlið baðherbergisins í vestur, bætti húseigandi við aukaherbergi.

Önnur hugmynd húsbóndans var tengd nálægð hússins hans við Rafstöðina. Þar voru stórar vélar, sem gengu allan sólarhringinn með tilheyrandi vélagný og titringi, ef grannt var hlustað. Ef hljóð- og hreyfibylgjur næðu að berast út í andrúmsloftið, hvað með aðrar afurðir frá Rafstöðinni? Kælivatn frá vélunum hitnaði á ferðalagi sínu um strokka og tannhjól, og e.t.v. mætti nýta það til upphitunar? Húsbóndinn í Steinholti gróf því skurð í sundinu þvert yfir Kirkjuveginn, lagði rör í jörðu, og fyrr en varði streymdi heitt vatn inn í kyndikerfi hússins! Þessi framkvæmd skilaði þó ekki alveg tilskildum árangri. Vatnið kólnaði nokkuð á leið sinni yfir sundið, en gangandi vegfarendur nutu góðs af því að snjó festi ekki, þar sem rörin lágu, og því auð jörð þar í frostum.

Þá byggði húseigandi kvist á vesturþekju hússins, sem bætti verulega möguleika til íbúðar og frekari framkvæmda á loftinu. Á meðan á þeim framkvæmdum stóð, nutu peyjarnir á heimilinu aðstöðunnar og gátu sent ýmis „skeyti" niður á gangandi vegfarendur á Kirkjuveginum!

Fólk á öllum hæðum

Fjölskyldan undi hag sínum vel í þessum nýju, rúmgóðu húsakynnum við Kirkjuveginn. Gátu húseigendur skotið skjólshúsi yfir vini og vandamenn, ferðalanga og flækinga, sem áttu leið til Eyja eða á milli húsa í Eyjum.

Georg Skæringsson (Goggi), tvíburabróðir eigandans, var einn þeirra sem fluttu upp á loftið ásamt eiginkonu sinni, Sigurbáru Júlíu Sigurðardóttur (Báru, 1921-2017) og börnunum Kristínu (Stínu Gogga, 1939) og Sigurði (Sigga Gogga,1941). Fjölskyldan bjó á efri hæðinni í Steinholti á árunum 1942 til 1945, og fæddist þeim þar sonurinn Skæringur (1944). Hún flutti svo að Vegbergi við Skólaveg og bjó þar í marga áratugi, húsfreyjan lengst allra, en hún lést, þegar komið var langt fram á annan áratug 21. aldar. Afkomendur þeirra eru fjölmargir í Eyjum. Goggi gegndi ýmsum störfum á sínum manndómsárum og endaði starfsævi sína sem húsvörður í Barnaskólanum.

Annar bróðir húseigandans, Guðmann (Manni, 1925-2006) var lengi með herbergi á miðhæð til suðurs í átt að Borgarhól, en flutti svo í Vesturhús til unnustu sinnar og síðar eiginkonu, Bjarnfríðar Óskar Alfreðsdóttur (1940). Manni vann við fiskvinnslu, skipa- og húsasmíðar áður en hann flutti með fjölskyldu sína til Hafnarfjarðar.

Árni Sveinbjörn Kjartan Sigurðsson (1902-1997), föðurbróðir húseiganda, bjó um tíma á loftinu ásamt eiginkonu sinni, Sigríði Jónsdóttur (1909-1987), og dóttur Lilju (1939). Árni vann ýmis störf bæði til sjós og lands, en fjölskyldan eignaðist síðar lítið hús við Vesturveg.

Engilbert Jóhannsson (Engli, 1905-1990) frá Brekku og kona hans Arnbjörg (Adda, 1912-1998) Magnúsdóttir bjuggu um stund hjá Baldvini og Þórunni, en einkasonur þeirra, Friðþjófur Örn (Öddi, 1946), fæddist í Steinholti. Faðir hans byggði svo hús í útjaðri bæjarins við Illugagötu 15. Engli var einn af stofnendum Smiðs, sem var lengi öflugt trésmíðafyrirtæki í bænum.

Þá leigði önnur fjölskylda loftið í alllangan tíma, Ólafur Sölvi Bjarnason (Óli, 1900-1958) og Guðmunda Sólveig Jóhannsdóttir (Munda, 1906-1982) frá Siglufirði ásamt dótturinni, Elísabetu (Betu, 1945-2008), en Óli drukknaði í höfninni í maí 1958, þegar hann var heimilisfastur í Steinholti. Sonur hjónanna, Jóhann Guðmundur (Jói Ólafs., 1935) flutti einnig inn um tíma ásamt Guðrúnu Steinsdóttur (1935-2017) og dóttur þeirra, Þorgerði (1955).

Í risinu í norðurherbergi bjó til fjölda ára Guðmundur Halldórsson (1892-1970), skósmiður frá Reyni í Innri-Akraneshreppi. Guðmundur var lengi með viðgerðarverkstæði fyrir skóbúnað í litlu bakhúsi fyrir aftan Einarshöfn, Kirkjuvegi 15, en þar rak Oddur Þorsteinsson skóverslun. Litla húsið stendur enn alveg við hraunjaðarinn.

Húseigandi stundaði sjóinn af kappi, og á þeim vettvangi kynntist hann öðrum sjómönnum, sem komu víða að í leit að atvinnu. Á meðal þeirra voru Austfirðingar, sem leist vel á þetta uppgangspláss. Einn þeirra var Sigurður Sófus Þórðarson (Siggi Þórðar, 1918-1991), sem reri frá Eyjum í upphafi fimmta áratugarins og þurfti húsaskjól fyrir sig, eiginkonu, Lilju Guðjónsdóttur (1921-2001), og unga dóttur, Bryndísi (1941). Var fjölskyldunni komið fyrir í Steinholti, uns hún komst í varanlegra skjól annarsstaðar. Siggi Þórðar átti eftir að verða þekktur útgerðarmaður og fiskverkandi í Eyjum, byggði hús á Hólagötu 42, en flutti í Mosfellsbæ árið 1980.

Tvíburarnir og Eyfellingarnir, Baldvin og Goggi, mættir til Eyja til þess að freista gæfunnar! Þeir bjuggu félagsbúi saman með fjölskyldur sínar í Steinholti.

Annar skipsfélagi húseiganda, Gústaf Runólfsson (1922-1950) ásamt eiginkonu, Huldu Hallgrímsdóttur (1919-1988), flutti inn um miðjan fimmta áratuginn á svipuðum forsendum, hafði kynnst húseiganda á sjónum og þurfti húspláss. Eiginkona Gústafs ól honum barn á meðan þau voru í Steinholti, Friðrikku Ingibjörgu (1946). Gústaf drukknaði á vélbátnum Helga 7. janúar 1950, þegar báturinn mölbrotnaði á Skelli við Faxasker og allir um borð, 10 manns, fórust. Húsráðandi hafði munstrað sig af sama báti skömmu áður, en hélt nafni skipsfélaga síns lifandi í einum sona sinna.

Loks má geta ungra hjóna úr Reykjavík, Einars Einarssonar (1934-2018) og Unu Ásgeirsdóttur (1935-2019), sem fengu að halda heimili sitt hjá húsráðendum í nokkra mánuði. Einar kom úr annarri átt en sjómennirnir í Steinholti því hann hafði augun á loftförum yfir Heimaey, var í þjálfun við að stýra flugumferð til og frá Eyjum. Una og Einar voru með unga dóttur sína með sér, Maríu Mörtu (Mæju, 1955).

Húsráðendur mynduðu vinasambönd við allt þetta fólk, sem entust lengi. Voru vinaböndin gjarnan hnýtt með heimsóknum, jólakveðjum og gjöfum.

Um miðjan sjötta áratuginn urðu breytingar á útihúsinu norðan við Steinholt, sem orðið var áfast húsinu í kjölfar þess, að eigandinn stækkaði það, þegar hann byggði við það klósett og aukaherbergi. Eggert Sigurlásson (Eggó,1929-1978) kom bólstrunarfyrirtæki sínu fyrir, þar sem Kalli Kriss hafði áður verið með sína verslunar- og skrifstofustarfsemi. Rak Eggó fyrirtæki sitt fram að Heimaeyjargosinu 1973.

Heimilisbragurinn í Steinholti markaðist af þjóðlegum venjum og atvinnuháttum í Eyjum. Á öllum hæðum hússins var fjölmenni, börn og fullorðnir á ferð og flugi, inn og út úr húsi. Heimilisfólkið leitaði í félagsskap hvert annars,

Börn Baldvins og Þórunnar, Balli og Kiddi fyrir aftan, Addi, Biggi, Raggi, Stína og Hrefna. Fjölskyldan bjó í Steinholti í 17 ár á árabilinu 1941-1958.

Sendum Vestmannaeyingum bestu óskir um gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár. Þökkum samskiptin á árinu.

Viska
Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja

Þekkingarsetur Vestmannaeyja

STAVEY

Umbúðamiðlun ehf.

Atlas

Bergur VE

KRÁIN

Bifreiðaverkstæði Harðar & Matta

BRAGGINN

SKIPALYFTAN EHF. VESTMANNAEYJUM

VÉLAVERKSTÆÐIÐ ÞÓR

Þórunn Sveinsdóttir VE

Mars ehf.

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur
Europcar
Þínar þarfir - okkar þjónusta.

FMV
FISKMARKAÐUR VESTMANNAEYJA HF.

EINSI KALDI
VEITINGASTAÐUR | VEISLUÞJÓNUSTA

HOTEL VESTMANNAEYJAR

Íbenholt

EYJABLIKK

Axel Ó.

GEISLI

KLETTUR

PÍPULAGNIR
897-1425 897-1445

Watt ehf

Sjálfstæðisfélögin í Vestmannaeyjum

SALTKAUP EHF

KÆLING EHF
Uppsetning og þjónusta á frysti-, kæli- og krapakerfum

Silver HÁRSTOFA

mikið var talað, spilað og sungið. Nágrannar á öllum aldri gátu fundið jafnaldra í húsinu og/eða samherja til sjós og lands. Konurnar í nágrenninu skutust á milli húsa og deildu sorgum sínum og gleði hver með annarri. Hlutverk kynjanna voru tiltölulega skýr, húsbændur öfluðu að mestu viðurværis fyrir fjölskyldur sínar, húsmæður stjórnuðu heimilunum.

Húseigandi sótti sjóinn og reri á fjölmörgum bátum á vertíðum, fór norður til síldveiða á sumrin og starfaði einnig við bátaviðgerðir og smíðar í slippnum á haustin. Þá sigldi hann með fisk til Bretlandseyja á stríðsárunum. Eiginkona hans sá um heimilishaldið, fæddi börnin og klæddi, hugsaði um heimili og bú, eldaði, bakaði, saumaði, þreif og þvoði hús, fatnað og skítuga peyja. Steinholt iðaði af lífi á frá morgni til kvölds.

Stríðsár og breytingar

Baldvin og Þórunn eignuðust Steinholt í kjölfar kreppunnar, sem um skeið hafði hægt á þróun samfélagsins í Eyjum. Nýtt vaxtarskeið var í uppsiglingu. Stríð geisaði í Evrópu, og markaðir opnuðust fyrir fiskafurðir þar hjá þjóðum eins og Bretum, sem voru uppteknir við hergagnaframleiðslu, vopnabúnað og annan stríðsrekstur. Húseigandinn ungi sigldi á stríðsárunum til þessara nágranna okkar með eftirsóttan fisk af Eyjamiðum og lagði afraksturinn m.a. í verðandi eign sína við Kirkjuveginn. Þau 15-16 ár, sem fjölskylda Baldvins og Þórunnar bjó í Steinholti, hafði íbúum í bænum fjölgað áfram hægt og bítandi, voru 3546 árið 1941, en orðnir 4425 árið 1958, þegar fjölskyldan færði sig um set vestur í bæ. Þróun útgerðar og atvinnulífs hafði haldið áfram, bryggjur, götur og hús voru byggð, og ný hverfi risu eins og það, þar sem fjölskyldan settist nú að.

Börn Baldvins og Þórunnar festu kyrfilega rætur í Eyjum, og afkomendur þeirra þar eru fjölmargir. Í Heimaeyjargosinu 1973 voru öll börnin nema eitt búsett í bænum, 8 samtals. Gosið hafði mikil áhrif á fjölskylduna sem og aðrar Eyjafjölskyldur, og samfélagið varð fyrir þungu áfalli. Systkinin frá Steinholti sneru þó flest aftur til æskustöðvanna, sum strax eftir gos, önnur áratugum síðar. Svo vitnað sé í orð þekkts Eyjamanns, hvítasunnumanns og fjárbónda, sem þekkir vel til atferðis fénaðar á Heimaey sem úteyjum: „Þetta skilar sér allt heim að lokum!"

Einar Birgir Sigurjónsson

Árið 1958 keypti Steinholt ungur maður úr Austur-Landeyjum, Einar Birgir Sigurðsson. Einar, eða Birgir á Sólheimum, eins og hann var jafnan kallaður í Eyjum, var fæddur á Búðarhóli í Landeyjum árið 1933, en hafði búið í bænum frá árinu 1952, þegar hann keypti Steinholt, 35 ára gamall. Með kaupum Birgis urðu nokkrar breytingar á heimilishaldi í húsinu. Tvær barnmargar fjölskyldur fyrri eigenda höfðu fyllt þar hvert horn og hvern kima, en nú var húsráðandi einhleypur maður og barnlaus. Má ætla, að meiri ró og friður hafi færst yfir húsið og nágrenni þess með þessum nýja eiganda!

Þótt Steinholt væri nú komið í eigu manns, sem ekki var með halarófu barna í eftirdragi, þá leið ekki á löngu þar til hróp og köll hljómuðu um húsið. Birgir flutti ekki strax inn, en leigði tveimur barnafjölskyldum húsið. Systir hans, Valgerður Kristín (1934), settist að á efri hæðinni ásamt eiginmanni, Jóni Einarssyni (1930-2016) og tveimur drengjum þeirra, Sigmari (1957) og Einari (1959), en Harpa (1962) bættist síðar í systkinahópinn. Jón kom á vertíð til Eyja 1955 og kynntist þar verðandi eiginkonu sinni. Ár þessarar fjölskyldu í Steinholti urðu þó ekki mörg, því

Einar Birgir Sigurjónsson í miðri röð ásamt stórfjölskyldu sinni. Vinstra megin við hann eru systir hans Kristín og hennar maður, Jón, sem fluttu á efri hæð Steinholts í kjölfar kaupa Birgis á húsinu. Eldri hjónin í fremri röð eru foreldrar Birgis, hjónin frá Sólheimum.

hún flutti að Bakka í Austur- Landeyjum árið 1962, og þar býr hluti hennar enn árið 2019. Jón varð síðar upphafsmaður að gerð Bakkaflugvallar ásamt Bjarna Jónassyni, flugmanni, í Vestmannaeyjum.

Birgir bjó um tíma í einu herbergi í húseign sinni, en flutti svo til foreldra sinna, Sigurjóns Einarssonar (1894-1987) á Sólheimum og Margrétar Fríðu Jósepsdóttur (1904-1978) í kjölfar bílslyss, sem faðir hans varð fyrir um miðjan sjöunda áratuginn. Birgir stundaði hefðbundin störf í Eyjum, sótti sjóinn og vann sem verkamaður þar til hann gekk til liðs við lögregluna á staðnum árið 1965.

Þegar systir eigandans og fjölskylda hennar flutti burt úr Eyjum 1962 fengu Jóhannes Guðbjartsson (1916-1988), kona hans Fríða Jóhanna Jónsdóttir (1914-1995) og börnin Guðrún Halldóra (Gunna Dóra, 1948) og Jón Ólafur (Jón Óli, 1949) efri hæð hússins leigða. Jóhannes var fiskimatsmaður, en kona hans varð m.a. þekkt fyrir starf sitt hjá Verkalýðsfélaginu Snót. Þessi fjölskylda bjó á efri hæðinni fram að Heimaeyjargosinu, en flutti síðan til Grindavíkur. Jón Óli bjó áfram í Eyjum um tíma, en hélt síðar vestur um haf til Bresku Kólumbíu í Kanada, þar sem hann býr nú.

Meiri hreyfing varð á íbúum á miðhæðinni næstu árin. Kristinn Kristinsson (Kiddi í Miðhúsum, Brekkuhúsi, (1933-1977)) og kona hans, Jóhanna Kolbrún Jensdóttir (Hanný,1938-2010) fluttu inn í lok sjötta áratugarins og bjuggu í Steinholti í nokkur ár. Með þeim hjónum voru börnin Kristinn Jens (1958) og Bára (1959), sem bættist svo í hópinn, en fjölskyldan flutti seint á sjöunda áratugnum úr Steinholti í Hólmgarð við Vestmannabraut. Kiddi var sjómaður, mikill lundaveiðimaður og Hanný öflug handreytingarkona. Hún mun oft hafa haft á orði til þess að undirstrika þversagnir lífsins, að hún hafi verið minnsta barn, sem fæðst hefði í Eyjum, en eiginmaður sinn það stærsta, 25 merkur, „en stendur nú ekki uppúr stigvélunum!"

Matthías Guðjónsson (1938-1984) á Hvoli og Lilja Alexandersdóttir (1938) áttu heima á miðhæðinni í einhvern tíma ásamt börnum sínum Alexander (1959) og Guðjóni Kristni (1962-2001), og einnig stöldruðu við á hæðinni Ólafur M. Sigmundsson (1942), kona hans Þórhildur Jónasdóttir (1945) ásamt syni þeirra, Stefáni (1967). Matthías og Ólafur voru báðir sjómenn, og margt af þeirra fólki býr í Eyjum.

Hjónin Gunnar Jóhannsson (1931-2008) og Elín Kristín Sigmundsdóttir (1936-2000) fluttu inn í Steinholt um miðjan sjöunda áratuginn ásamt dætrum sínum, Klöru (1955), og Elsu (1961). Þau eignuðust síðar soninn Gunnar Hallberg (1972). Gunnar starfaði lengstum sem sjómaður í Eyjum, en fjölskylda hans og Elínar Kristínar var sú síðasta, sem bjó á miðhæð Steinholts, og settist að í Reykjavík eftir að heimili þeirra brann til grunna og hvarf endalega sjónum þeirra.

Útihúsin

Útihúsin í bakgarði Steinholts höfðu í upphafi aldarinnar þjónað fjölskyldu Kristmanns og Jónínu til mjólkurframleiðslu fyrir heimilið, þar sem kýr var í fjósi og hey í hlöðu. Óvíst er hve lengi þessi tenging húsráðenda við landbúnaðinn varði, en með nýju fólki varð breyting á.

Síðasti eigandi Steinholts, Einar Birgir Sigurjónsson, á árabilinu 1958-1973, og seinasti fjárbóndinn í miðbæ Heimaeyjar?

Þótt næstu eigendur, Baldvin og Þórunn, væru sveitafólk, leituðu þau út í bæ til stærri framleiðenda og seljenda mjólkurafurða. Vestmannaeyjabær kom sér t.a.m. upp stóru kúabúi suður á eyju í Dölum á árum seinni heimsstyrjaldarinnar, og þá voru mjólkurvörur fluttar til Eyja og seldar í mjólkurbúð við Vestmannabraut. Kamarinn var einnig búinn að missa sitt fyrra hlutverk og aðeins svarthol eitt, sem þar blasti við með suðandi flugum.

Útihúsin urðu nú að geymslum fyrir alls kyns drasl og dót, sem húseiganda áskotnaðist og hann taldi til verðmæta. Kunnu börnin vel að meta þessa hirðusemi hans og einnig flækingsdýr s.s. kettir, sem bjuggu um sig í bakgarði Steinholts. Undu hvor tveggja vel þar hag sínum. Um miðbik aldarinnar voru ellimerki orðin svo áberandi á upprunalegu fjósi og hlöðu, að þau gengju jafnan undir nafninu „afaskúr" meðal barnanna.

Eftir að Birgir á Sólheimum eignaðist Steinholt urðu enn breytingar á útihúsunum. Þeir Landeyjafeðgar, hann og faðir hans, báru sterkar taugar til gamalla búskaparhátta og hófu nú bakhúsin til fyrri vegs og virðingar. Tími nautgripahalds í miðbænum var liðinn, en fjárbúskapur var enn víða stundaður í bakgörðum hjá bæjarbúum. Urðu útihúsin við Steinholt nú um tíma aðsetur sauðfjár, og notalegt jarm leysti kattamjálm og breim af hólmi neðst við Kirkjuveginn! Börnin í nágrenninu flykktust að, þegar kindunum var hleypt út í garð„„gobbarnir", eins og þær voru nefndar á meðal þeirra. Feðgarnir héldu úti þessari grein landbúnaðarins um tíma og urðu væntanlega með seinustu fjárbændum í miðbæ Vestmannaeyjakaupstaðar.

Niðurlag

Einar Birgir Sigurjónsson átti Steinholt seinustu 14-15 árin áður en Heimaeyjargosið lagði húsið í rúst. Á þessum árum fjölgaði enn íbúum í Eyjum, voru 4425 árið 1958, þegar Birgir keypti húsið, en voru orðnir í 5179 í árslok 1972. Vöxtur bæjarfélagsins var því stígandi, og Steinholt setti svip sinn á miðbæinn eins og það hafði gert frá upphafi. Húsið hélt áfram að hýsa fólk á öllum hæðum, þótt eigandinn væri löngum búsettur á öðrum stað í bænum. Fjölskyldur bjuggu á mið- og efri hæð, en vertíðarfólk, oftast Landeyingar úr sveit eigandans, í kjallaranum.

Steinholt var byggt af miklum stórhug og var tímans tákn um verðandi byltingu í samfélaginu. Allir þrír eigendur hússins voru aðkomumenn sem og margir leigjendur þeirra, fólk sem leitaði út í Eyjar, þar sem framtíðardraumar þess gátu ræst. Þar var eftirspurn eftir vinnandi höndum, hægt að eignast hús og híbýli, fjölskyldur og vini, og margir festu þar rætur. Seinasti eigandinn, Einar Birgir, er enn á lífi, búsettur í Eyjum.

Steinholt var heimili fjölmargra fjölskyldna og einstaklinga á meðan það stóð í rúm 60 ár. Húsið uppfyllti fjölmargar myndir orðsins „heimili" í íslenskri tungu. Margir tugir manna bjuggu undir þaki hússins á æviskeiði þess og ekki óalgengt, að fjöldi heimilisfólks á öllum hæðum væri a.m.k. á annan tuginn á sama tíma. Rekinn var félagsbúskapur í húsinu fyrstu áratugina, þar sem fjölskyldur og einstaklingar á öllum hæðum deildu sameiginlega híbýlum, kömrum, eldhúsi og þvottaaðstöðu.

Þá var Steinholt meira en heimili fyrir fjölskyldur eigendanna, því húsið var einnig gistiheimili fyrir fjölmarga, sem áttu leið hjá í lengri eða skemmri tíma. Húsráðendur buðu upp á húsaskjól og/eða fæði, ef eftir því var leitað.

Á tímum fábreytni varð heimilisfólk að leita hvert til annars að skemmtan, og var m.a. spilað, leikið og sungið. Nágrannar og vinir leituðu eftir félagsskap í Steinholt, sem gegndi því sannarlega hlutverki félagsheimilis, sem bauð uppá afþreyingu og samveru.

Loks kviknaði sífellt líf innan veggja hússins, en þar fæddust a.m.k. 22 börn, flest á fyrri hluta og um miðbik aldarinnar, og húsið stóð þá jafnvel undir nafni sem fæðingarheimili!

En Steinholt var meira en heimili, sem bauð upp á húsaskjól, fæði og klæði. Húsið var í raun heilt samfélag, spegilmynd af því umhverfi, sem það var hluti af. Fólk af öllu tagi átti þar leið um á æviskeiði þess, fólk með alls kyns tengsl út í atvinnulífið. Útgerðarmenn, sjómenn, fiskvinnslufólk; fólk tengt aðalatvinnuveginum, sjávarútvegi, bjó þar um sig til lengri eða skemmri tíma. Sumir höfðu einnig tengsl við landbúnaðinn, nautgripa- og sauðfjárrækt var stunduð frá Steinholti, þótt í litlum mæli væri. Verslunar- og skrifstofufólk, greiðasölufólk, smiðir á tré og skó, kaffibrennslu - Karl, bólstrari, bakari, rakari og bankastarfsmenn, húsmæður, húsfrúr og vinnustúlkur auk allra barnanna. Samfélagið í Steinholti var fjölbreytt og litríkt eins og Eyjasamfélagið sjálft.

Í lok mars 1973 var hraunið úr Heimaeyjargosinu farið að nálgast Steinholt óðfluga. Húsin fyrir austan það létu undan glóandi hrauninu eitt af öðru. Þegar kom að Steinholti, kviknaði í því, og eldtungur léku um það stafna á milli. Seinasti eigandi hússins stóð þögull á vikurhrúgu og horfði á það brenna. Á skömmum tíma var Steinholt horfið og öll merki önnur um fólkið, sem þar lifði og starfaði.

Mynd: Sigurgeir Jónasson.

Steinholt brennur í lok mars 1973 vegna öskubings sem þrengdi að húsinu. Myndin er tekin suðaustan við húsið á svipuðum stað og sú sem tekin var á fermingardegi Kidda.

Svabbi Steingríms

Sprangað í gegnum lífið

VIÐTAL:
SINDRI ÓLAFSSON

Svavar Steingrímsson eða Svabbi Steingríms. eins og flestir þekkja hann fæddist þann 24. maí 1936 að Hvítingavegi 6 í Vestmannaeyjum. Hann er næst yngsta barn þeirra Steingríms Benediktssonar skólastjóra og Hallfríðar Ingibjargar Kristjánsdóttur húsfreyju. Svavar átti sjö systkini en þau eru í aldursröð Benni, Björg, Jón, Gísli, Palli og Bragi yngstur.

Um fyrstu árin var Svabbi ekki fjölorður. "Ég er sem betur fer ekki mjög minnugur á gamla daga. Þetta var stórt heimili og mikið um að vera. Bara það eitt að baða skarann þýddi að það varð að byrja á því að brjóta við í eldinn til að hita vatn í þvottapottinn og svo var skarinn baðaður. En við vorum snemma duglegir að fara í sundlaugina eða bara niður í fjöru, við vorum hvort eð er að baða okkur uppúr sjó á báðum stöðum."

Jón, Hallfríður, Páll, Benedikt, Gísli, Steingrímur og Svabbi.

Munaði litlu við Skiphella

Það var eftir eina slíka sundferð þegar þeir bræður Gísli, Palli og Svabbi voru að koma undan Löngu og ákváðu að ganga yfir Skiphellanefið. "Þegar við nálguðumst toppinn þá gekk Gísli á undan fyrir ofan okkur og skrikaði fótur með þeim afleiðingum að stórgrýti hoppaði af stað niður eftir brekkunni og hafnaði í höfðinu á mér, ég steinrotaðist og fór að rúlla af stað í átt að brúninni. Palli hljóp á eftir mér og tókst að stökkva á mig þar sem hann var kominn hálfur fram af, en hafði ekki að toga mig inn fyrir brúnina. Þá kom Gísli hlaupandi og hafði að kippa okkur báðum inn fyrir. Gísla og Palla tókst í sameiningu að drösla mér niður og í áttina heim meðan blóðið fossaði úr höfðinu á mér. Ég rankaði við mér í Hlíðabrekkunum og þá sögðu þeir að ég hafi runnið og dottið á stein, þegar við komum uppá Hvítingaveg þá byrjuðu þeir að fara með mig niður í kjallara og þrífa af mér mesta blóðið og skipta um bol. Að því loknu fara þeir með mig upp í eldhús að segja mömmu "alla" sögguna. Mamma rauk svo með mig niður á spítala. Ég man ekkert eftir þessu öllu en það var svo tveimur árum seinna sem þeir sögðu mér hvað raunverulega hafði gerst."

Mikill erill var alla jafna á heimilinu og þar var mjög gestkvæmt. "Ég man vel að heim kom allskonar fólk. Pabbi var mikið í trúmálum það voru að koma hingað menn til að kristna hópinn," sagði Svabbi og hló. "Þetta voru ekki beint trúboðar en einhverjir predikarar. Þetta voru menn sem voru sendir út um landið, Ólafur Ólafsson kristniboði var sérstaklega minnistæður en hann hafði ferðast víða og sagði skemmtilega frá. Hann reyndi líka að kenna okkur kínversku með mis góðum árangri."

Risa egg Hallfríðar

Svabbi fór ungur að stelast í fjöll til þess að sækja egg og fugl með bræðrum sínum, sem var annars harðbannað á heimilinu. "Eitt skiptið þegar ég kom heim með alla vasa fulla af fýlseggjum sá ég það í hendi mér að ekki gæti ég farið með eggin beint inní eldhús því þá kæmist náttúrulega upp um mig. Ég vildi samt ómögulega láta eggin fara til spillis." Á heimilinu voru að sjálfsögðu kýr og hænur eins og tíðkaðist á þessum árum. "Ég ákvað að setja eggin undir hænurnar í hænsnakofanum. Það varð uppi fótur og fit þegar hænurnar á Hvítingaveginum fóru að verpa risa eggjum. Konurnar í hverfinu fóru að spyrjast fyrir um hvaða fóður Hallfríður hefði eiginlega verið að gefa. Þegar pabbi kom heim var hann ekki lengi að sjá í gegnum mig, ég man nú ekki til þess að hafa verið mikið skammaður fyrir þetta uppátæki."

Tónlistarheimili

Það var alla tíð mikil tónlist á æskuheimilinu. "Bæði mamma og pabbi sungu og flestir spiluðu á eitthvað hljóðfæri. Jón var öðrum fremri og gat spilað á allt. Hann kenndi heima í stofu á hljóðfæri. Hann var með réttindi til að vera organisti og kórstjóri. Benni gat líka spilað og var fær söngvari. Hann tók seinna að sér að kenna prestsefnum að tóna. Ég byrjaði ungur að spila á píanó og lærði að lesa nótur. Ég var í námi tvo eða þrjá vetur í þessu en mér fannst samt alltaf skemmtilegra að spila eftir eyranu og þykir enn."

Svabbi kláraði barnaskóla með viðunandi árangri en leiddist þófið, skólinn var ekki hans helsta áhugamál þrátt fyrir að faðir hans væri skólastjóri. Hann fór 15 ára gamall á sjó á Birgi NK frá Neskaupsstað. "Það var kall að austan sem hafði verið með þennan pung á Lúðulínu. En nú fórum við á skak vestur að Eldey. Það var valinn maður í hverju rúmi í þessari áhöfn. Það var eigandinn Hávarður kallaður Hæji. Svo voru þarna Kúti Einhenti, Kolli í Mozart, Gaui á Gullberginu, Sveinn Halldórsson og ég. Þessi fyrsti túr var ekki mikil frægðarför það bilaði nánast allt um borð í þessum bát sem á annaðborð gat bilað og aflabrögðin eftir því. Ég réri sex vertíðar og eitthvað fleiri sumur á hinum ýmsu bátum. Ég vann svo í gúanóinu þess á milli. Það var nú oftar en ekki þannig að gúanóið gaf betur en þessir pungar sem ég var oft að róa á þannig var nú tíðarfarið í þessu."

Kynntust í Spröngunni

Svabbi keypti lóðina að Sóleyjagötu 10 árið 1954. "Það voru svo margir að byggja sem ég þekkti og ég ákvað að drífa í því líka. Ég fékk teikningar hjá Palla bróðir og byggði lauslega á þeim. Svo var þetta bara unnið eins og efni leyfðu." Svabbi kynntist um svipað leyti Eygló Óskarsdóttur hvar annarstaðar en í Spröngunni og þau fóru að stinga saman nefjum. Þau eignuðust síðan Óskar árið 1956. Svabbi smyglaði sér svo endanlega inní píparaættina 3. ágúst 1957 þegar hann og Eygló gengu í það heilaga og fluttu sama dag inn í húsið á Sóleyjagötunni. "Hjónavígslan fór fram með þeim hætti að við gengum útá horn til Jóhanns Hlíðars og fór athöfnin fram þar. Óskar var þá á fyrsta aldursári og algerlega óstöðvandi. Á meðan á athöfnin fór fram klifraði Óskar upp um alla veggi og lét öllum illum látum innan um skrautmuni og postulíns vasa. Eygló hafði svo miklar áhyggjur af honum að hún sagðist ekki muna eftir orði af því sem þar fór fram, og stórefaðist um að hafa sagt já."

Hjónavígslan fór fram á laugardegi en strax mánudaginn eftir brúðkaupið fór Svabbi ásamt Gísla bróður sínum í sex vikur að vinna við það að mála Loran C möstrin í Grindavík. "Það æxlaðist þannig að málarameistari sem tók þetta að sér, Þorstein Gíslason, gekk mjög illa að halda mannskap við þetta verk. Möstrin eru yfir 300 metra há og menn áttu í miklum erfiðleikum með þessa vinnu. Þessi kall hringdi í Súlla Johnsen og spurði hvort hann gæti útvegað sér fjóra laghenta menn sem væru lausir við lofthræðslu. Við vorum fjórir sem fórum héðan frá Eyjum, Frissi í Baldurshaga, Sigurjón Jónasson (Nonni í skuld), Gísli bróðir og Ég. Við vorum samtals 8 kallar. Þetta var mikil vinna og erfið við vorum með mjög frumstæða vinnulyftu sem þurfti oft að færa. Einnig unnum við úr sérstökum stólum sem var hægt að hengja á mastrið. Þetta var líka mjög vel borgað ég hafði meiri tekjur þessar 6 vikur en það sem ég hafði haft þetta árið fram að þjóðhátíð. Sem var eins gott því ég var að klára að byggja og það voru rukkarar á öllum hurðum hjá mér."

Október sama ár fjölgaði svo enn á heimilinu, þá fæddist Halla en Steisi kom svo í heiminn árið 1961.

Endaði í pípinu

Fjölskyldufaðirinn settist svo á skólabekk árið 1964 og lauk sveinsprófi með fyrstu einkunn í pípulagningum frá Iðnskólanum í Vestmannaeyjum árið 1966. "Ég sá það bara í hendi mér að ef ég ætlaði að láta dæmið ganga upp þá yrði ég að mennta mig. Ég var búinn að vera með þann draum að verða rafvirki, hafði reynt að komast að í vinnu eða samning í nokkurn tíma en það gekk ekki. Mér datt líka í hug að verða múrari og vann hjá Júlla í Stafholti part úr tveimur árum. Þegar ég átti loks að komast á samning þá var meistarinn búinn að kaupa bát og hættur að múra og kominn í útgerð. Þá fór ég að vinna hjá Óskari tengdapabba í pípulögnum. Ég var þá búinn að taka mikið af grunnnáminu í undirbúningi fyrir annað og var þá ekki lengi að klára námið."

Svabbi stofnaði síðan Nippil sf. 8. maí árið 1969 ásamt Þorleifi Sigurlássyni (Lilla á Reynistað) og sama ár festu þeir kaup á húsnæðinu við Strandvegi 49 sem nú hýsir asíska veitingastaðinn Canton. Svabbi varð svo meistari í faginu 19. September 1969.

Flakkaði í Gosinu

Þegar gosið hófst á Heimaey fluttist fjölskyldan í Ölfusborgir og var þar á meðan á því stóð. Svabbi vann við að leggja í tvö hús á Selfossi en þeir félagarnir smygluðu

Bræðurnir, Bragi, Svabbi, Gísli, Jón, Páll og Benedikt.

Tekin í Elliðaey Steisi, Halla, Eygló, Svabbi og Óskar

Halla, Svabbi og Óskar um borð í Þrasa.

bílnum uppi á land og voru með snittvélina í skottinu. Það var ekki auðsótt mál að fá bíla flutta frá Eyjum á þessum tíma. "Mér leiddist þetta alveg ógurlega, maður bara vann og fór svo heim og fylgdist með fréttum af gosinu. Dolli mágur hringdi í mig og benti á það vantaði pípara í Eyjum til að vinna við hraunkælingu og það mátti vinna eins og þú nenntir að standa og rúmlega það. Við Lilli drifum okkur út í Eyjar þegar þangað var komið kom í ljós að það mátti vissulega vinna en það var ekkert búið ákveða hvort það fengist eitthvað greitt fyrir það." Það varð því fyrsta verk hjá Svabba að taka sæti í samninganefnd ásamt nokkrum öðrum iðnaðarmönnum. "Við vildum að sjálfsögðu bara fá fulla útselda vinnu eins og verið hafði samkvæmt okkar samningum. Þetta endaði þó með því að báðir gáfu einhvern afslátt af sínum kröfum og samningar náðust."

Fyrsta verk Svabba var að leggja leiðslur frá hafnargarðinum uppá Skans og þaðan út á hraunið. "Fyrstu dælurnar voruð staðsettar þarna þá var dælt upp á Skansinn og svo áfram út á hraunið. Þetta voru álrör frá hernum. Ef það bilaði dæla og það þornaði í rörunum þá bráðnuðu þau um leið. Seinna komu svo betri dælur og plaströr sem önnuðu þessu betur. Þá voru settar upp vaktir. Ég var flokkstjóri í einu genginu. Það þurfti að hlaða undir slöngurnar. Ef þær lágu á jörðinni kviknaði einfaldlega í þeim. Þetta voru mjög þungar leiðslur en það voru notaðar jarðýtur til að færa þær til."

Þorbjörn Sigurgeirsson stjórnaði þessum aðgerðum og hann stýrði því hvar var kælt. "Hann ákvað stuttu eftir að flakkarinn fór af stað að settur yrði þungi í það að kæla og hlaða upp sunnan og austan við Skansinn og það er enginn vafi í mínum huga að þessi aðgerð varð til þess að Flakkarinn nam staðar og að höfnin bjargaðist. Við höfðum um tvo mánuði til að undirbúa þetta. Ég fór nokkrum sinnum uppá Flakkarann og maður gat alveg fundið það hvernig hann liðaðist áfram í stuttum kippum. Það fannst betur ef maður sat. Mér finnst það miður að þessu merkilega fyrirbæri og sögu þess hafi ekki verið gert hærra undir höfði. Hvergi er hægt að finna nokkurt skilti eða annað á svæðinu í kring sem geymir þessa merkilegu sögu.

Eftir tæp 30 ár í pípinu, ákvað Svabbi í ágúst 1995 að söðla um og sótti um stöðu húsvarðar í Hamarsskóla. "Það var skemmtilegur tími og ég hefði ekki viljað fara á mis við það að vinna í skólanum." Eftir 10 góð ár í Hamarsskóla þá ákvað Svabbi að hætta störfum og snúa sér alfarið að aðal áhugamáli sínu Heimakletti Svabbi hefur farið nokkrar ferðir á viku frá því um áramótin 2006 og gerir enn í dag. Það má glögglega sjá það neðan úr bæ þegar Svabbi gengur á Heimaklett því að venjulega tekur á móti honum kindastóð uppi á Þuríðarnefi og fylgir honum oftar en ekki alla leið upp á topp. Útivist, fjallgöngur og hvers konar veiðiskapur hafa alla tíð skipað stóran sess í lífi Svabba.

Tekin 4. Apríl 1982 kom með tæp 2,5 tonn á Þrasa en báturinn var 1,6 tonn

Þrasað um Þrasa

Svabbi og Bragi voru lengið saman í útgerð og hafa átt saman fimm báta sem allir hafa borið nafnið Þrasi en Bragi gerir enn út Þrasa VE. "Við eignuðumst fyrsta bátinn fyrir 1960, það var bara lítið horn. Hann fannst á reki og hafði líklega verið lífbátur af öðrum bát. Denni Helga Ben og Bassi á Laugalandi áttu bátinn en voru ekki tilbúnir að selja hann. Ég fór til Palla Helga sagði honum hvernig komið væri fyrir okkur. Hann spurði hvað ég væri tilbúinn að láta fyrri bátinn. Ég sagði honum að við værum tilbúnir að borga 12.000 kr. Palli segir mér að láta sig hafa peninginn og hitta sig eftir hádegi. Þegar ég kom aftur til Palla þá sagði hann einfaldlega "þið eigið bátinn". Seinna fréttum við að Palli hafði haft bátinn af bróður sínum á 10.000 kr."

Þrasarnir hafa verið af ýmsum stærðum og gerðum, þrír þeirra hafa verið gerðir út til fiskveiða en allir hafa þeir verið sóknarbátar í Hellisey. En þeir Steingrímsbræður tóku Hellisey snemma að sér og hefur hún verið þeim afar hugleikin alla tíð síðan. Það hafa verið farnar ófáar ferðirnar á bátum þeirra bræðra út í Hellisey. "Það byrjaði þannig að Palli fór að fara með eldri köllum út í eyju, þeir voru að gefast upp og engin nýliðun hjá þeim þannig að við bara tókum þetta yfir. Þetta var árið 1963 þá var strax farið í það að byggja kofann."

Hér sé guð

Bræðurnir og afkomendur þeirra hafa síðan þá stundað veiðar og eggjatöku í Hellisey. Eins og nærri má geta hefur gengið á ýmsu í þessari útgerð þeirra bræðra. "Einu sinni voru Gísli og Palli orðnir vatnslitlir og ég og Bragi fórum út með brúsa. Þegar út var komið brast á með sunnanbrælu þannig að ekki var möguleiki að koma einu né neinu í land. Við snérum þá við og lögðumst í var, norður af Suðurey. Eldri bræðurnir fóru svo í koju um miðnætti en þá datt á dúnalogn þannig að auðvelt var að leggja að bátinn að við Hellisey og fara í land. Ég náði ekki nokkru sambandi við þá þannig að ég ákvað að bera vatnið upp og Bragi beið á bátnum. Bræðurnir vöknuðu svo upp við það að verið er að klóra í útidyrahurðina á kofanum, svo heyrist skrækum róm "hér sé guð". Þeir voru þó nokkra stund að koma sér saman um það hvor eigi

Svabbi við hraunkælingu 1973.

Svabbi og Bragi í Hellisey með góða dags veiði.

að fara og athuga hvað sé á seyði. Þegar dyrnar voru opnaðar þá var enginn þar, um leið og hurðinni er skellt aftur þá byrjaði klórið og hamagangurinn á nýjan leik, "hér sé guð", bræðurnir sem voru í þann mund að pissa í svefnpokana sína fara aftur til dyra og sama sagan, þar er enginn. Í þriðja skiptið þegar "draugurinn" gerir vart við sig og bræðurnir opnuðu hurðina stakk ég hausnum niður undan þakskegginu og skelli hló."

Það er sérstakt til þess að hugsa að þegar lögð eru saman öll glæfraverk þeirra Steingrímsbræðra að þessir lifnaðarhættir þeirra voru ekki það sem fyrir þeim var haft á æskuheimilinu. "Nei, pabbi var bæði sjóveikur og lofthræddur. Hann bilaði í bakinu þegar hann var að byggja á Hvítingaveginum og átti ekki gott með erfiðisvinnu, hann kom aldrei nálægt bjargveiði, skaki eða öðrum glæfragangi."

Lífið tók u-beygju haustið 2017 þegar heilsu Eglóar eiginkonu Svabba fór hratt versnandi. "Hún lenti á spítala út af lungnabólgu í janúar 2018. Hún fékk síðan í kjölfarið blóðtappa í höfuðið og er búin að vera lömuð og mállaus síðan þá. Eygló lá í níu mánuði inni á spítalanum áður en hún fékk pláss á Hraunbúðum í október í fyrra. Mér fannst ég verða hálf munaðarlaus á eftir og þurfti að takast á við það. Eygló er á Hraunbúðum og það fer vel um hana þar, allt það ágæta starfsfólk sem annast hana á allar mínar þakkir fyrir," sagði Svabbi að lokum.

ekin á 80 ára afmæli Svabba á Heimakletti 24. Maí 2016. Fjölskyldan kom Svabba á óvart og reisti þjóðhátíðartjald á Heimakletti og tók á móti honum. Ólafur Einarsson, Daði Ólafsson, Svava Tara Ólafsdóttir, Einar Gauti Ólafsson, Svabbi, Halla Svavarsdóttir, Sindri Ólafsson, Dagur Arnarsson og Aron Sindrason fyrir framan.

Helgi Bernódusson:

Ungverskir flóttamenn í Eyjum 1957 - í kalda stríðinu

GREINARHÖFUNDUR:
HELGI BERNÓDUSSON

Hið smáa í hinu stóra – og hið stóra í hinu smáa

Það er jafnan athyglisvert þegar stórveldaátök eða stórskjálftar samtímans mælast í litlum samfélögum langt, langt í burtu frá upptökum. Þannig var það með Ungverjalands-uppreisnina haustið 1956. Bylgjur hennar náðu alla leið í Norðurhöf og til Vestmannaeyja. Með barnsaugum fylgdist ég með flóttafólkinu sem kom til Eyja í ársbyrjun 1957, en án nokkurs skilnings á aðdraganda þess að miðevrópskar fjölskyldur og einstaklingar settust að á þessu skeri, vanda þess og erfiðleikum, eða tilfinningum. En af viðleitni flóttamannanna til að hefja nýtt líf við frelsi og frið er mikil saga. Ungverjarnir höfðu aldrei áður séð hafið blátt, fiskibát, dregið fisk úr sjó, gert að honum eða flakað. Við, sem næst þeim bjuggu, horfðum undrandi og stundum agndofa á aðfarir þeirra sem voru okkur framandi, ekki aðeins okkur börnunum heldur líka fullorðnu fólki sem flest rétti þeim þó fyrst í stað hjálparhönd í neyð þeirra. En í skilnings- og þroskaleysi okkar var þeim engin miskunn sýnd, fremur en öðrum sem gáfu á sér höggstað; þeim var strítt og atast í þeim og hæðst að ýmsum tiltækjum þeirra.

Mér er hugleikið að máta saman hið stóra samhengi og lítinn heim, sögulega þróun og persónuleg örlög; skoða hið smáa í ljósi hins stóra og hið stóra í ljósi hins smáa. Hvernig reiðir einstaklingi af í voldugum straumum sögu og samtíma, átökum menningarheima, hugmyndafræði eða í brotaskjálftum stórvelda? Líkt og Hans Jónatan, sá svarti karabíumaður, þrælsbarnið sem fer um langan veg milli álfa og menningarheima og verður á endanum sjálfstæður bóndi við Djúpavog á Íslandi; heillandi saga.

Það sem barnsaugað nam geymist vel í minni, en með þroska og skilningi fá minningarnar nýja vídd og það verður áleitið og lærdómsríkt að endurmeta þann sjóð. Hér verður sagt frá framandi fólki en nú með því að setja sig í spor þess, skyggnast í sögu þess og sjá atburðina líka með þeirra augum. Setja vanda þeirra í stærra samhengi.

Fyrsta skipulagða flóttamannaaðstoð Íslendinga

Nú á tímum eru til mikil fræði um erfiðleika og sálarstríð flóttamanna. Vandi flóttamanna og þeirra samfélaga, sem við þeim taka, er eitt umtalaðasta mál samtímans, og um leið hið umdeildasta. Engum dylst að sá vandi er mikill, en skoðanir eru ólíkar og jafnvel alveg andstæðar, stundum öfgakenndar og byggðar á fordómum og tortryggni í þeirra garð.

Viðtaka 52 ungverskra flóttamannanna rétt fyrir jól 1956 er fyrsta skipulagða flóttamannahjálpin hér á landi. Flóttamenn höfðu margir komið til Íslands fyrr á öldinni, ekki síst á valdatíma nasista fyrir stríð, en það voru einstaklingar, - sem því miður áttu fæstir miklum skilningi að mæta. Móttaka Ungverjanna var að nokkru sjálfsprottin. Rauði krossinn á Íslandi bar þó ábyrgð á verkefninu með stuðningi íslenskra stjórnvalda. Enginn einn maður á meiri heiður af þessu björgunarverki en dr. Gunnlaugur Þórðarson lögmaður sem þá sat í stjórn Rauða krossins og var framkvæmdastjóri hans. Gunnlaugur var um margt óvenjuleg persóna, fór hvorki troðnar slóðir á lífsbraut sinni né var í hátt eins og flestir aðrir, en hann vann margt öðrum til þarfa. Ævisaga hans, Ævibrot (1990), er stórfróðlegur lestur.

Dr. Gunnlaugur Þórðarson lögmaður. Hann var upphafsmaður þess að Rauði krossinn og stjórnvöld byðu ungverskum flóttamönnum hæli hér á landi eftir uppreisnina 1956. Hann var þá framkvæmdastjóri Rauða krossins og fór sjálfur til Vínarborgar að sækja flóttamennina 52. Hann reyndist árum saman mikil hjálparhella Ungverjunum sem hingað komu og ílentust hér á landi.

Hrammur Stalíns yfir Austur-Evrópu

Það varð niðurstaða á ráðstefnu forustumanna „Bandamanna" – Breta, Bandaríkjamanna og Rússa, – þegar herfangi var skipt að loknu seinna stríði að Stalín réði Austur-Evrópu. Viðhorf hans byggðust ekki á því að endurreisa frelsi og lýðræði í þeim löndum, sem nasistar höfðu malað í duft, koma þeim á fætur á ný efnahagslega, heldur að kúga þær undir járnhæl sínum, troða upp á þær kommúnisma í rússneskri útgáfu. Máttu þessar þjóðir búa undir því oki og ófrelsi, stöðnun og farbanni í hálfa öld er heimsveldi Kremlverja loks hrundi undir sjálfu sér, nærri því á einni nóttu. Af veikum mætti reis almenningur upp og reyndi að hrinda af sér ófrelsinu, í Austur-Þýskalandi 17. júní 1953, Póllandi sumarið 1956 (Gómúlka), í Ungverjalandi í október sama ár og loks Tékkóslóvakíu 1968 (Dubcek). Ógnarstjórnin í Ungverjalandi var verri en annars staðar, eins og Hjalti Kristgeirsson, þá námsmaður í Búdapest, lýsti eftirminnilega í athyglisverðum útvarpsþáttum 60 árum síðar. Þar gengu dyggir þjónar Stalíns fram af slíkri grimmd gegn landsmönnum að furðu sætir.

En með undrum má líka telja að allan þennan tíma skyldi vera til hallelúja-kór á Vesturlöndum, þar á meðal á Íslandi, sem þó bjó við frelsi og framfarir, en lofsöng þessa „sigurbraut fólksins" í Austur-Evrópu. Ógnarstjórnin og aðfarirnar 1956 voru varðar í greinum og fréttum, m.a. á Íslandi („hjálp Rússa", „aðstoð og skylda sovéthersins", „ábyrgðarleysi Nagy" o.s.frv., Réttur), og margir í kórnum sýndu um árabil ótrúlega tortryggni þessum flóttamönnum sem hraktir og hræddir komu til Íslands frá Ungverjalandi 1956. Málgagn þeirra, Þjóðviljinn, segir lesendum sínum þegar í mars 1957 frá sjónarmiðum manna sem mark má taka á og birtust í „stórblöðum" vestan hafs. Þar kemur fram að tæpur helmingur ungversku flóttamannanna sé „glæpalýður og ævintýramenn". Þessar trúverðugu frásagnir réttlæti því þá skoðun sem látin var í ljós við komu ungversku flóttamannanna til Íslands 1956 að „hætt væri við því að misjafn sauður væri í mörgu fé". Slík var hin pólitíska blinda, og orðræðan minnir óþægilega á öfgasjónarmið í samtímanum gagnvart flóttamönnum.

> *Málefni flóttamanna, „flóttamannavandinn", er oft á dagskrá samfélagsumræðunnar, kannski einn mesti vandi sem Vesturlönd búa nú við og harðast er deilt um. Sagan af komu ungverskra flóttamanna til Íslands 1956, og hluta þeirra til Vestmannaeyja 1957, er merkilegur vitnisburður um fyrstu reynslu Íslendinga af móttöku flóttamanna. Örlög þeirra Ungverja, sem komu til Eyja, urðu nokkuð sérstök.*

Uppreisnin Búdapest í október 1956

Eftir um það bil áratug þraut ungversku þjóðina þolinmæði, hún reis upp af krafti og dirfsku og reyndi að hrinda af sér Sovétvaldinu og kommúnistastjórninni, skósveinum þess. Þetta var í október og nóvember 1956. Nöfn aðalpersóna í þessum hildarleik urðu þá blaðalesendum og útvarpshlustendum kunn um allan heim, líka í Eyjum, nöfn eins og Imre Nagy [„Nass" eins og við bárum það fram]. Ég man hvað mér þótti hann líkur nágranna mínum, Jóni seglasaumara í Grafarholti, með hornspangargleraugu, yfirvararskegg og þykkar augabrúnir. Rakósi og Gerö, skuggalegir náungar, voru einnig nefndir títt, svo og svikarinn sem við tók, Janos Kadar, sem sat svo á tróni í meira en 30 ár. Tákngervingur andstöðunnar gegn kommúnistum (og áður nasistum), Mindszenty kardínáli, var stöðugt fréttaefni árum saman; hafði síðar hæli í bandaríska sendiráðinu í Búdapest.

Byltingin var kæfð niður, miskunnarlaust, með skriðdrekum og blóð ungra manna og kvenna flaut um stræti Búdapestar. Í angist flúðu um 200 þúsund Ungverjar úr landi, flestir til Austurríkis, bæði af ótta við byssurnar en líka frá því vonleysi og þeirri niðurlægingu sem blasti við niðurbörðum Ungverjum eftir þessa atburði.

Atburðirnir í Ungverjalandi haustið 1956 og framganga Rússa vakti óhemju athygli og andúð um allan heim, og örlög ungversku þjóðarinnar snurtu almenning bæði vestan og austan járntjalds, þótt engin þjóð sæi sér fært að skerast í leikinn og hjálpa Ungverjum. Uppreisnarmenn gátu varla hitt á verri tíma í heimspólitíkinni, Súes-deilan í algleymingi: þjóðnýting Nassers á Súesskurðinum í júlí, í október og nóvember hernámu Ísraelsmenn Sínaí og svo hefja Frakkar og Bretar hernað gegn Egiptum; og viðsjár eru víða um heim. Fyrr um sumarið var mikill órói í Póllandi. Uppreisnin og hernaður Rússa í Ungverjalandi varð fylgismönnum Sovétmanna, kommúnistum, bæði hér á landi og annars staðar, mikið áfall. Margir sögðu skilið við flokkinn eða fylltust efa um hvort sovéska skipulagið væri sú hin mikla von mannkyns sem þeir höfðu trúað, e.t.v. aðeins grá grimmdarpólitík manna með völd. Þetta „sjokk" flokksfélaga sinna kallaði Þórbergur „að bila í Ungó".

Austurríki varð fyrst ári áður, 1955, frjálst og fullvalda ríki eftir styrjöldina og átti landamæri að Ungverjalandi. Það var því næst að flýja þangað, í öruggt skjól, margir í þeirri von að komast svo áfram vestur á bóginn, til Vínar, til Parísar og Þýskalands, Kanada, Bandaríkjanna o.s.frv.

Íslendingar taka við sér

Samúðin með uppreisnarmönnum og flóttamönnunum var rík á Íslandi eins og annars staðar. Að beiðni Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna fór af stað landssöfnun til aðstoðar flóttafólkinu í Austurríki stuttu eftir þessa ógnaratburði. M.a.s. prestarnir í Vestmannaeyjum, sr. Kolbeins og sr. Hlíðar, biðja seint í nóv. 1956 Vestmanneyinga í ávarpi í bæjarblöðum að leggja henni lið.

Þegar áhugi vaknaði hér á landi á að taka þátt í björgunaraðgerðum og bjóða nokkrum hópi Ungverja að koma hingað til lands vildi forsætisráðherrann, Hermann Jónasson, miða við svipað hlutfall og aðrar þjóðir höfðu. Út frá því gekk Rauði krossinn og dr. Gunnlaugur. Sá kraftmikli og djarfi, en e.t.v. dálítið hvatvísi maður, lét nú hendur standa fram úr ermum. Með því fé, sem hafði safnast og stuðningi stjórnvalda, fékk hann Gullfaxa, DC-4 Skymaster-flugvél Flugfélagsins, fjögurra hreyfla, á leigu og var henni var flogið til Vínar 13. des. 1956. Vélin fór hlaðin hjálpargögnum, teppum og matvælum, en erfitt reyndist að komast á áfangastað sökum þoku og slæmra veðurskilyrða. Eftir samstarf og samráð við Rauðakrossfélög þar syðra, og ýmiss konar snúninga og ævintýri, tókst Gunnlaugi á endanum að safna saman úr flóttamannabúðum 52 Ungverjum sem gátu hugsað sér að fara alla leið til Íslands og flaug með þá heim.

Flugferðin tók mjög á farþega, veður var slæmt og öryggismál í tæpasta lagi. Ferðalagið hófst með því að vélin bilaði fyrir flugtak (nefhjólið) svo að olli sólarhringstöf. Ungverjunum fundust ekki allir íslensku farþegarnir, sem fóru með vélinni heim, nærgætnir í orðum við þá þegar spurt var um Ísland. En á Þorláksmessu var svo lagt af stað. Millilent var í Prestwick við Glagow. Á leiðinni þaðan og heim bilaði hreyfill, og síðar annar, og á endanum, kl. 3 aðfaranótt aðfangadags, lenti vélin á tveim hreyflum á Reykjavíkurflugvelli og mun þá flestum um borð hafa létt, Ungverjunum, Íslendingunum fimm sem voru með hópnum, Gunnlaugi, Högna Torfasyni fréttamanni og þremur íslenskum námsmönnum, svo og áhöfninni. Þá var skammdegið svartast, en veðrið þess utan hryssingslegt. - Svo vildi til að Nixon, þá varaforseti Bandaríkjanna, hafði haft dagsviðdvöl á Þorláksmessu í Reykjavík; sagðist hafa samúð með ungversku þjóðinni en Bandaríkjamenn vildu ekki skerast í leikinn.

Aðhlynning í Melaskóla og sóttkví í Hlégarði

Farið var strax með flóttafólkið í Melaskóla til aðhlynningar þar sem voru sex hjúkrunarkonur, og fékk það mat og föt, komst í bað og naut heilbrigðisskoðunar. Síðan var ekið með flóttafólkið í Hlégarð í Mosfellssveit þar sem það bjó yfir jól og áramót, var í sóttkví. Reynt var að skapa jólastemningu, en Ungverjunum þótti íslenski maturinn skrýtinn og ekki allur bragðgóður. Einnig voru veittar lágmarks-upplýsingar um Ísland. Lengri eða skipulegri var sú aðstoð ekki. En upp úr því voru Íslendingar hvattir til að taka flóttamennina í vinnu; vel var brugðist við því og brátt tóku flóttamennirnir að síast inn í íslenskt samfélag, sjá fyrir sér og koma sér fyrir í nýjum heimkynnum. Varla þætti þessi stuðningur og „aðlögun" fagmannleg á okkar dögum. Rauði krossinn gefur nú út 100 bls. handbók um móttöku flóttamanna,

skipar stuðningsfulltrúa o.s.frv. Helstu hjálparmenn voru hjónin Andrés Alexandersson, sem var ungverskur (Andras Kacskés), og kona hans Inga Snæland, en þau höfðu flúið Ungverjaland 1948. Þau túlkuðu og leiðbeindu flóttafólkinu og reyndust því vel.

Nú vekur það nokkra furðu hve skilningur Íslendinga á aðstöðu flóttamannanna var lítill og stuðningur takmarkaður. Lífshættir flóttamannanna voru, eins og vænta mátti, afar framandi, tungumálið fjarlægt og tungumálakunnátta þeirra nær engin, veðurfar og landslag nýtt fyrir þeim, bjargvegir fólks, vínmenning, matarhæfi o.s.frv. öðru vísi. Uppeldishættir aðrir og umgengnisvenjur aðrar, svo og trúarbrögð.

Eigi að síður féllu flestir flóttamannanna undrafljótt inn í samfélagið á Íslandi, einkum yngsta fólkið, aðrir áttu í erfiðleikum en sigruðust á þeim og loks voru þeir sem rákust illa, réðu ekki við nýjar aðstæður og hurfu annað, sumir heim, oft illa haldnir af heimþrá og undir heitu ákalli ættingja.

Almennt hlaut dr. Gunnlaugur lof fyrir framgöngu sínu og skörungsskap, en ritstjóri og leiðarahöfundur Þjóðviljans gerir val hans á flóttamönnum tortryggilegt og sendir Gunnlaugi, sem bauð til blaðamannafundar strax eftir jólahátíðina, tóninn, segir að Gunnlaugur hafi á fundinum verið eins og „fyrirmaður, nýkominn af þrælamarkaði". Kaldar kveðjur á köldum degi í köldu stríði. Gunnlaugi sárnaði mjög. Ritstjórinn fékk að heyra það, enda vakti leiðarinn almenna hneykslan, líka meðal flokksmanna hans. Slíkt tal féll niður nema hvað blaðið Austurland (Bjarni Þórðarson á Neskaupstað) fór í sporin og líkti Gunnlaugi nokkru síðar við „samviskulausan þrælakaupmann". Svona gat pólitískur ofsi í kalda stríðinu ýtt dómgreindinni út í horn.

Helgi Benediktsson tekur til sinna ráða

Einn þeirra, sem af áhuga og ríkri samúð, fylgdist með atburðunum í Ungverjalandi var Helgi Benediktsson, útgerðarmaður og kaupmaður í Eyjum. Hann skrifaði Hermanni Jónassyni forsætisráðherra bréf seint á árinu 1956 og bauðst til að taka við nokkrum hópi flóttamanna, 10-12, tveim fjölskyldum eða svo, og útvega þeim vinnu í fyrirtækjum sínum í Eyjum. Helgi átti töluvert íbúðarpláss fyrir verkafólk sitt og sjómenn. Páll Helgason, sonur Helga, segir mér að svo hafi staðið á hjá föður sínum að íbúðir á Hásteinsvegi 7 hafi verið lausar, og raunar hafi Helgi ætlað að selja það hús, en enn fremur átti hann Bjarma við Miðstræti þar sem voru nokkrar íbúðir, og ein þeirra laus. Úr varð að 10 Ungverjar ákváðu að koma til Eyja á vegum Helga í jan. 1957. Þeir gistu fyrst á Hótel HB, sem Helgi átti og rak, en fengu svo aðsetur í þessum íbúðum. Hópurinn, þ.e. fullorðna fólkið, fór svo að vinna, t.d. á hóteli HB, í fiski og öðru, en tók út vörur hjá Helga.

Vestmanneyingar tóku þessu nauðstadda fólki vel, menn og konur og jafnvel börn, komu með potta og pönnur, húsgögn, leikföng og hvað eina. Menn fóru í geymslur sínar og tíndu til það sem til nytja gat orðið fyrir allslaust fólkið.

Tvær tengdar fjölskyldur og tveir einstaklingar

Til Vestmannaeyja komu tvær fjögurra manna fjölskyldur og tveir einstaklingar þeim óskyldir. Önnur fjölskyldan settist að á Hásteinsvegi 7 en hin í Bjarma og var húsfreyjan þar dóttir hjónanna á Hásteinsveginum.

Á Hásteinsvegi 7 bjó fjölskyldan Horváth. Það ættarnafn er afar algengt í Ungverjalandi og segir því enga nánari sögu. Ættarnöfn eru skrifuð á undan skírnarnöfnum í ungversku. Og börn bera oft skírnarnöfn foreldra sinna.

Laszlo Horváth, heimilisfaðirinn, var 46 ára. Hann þótti duglegur og vinnusamur eins og allir Ungverjarnir, en nokkuð ákveðinn og harðskeyttur, og umfram allt ákaflega þrjóskur. Hann var mjög handlaginn við sín verk.

Zsanet, kona hans, var 49 ára. Hún var ákveðin kona og dugleg, réð miklu á heimilinu en kunni fljótt illa við sig í Eyjum, mállaus, þoldi illa kuldann. Heimþráin vaknaði fljótt með henni og óx með hverju missiri.

Þau áttu tvíbura, 16 ára gamla:

Adél, sem þótti hin mesta myndarstúlka, þá 17 ára.

Atila, bróðir hennar. Hann þótti líka myndarpiltur, kvennayndi sem stelpurnar í Eyjum skutu auga að.

Á Hásteinsveginum bjuggu líka tveir einstaklingar, en óskyldir fjölskyldunni:

Istvan Juhasz, 32 ára, síðar betur þekktur sem „Stebbi Ungverji". Stefán kynntist Horváth-fjölskyldunni fyrst á flóttanum yfir Ungverjaland, en hann bjó ekki langt frá heimabæ Horváth-fjölskyldunnar, fæddur í Hed í Austur-Ungverjalandi.

Imre Bácsi, tvítugur, f. 1936 í bænum Hajdu í Austur-Ungverjalandi. Hann var myndarmaður, lágur á vöxt og margir minnast hans sem mesta ljúfmennis. Hann var glúrinn boltamaður. Hann var í Eyjum nokkuð fram yfir 1960, en hvarf svo og er fátt vitað hvað um hann varð.

Þannig er búsetan skráð frá 1957 til 1959, en bæði Stefán og Imri fengu inni á verbúð þegar þeir fóru að vinna í Vinnslustöðinni.

Í Bjarma við Miðstræti 4 bjó í austurenda á 1. hæð fjölskyldan Duzsik, og þar man ég þessa nágranna mína vel.

Istvan Duzsik hét fjölskyldufaðirinn, 31 árs, hörkuduglegur maður og nokkuð harður í horn að taka og ákveðinn. Mörgum í húsinu fannst hann aga börn svo harðlega að þeir skárust stundum í leikinn til að hlífa þeim.

Húsið Bjarmi, Miðstræti 4, var lengi í eigu Helga Benediktssonar. Þar bjó Duzsik-fjölskyldan 1957-1960, í austurenda á 1. hæð (hægra megin á myndinni). Áfast við íbúðarhúsið vestanmegin var vefnaðarvöruverslun í eigu Helga Ben. Myndin er frá 5. eða 6. áratugnum. Mannfjöldinn fyrir utan bíður þess að opnað verði og sala hefjist á nýjum innfluttum vörum.

Hásteinsvegur 7, hús í eigu Helga Benediktssonar um árabil. Þar bjó Horváth-fjölskyldan 1957-1959, hjón með 17 ára tvíbura. Á myndinni má sjá portið þar sem Ungverjarnir kveiktu bál og höfðust við kvöldið eftir að þau voru borin út.

Erzsebet (eldri), 25 ára, var kona hans, myndarleg og dugleg, þrifin og nýtin á það sem í boði var; tíndi m.a. blóðberg og kryddjurtir vestur í Hrauni til að hafa með mat. Blóm tíndi hún líka og gerði blómaskreytingar sem krakkar þeirra seldu við Bókabúðina. Hún reyndi að viðhalda mið-evrópskri matarmenningu á heimili sínu og gaf lítið fyrir franskbrauðið í Vogsa-bakarí og normalbrauðið í Magnúsarbakarí eða kjötfarsið í kaupfélaginu.

Þau hjón áttu tvö börn, sem hétu sömu nöfnum og foreldrarnir:

Erzsebet (yngri), 7 ára. Hún var oftast kölluð „Elísabet". Af henni er merkileg saga, einn aðalheimildarmaður minn um flóttafólkið í Eyjum. Hún bjó síðar lengi í Ungverjalandi, svo sem síðar verður frá sagt, en er nú myndarleg húsmóðir í Keflavík.

Istvan (yngri), 4 ára. Hann var oftst kallaður „Stefán".

Í Bjarma var þröngt um fólk, opinn kjallari og hreinlætisaðstaða afar bágborin eða nær engin. Þau hjón, Istvan og Erzebeth, eignuðust svo barn haustið 1957, Laszlo, og stúlku tveim árum síðar, Adél, í febrúar 1959. Þess má svo geta að þau hjón eignuðust síðar tvö börn eftir að þau komu til Ungverjalands, Ferenc Csik 1965 (var ættleiddur) og Isabellu 1969. Þau koma ekki við þessa sögu.

Ekki er annað að sjá en Ungverjarnir hafi unað hag sínum sæmilega fyrstu missirin í Eyjum við þá vinnu sem þeir fengu, og ekkert fararsnið á þeim þótt þeim hafi eflaust verið órótt í sinni eftir reynslu sína. Zsanet gamla fyllist þó fljótt mikilli heimþrá sem sækir svo hart á hana að nærri stappar sturlun. Hún er döpur við vinnu sína, grætur stundum, og stúlkurnar, sem eru með henni á borði í Ísfélaginu, reyna að hugga hana, syngja fyrir hana og vekja hjá henni gleði. Eitt kvöld ráfar hún út í örvilnan sinni og finnst um síðir í myrkri inn á Eiði og grætur þar af þrá til heimahaganna. Erzebeth, dóttir hennar, fyllist líka heimþrá og saman verða þær mæðgur þess fljótt hvetjandi að fjölskyldurnar hverfi aftur til Ungverjalands. Það fannst mönnum þeirra koma til greina ef og þegar rofaði þar til á ný, en þau gætu þessi missirin átt á hættu að verða sett í fangelsi og ekki gengið að eigum sínum á ný.

Erzsebet (Elísabet) og Istvan (Stefán), elstu ungversku börnin í Bjarma. Myndin er tekin út á Skansi fyrir 1960, hún 9 ára og hann 6 ára.

Bakgrunnur fólksins og flótti þess frá Ungverjalandi

Fjölskyldurnar tvær, sem flúðu alla leið til Eyja 1957, bjuggu í bænum Putnok í Norðaustur-Ungverjalandi þegar uppreisnin hófst í okt.-nóv. 1956. Stebbi Ungverji bjó þar skammt frá. Hann var hermaður er uppreisnin hófst en kastaði vopnum og úniformi og fylgdi nágrönnum sínum á flóttanum, og síðar alla leið til Eyja. Imre, sem var líka frá Austur-Ungverjalandi, kynnist fjölskyldunum tveim ekki fyrr en í flóttamannabúðunum í Austurríki, gerðist góður vinur Atila og slóst svo í för með hópnum þegar ákveðið var að fara til Íslands. „Imre var góður strákur" segir Erzsebet yngri.

Fjölskyldan bjó við ágætar aðstæður og kjör á heimaslóðum í Ungverjandi þegar uppreisnin hófst. Þau áttu stórt tvílyft hús og höfðu kýr, svín, hænsni, hesta, víðlend tún og akra og nýttu svo ýmsan jarðargróða, gerðu vín og safa. Þangað komu margir að eiga viðskipti við þau, kjöt, mjólk, jógúrt, vín o.fl.

Putnok er í Görmör-Kishont-héraði sem á sér langa sögu átaka og valdastreitu milli fursta og greifa á miðöldum. Við lok fyrri heimsstyrjaldar féll héraðið að mestu undir hina nýstofnuðu Tékkóslóvakíu en allra syðsti parturinn þó til Ungverjalands, þar á meðal Putnok. Á þessum slóðum í Norðaustur-Ungverjalandi er margt um sígauna (rómafólk); óvíst hve margir þeir eru, en á bilinu 5-15% þjóðarinnar. Ýmislegt í fari Ungverjanna í Eyjum kallaði fram þá spurningu hvort þeir væru sígaunar. En svo var alls ekki, þótt eflaust hafi orðið blóðblöndun í gegnum aldir og menningaráhrif milli hópa. Sígaunar eru jaðarfólk og ekki í miklum metum meðal annarra Ungverja. Þeir búa við mikla fordómar og svo mun hafa verið árið 1956 að enginn sígauni sótti háskólanám í Búdapest.

Ekki pólitísk, en ótti og flótti

Horváth- og Duzsik-fólkið hafði sig ekki í frammi í stjórnmálum en fann eins og aðrir landsmenn fyrir stöðnun, ófrelsi og kúgun heima

Helgi Benediktsson, útgerðarmaður, kaupmaður og fleira. Hann var aðalhvatamaður þess að fá ungverska flóttamenn til Eyja og útvegaði þeim íbúðir.

Tvíburasystkinin á Hásteinsveginum, fædd 1941: Atila og Adél Horváth. Atila býr í Ungverjalandi en kom til Eyja á ný eftir að járntaldið féll 1991 og vann í Vinnslustöðinni í nokkur ár. Adél giftist hermanni á Keflavíkurflugvelli og býr nú í Bandaríkjunum.

fyrir. Þau fylgdust með framvindu mála í október og nóvember 1956. Skyndilega óku sovéskir skriðdrekar með hermenn inn í litla bæinn þeirra, Putnok. Börn og fullorðnir söfnuðust saman í hóp við aðalveginn til að sjá drekana og hermennina og fylgjast með því sem fram fór. Allt í einu stöðvaði einn skriðdrekinn ferð sína, og sneri byssuhúsinu að hópnum. Erzsebet yngri, þá 6 ára, segist hafa stirðnað af hræðslu og vissi ekki hvað beið sín. „Þeir ætla að drepa okkur" hrópaði mamma hennar. Eftir orðaskak milli hermannanna virtist sem einum þeirra tækist að afstýra blóðbaði, skriðdrekinn sneri frá og hópurinn andaði léttara. Hermenn voru víða á vappi, létu ófriðlega, nauðguðu stúlkum og fólk var mjög hrætt. Blóðbað verður í Búdapest, 3000 manns falla í valinn, 30 þúsund manns liggja særðir, og hin nýja stjórn Kadars lætur myrða 400 manns, þar á meðal forustumenn uppreisnarinnar (Maleter hershöfðingja, og rjúfa svo síðar grið á Nagy og láta hengja hann). Um 20 þúsund manns eru sett í fangelsi. Eftir þessa atburði og þegar ljóst er hvert stefnir grípur fullkomin örvænting um sig og fólk fer að streyma að landamærum Austurríkis.

Horváth- og Duzsik-fjölskyldan tekur sig upp af ótta um líf sitt, yfirgefur hús sitt og eignir, slátrar bústofni og leggur á flótta. Þau komast með lest þvert yfir Ungverjaland í átt að landamærum Austurríkis, sennilega um 400 km leið. Síðasta hluta leiðarinnar fara þau gangandi, mest um nætur og í rökkri, um skóglendi og maísakra þar sem stönglarnir skýla fullvöxnum manni. Þau fara hljóðlega, varast jarðsprengjur og „fölsk" landamæri. Ungverskir og sovéskir hermenn voru víða á kreiki og fangelsi eða bani búinn ef þau næðust. Bændur skutu skjólshúsi yfir flóttafólkið en stundum urðu þau að hírast undir berum himni. Veðrátta þessa nóvemberdaga var betri en venja var til.

Austurrískir landamæraverðir tóku flóttamönnunum vel, hlúðu að þeim og greiddu götu þeirra til Vínarborgar þar sem þau dvöldust um skeið í flóttamannabúðum sem komið hafði verið upp fyrir Ungverjana.

Þegar líður að jólum kemur svo tilboð um að fara til Íslands. Þeim leist vel á það land, frjálst og án herskyldu! Þau kveðja flóttamannabúðirnar við Vínarborg 22. desember.

Viðtökurnar í Eyjum

Þegar mesta samúðarbylgjan er liðin hjá og hinar hlýju móttökur hjá Helga Ben. og öðrum Eyjamönnum, - þeim svo sannarlega til sóma, - og hversdagsleikinn fer að setja svip sinn á líf flóttamannanna, þeir komnir í vinnu og ætlast er til þess að þeir sjái sér farborða, tekur margt í fari þeirra að vekja undrun og jafnvel nokkra furðu bæjarbúa. Skilningur og þolinmæði dvínar. Á árinu 1959, eftir rúmlega tveggja ára dvöl, slettist alvarlega upp á vinskapinn milli Horváth-hjónanna á Hásteinsveginum og Helga Benediktssonar; Laszlo taldi sig hlunnfarinn í launum og viðskiptum. Páll, sonur Helga, segir hins vegar að umgengni Ungverjanna hafi verið slæm, sóðaskapur og kvartanir hafi borist frá nágrönnum, þau ekki greitt leigu, jafnvel tengt rafmagn „fram hjá", alls konar vanræksla orðið o.s.frv. Svo fer að Helgi segir þeim upp leigunni enda flestir komnir í vinnu annars staðar en hjá honum.

„Forða oss frá vinum vorum"

En Ungverjarnir sitja sem fastast á Hásteinsveginum. Fær þá Helgi uppkveðinn útburðardóm yfir þeim og um mánaðamót febrúar-

Fjögur hinna fullorðnu Ungverja, talið frá vinstri: Imre Bácsi, Adél, Zsanet og Erzsbet eldri. Myndin gæti verið tekin á Stakkagerðistúninu um 1960. Imre hvarf skömmu síðar og ekki vitað með vissu um örlög hans. Zsanet Horváth (amma) er hér með dætur sínar, Adél og Erzsebet Duzsik, húsfreyju í Bjarma.

mars 1960 eru þau borin út. Þau taka þá til bragðs að hreiðra um sig í portinu við húsið á Hásteinsveginum; kveikja bál til að hlýja sér og elda sér súpu og mat. Margir, sem áttu leið fram hjá, urðu furðu lostnir og þessi atburður hefur greypst í minni þeirra. Nokkrir komu til að sýna Ungverjunum stuðning. Endirinn verður sá að góðviljaðir menn bjóða fram aðstoð sína, og voru þar sérstaklega nefndir Jóhannes „pól." Albertsson í London og Ketill Brandsson sem raunar hafði reynst flóttafólkinu með afbrigðum vel allt frá upphafi. Bæjaryfirvöld, framfærslunefnd og barnaverndarnefnd hafa engin afskipti af málinu að því er séð verður. Loks fá Ungverjarnir inni í Stakkagerði sem þá stóð autt, í eigu Guðmundar Böðvarssonar trésmiðs. Austurendinn hafði skemmst nokkuð í bruna, og ætlunin var að rífa húsið. Þangað flyst Horváth-fjölskyldan þegar Laszlo gamli hefur standsett húsið svo að það sé íbúðarhæft, eða vestari hluti þess. Þar eru þau vetrarlangt og fram á sumar 1960.

Allt er málið lagt Helga Benediktssyni út á versta veg, enda maðurinn umdeildur, bæði í viðskiptum og pólitík. Í Fylki í mars 1960 birtist greinin „Útburður" og þar er atburðum lýst Helga mjög í óhag og honum brugðið um „mannúðarleysi" og allt útburðarmálið sagt hið „hörmulegasta" þegar málavextir eru metnir og flóttamenn eiga í hlut. Helgi er talinn hafa brugðist því fólki sem hann hafi miskunnað sig yfir í fyrstu og beri því vissa skyldu gagnvart því. Loks segir greinarhöfundur: „Mættu Ungverjarnir ekki segja hátt og í hljóði: Forða oss frá vinum vorum?"

Vera má að áfellast megi Helga fyrir þessi hörðu viðbrögð, en þessi orð sýna líka heiftina í hans garð. Vissulega átti hann ýmsar málsbætur. Og hver var ábyrgð bæjaryfirvalda í málinu; lá hún hjá Helga einum?

Margar sögur verða til og ganga enn

Þegar Eyjamenn, sem enn muna ungversku flóttamennina, eru spurðir um þá færist oft bros yfir menn og margir kunna kátlegar og skrýtnar sögur um flóttamennina í þessu framandi umhverfi. Þær verða ekki endursagðar hér – aðrar en þær sem vöktu þjóðarathygli og komust á síður dagblaða. Þetta eru sögur um húshald þeirra, meðferð ungbarna, klæðnað, sumir hafi verið óeðlilega skapheitir, en líka sögur um hnupl á skóm, úr kartöflugörðum og að eignarrétturinn hafi ekki verið virtur út í æsar, misheppnaðar tilraunir til að fá þá í fótboltann því að hann var þjóðaríþrótt Ungverja, þeir heimsmeistarar og Puskas hinn ungverski frægasti knattspyrnumaður heims; aðeins Stebbi Ungverji komst í fótboltalið og var markmaður hjá Þór. Atast var í Ungverjunum, krökkunum strítt, og er sá sem hér lemur lyklaborð, þá 8-10 ára gamall, ekki saklaus af þeim ósóma, fremur en aðrir í krakkastóðinu í miðbænum, í nágrenni Bjarma við Miðstræti. – Atila segir síðar í viðtali að þeim Ungverjum hafi þótt vera bil á milli þeirra og Eyjamanna, ekki fjandskapur en skilningsleysi og vanþekking á menningu þeirra og aðstæðum; fáfræði sem átti rætur í einangrun Eyjasamfélagsins að hans mati.

Bruggað og selt

Á þessum árum var héraðsbann í Eyjum, engin áfengisverslun í bænum, en vín keypt í ábyrgðarkröfu frá ÁTVR í Reykjavík, oft í stórum skömmtum. Eins og nærri má geta varð oft vínþurrð í landlegum í svo stórri verstöð og þá gat verið gott að „eiga kröfu" (á pósthúsinu). Margir björguðu sér líka með heimilisiðnaði í kjallaranum hjá sér, „lögðu í" og suðu gambrann (mysuna), en mest til eigin nota og handa kunningjum. Bruggun og vínsala var refsiverð að lögum. Þetta hefur sjálfsagt komið Ungverjunum á óvart, þeir voru í aldaraðir vanir vínrækt og settu vín sín á markað eða seldu hverjum sem var. Þeir sáu fljótt að hér væri búhnykk að hafa og aukatekjur eins og heima, tóku að brugga eftir sínum aðferðum og selja. Ekki leið á löngu áður en þessi ólöglega starfsemi komst upp og voru Ungverjarnir kærðir og fengu dóm. Þetta þykja ekki alvarlegar syndir nú, en svo var í þá daga.

Dagblöðin birta stórar fyrirsagnir og er ekki alveg laust við að meira sé gert úr málinu en ef reykvískur leigubílstjóri ætti í hlut.

„Ungverjar, búsettir í Eyjum, dæmdir fyrir brugg."

Þar segir að tveir Ungverjar í Vestmannaeyjum (Horváth-feðgar, Laszlo og Atila) hafa verið teknir fyrir að brugga og selja. Fréttir af þessari starfsemi hafi borist út meðal manna í Eyjum og „hófust brátt allmikil viðskipti, sem döfnuðu með degi hverjum".

Það sem gerði fréttina skemmtilega var undirfyrirsögnin:

„Þeir kærðu sjálfir til lögreglunnar fyrir svik í viðskiptum."

Þar er sagt að svo hafi borið við „dag nokkurn eftir að degi var tekið að halla og rökkur færst yfir, að tvo viðskiptavini bar að víngarði Ungverjanna og var beðið um tvær flöskur af bruggi. Greiðslan var innt af hendi þarna í rökkrinu með 500 kr. seðli og fannst Ungverjunum það konungleg greiðsla. En vei! Þegar þeir brugðu seðlinum skömmu síðar upp að ljósinu var fimmhundruðkallinn ekki annað en mórauður bréfsnepill, klipptur út úr umbúðapappír. Þetta fannst Ungverjunum svívirðilegur hrekkur og til þess að ná sér niðri á sökudólgunum kærðu þeir málið fyrir bæjarfógetanum. Þannig hafi málið komist upp. – Nú hafa báðir Ungverjarnir verið dæmdir fyrir áfengisbrugg, en ekki er getið hvort hafst hefir upp á viðskiptavinum þeirra tveim."

Þessi lífseiga saga um að Ungverjarnir hafi kært svik í ólöglegum viðskiptum sínum fær þó ekki stuðning í réttarskjölum. Þar kemur fram að „svikin" fólust í því að þegar Atila hafði eitt sinn um miðnætti afhent viðskiptavinum tvær flöskur, eftir að þeir höfðu sýnt honum í veskið sitt, ýttu þeir honum inn fyrir hurðina og hlupust á brott með feng sinn. - Ekki er þó útilokað að báðar sögurnar séu sannar og að það hafi þá verið Istvan Duzsik í Bjarma sem fékk „umbúðarpappírinn" og síðan hlaupið til lögreglunnar í bræði sinni og kært svikarana, en um það eru ekki heimildir.

Allir hinna fullvöxnu Ungverja virðast hafa fengist við bruggun, og notað til þess ungverska aðferð, soðið mysu í stórum bala með loki yfir en sett undir skál sem áfeng gufan draup í. Imre er ekki kærður fyrir bruggun heldur vínsölu, en Stebbi leggur í heima í verbúðinni. Þegar gamli Laszlo, sem stendur mest í viðskiptunum, er kærður í árslok 1958 neitar hann harðlega allri „sök" en sonur hans vill engu skrökva. Það er ekki fyrr en sá gamli hefur setið einn sólarhring í gæsluvarðhaldi að hann viðurkennir allt saman og fær dóm. En hann lætur þetta sig engu skipta og heldur iðju sinni áfram, en af meiri gætni. Zsanet húsfreyja sér um fjármálin.

Lögreglan fór einu sinni í Bjarma til Duzsik-fjölskyldunnar (og á fleiri staði) til að kanna hvort þar væru ólögleg skotvopn. Svo reyndist ekki vera, en við þá leit kom í ljós mikill mysu-bali í eldhúsinu. Lögreglan ætlaði að sönnu að taka balann, en þá kippti húsmóðirin á móti til þess að spilla sönnunargagninu, og helltist þá allt gumsið bæði yfir hana og laganna verði.

Hrakfallasaga í útgerð

Ungverjarnir reyndu að bjarga sér í nýjum heimkynnum með fleiri ráðum en víngerð og sölu. Eins og öðrum dugandi mönnum í Eyjum fannst þeim rétt að láta til sín taka í útgerð. Ekki er þó vitað til þess að þeir hafi fengið neina tilsögn eða neinn fundið til þeirrar skyldu gagnvart þeim. En tiltækið var kannski álíka bjartsýni og að íslenskur sjómaður hæfi án tilsagnar maísrækt á sléttum Ungverjalands.

Dagblöðin segja frá því í janúar 1959 að nýlega hafi sex Ungverjar í Eyjum myndað með sér útgerðarfélag, keypt trillu og hafið róðra. Trillubátar fengust á lágu verði enda höfðu handfæraveiðar brugðist ár eftir ár. Það mun hafa verið Birgir Sigurjónsson á Sólheimum sem seldi þeim trilluna. Síðan koma sögurnar sem lengi hafa lifað: Í einum fyrsta róðrinum var sagt að Ungverjunum hefði þótt krókur að fara fyrir Heimaklett á heimstími og viljað stytta sér leið. Þeir tóku því stefnuna á Eiðið, en sigldu bátnum þar í strand og laskaðist trillan talsvert. Farið var að óttast um þá og bátur sendur að leita þeirra og kom þá í ljós hvar trillan var. „En af áhöfninni er það að segja að hún komst í land og komu Ungverjarnir fótgangandi heim til sín um kvöldið."

Og enn hélt fjörið áfram. Þegar búið var að laga bátinn fóru Ungverjarnir aftur í róður og lögðu fimm línubjóð en láðist að setja belg við þau, svo að heila „klabbið" sökk til botns. Með aðstoð góðra manna (Sveins Hjörleifssonar í Skálholti o.fl.), sem slæddu eftir línunni, náðist hún upp að nýju. Síðan segir: „Þegar komið var með hana til lands um kvöldið, settust Ungverjarnir, þ.á m. 2 konur, undir ljósker úti á götu við að dytta að veiðarfærunum, greiða þau sundur og beittu um leið." Hefur Vestmanneyingum ekki þótt þetta björguleg útgerð, né sá háttur þeirra að koma jafnan siglandi heim í hádegismat, og ekki síður

Horváth-hjónin, Laszlo og Zsanet, með dóttur sinni, Adél. Myndin er tekin á góðviðrisdegi inn í Friðarhöfn, sennilega sumarið 1958.

að binda stundum trilluna fast við bryggju á flóði.

Trillan strandar við Landeyjasand. Ungverjarnir taldir af

Ekki líður á löngu þangað til ungversku útgerðarmennirnir komast aftur í fréttirnar. Í mars 1959 eru þeir á veiðum á trillu sinni, en koma ekki að landi á eðlilegum tíma, svo að farið er að óttast um þá. Blaðið Vísir slær upp baksíðufrétt: UNGVERJA LEITAÐ Á SJÓ OG SÖNDUM Í NÓTT. Haft er eftir fréttaritaranum að þeir séu nú taldir af. Er Ungverjarnir fóru í róður mun sjóveður ekki hafa verið gott og reyndir menn á bryggjunni heldur latt þá til að fara út. Þeir hafi ekki sinnt þeim heilræðum frekar en öðrum um sjósókn sína. Alls fóru þrír á trillunni. Tveir þeirra voru búnir til að fara í róður, „en þegar trillan var að leggja frá landi stökk ungur piltur, einnig Ungverji, um borð" segir Vísir. „Var hann í sparifötum sínum, bláum buxum og hvítri skyrtu og þótti Eyjaskeggjum það ekki heppilegur búningur til að fara á skak. … Ási í Bæ, sem einnig var á sjó þennan dag, sá til Ungverjanna um þrjú leytið suðaustur af Elliðaey, suðaustan vindur en ekki hvasst." En þegar veður fór versnandi og leið fram á kvöld og Ungverjarnir voru ókomnir að landi var farið að óttast um þá og Slysavarnafélagið sett í málið. Varðskipið Þór fór þá að leita milli lands og eyja með kastljósum á öllu svæðinu, alveg upp í brot á Landeyjasandi og austur um. Ekki voru taldar nokkrar líkur á því að þeir hefðu getað lent uppi á Sandi í slíku haugabrimi og 8 vindstigum. Bændur voru vaktir upp um miðja nótt, en leit var erfið því að vegir og sandar voru ófærir bílum og því farið á hestum um fjörurnar. Ekkert sást nema brimskaflarnir við ströndina við „þungan sífelldan nið hafsins". Var leitað fram á dag en ekkert fannst.

Kraftaverkið

Víkur þá sögunni að Ungverjunum á trillunni. Þegar á daginn leið og línudráttur búinn bilar vélin í bátnum og þeir koma henni ekki í gang aftur. Rak þá nú undan sjó og vindi og vissu þeir ekki hvar þeir voru staddir. Höfðu þeir ekki hugmynd um að verið væri að leita þeirra. Þeir sáu leitarljós á Þór, en höfðu ekkert ljósker til að gera vart við sig. Bar þá nú stjórnlaust upp að landi og var ófagurt á að líta því að brim var mikið við sandinn og algerlega ólendandi opnum báti. En viti menn: báturinn flaut á réttum kili upp á sandinn, borinn þangað af briminu. Þarna er ægisandur, Fornusandar undir Eyjafjöllum, skammt austan Markarfljóts, og reyndist báturinn óbrotinn. Sumir segja að þetta hafi verið eina smugan eftir allri sandlengjunni til að komast lifandi í gegnum brimskaflana. Ungverjarnir vildu ekki yfirgefa bátinn og reyndu alla nóttina að draga hann svo hátt frá sjó að honum væri óhætt. Það tókst. Að því loknu sneru þeir til bæja. Næsti bær var Fornusandar, nokkuð afskekktur neðst á sandinum og fáförult þar um og ekki gestkvæmt. Þangað komast þeir yfir sandinn, talsverða leið, „ekki einu sinni blautir í fæturna", ómeiddir en nokkuð þjakaðir. Má nærri geta hvernig upplitið var á fólkinu þegar Ungverjarnir þrír bönkuðu þar upp í morgunsárið. Þeir báðu um að hringt yrði til Eyja og látið vita um þá en eftir hressingu fóru þeir að sofa, segir í blaðafregnum. Þótti nú enn sannast að ekki verður feigum forðað né ófeigum í hel komið. Vísir segir að tveir Ungverjanna séu fjölskyldumenn, og það hlýtur því að hafa verið Laszlo gamli og Istvan í Bjarma, en sá þriðji var „einhleypur".

Hér hafði gerst kraftaverk, „frægasta brimlending sögunnar" segir eitt dagblaðið.

Trillan var síðar flutt af sandinum til Þorlákshafnar og þaðan til Eyja. Ekki fer frekari sögum af útgerð flóttamannanna, og ekki fékk Birgir á Sólheimum neitt fyrir fleyið sitt. Síðar mun þessi trilla hafa komist í eigu Ólafs í Laufási og hét þá „Lubba".

En hver var Ungverjinn á „sparifötunum"? Það var ekki Atila. En þennan vetur, vertíðina 1959, kom til Eyja ungverskur flóttamaður, „Miska", um tvítugt. Hann vann í Fiskiðjunni, og bjó á Hásteinsvegi 7, í sama húsi og Horváth-fjölskyldan. Hann fluttist síðar, eftir nokkurn þveling, til Húsavíkur og þar býr hann enn, áttræður ekkjumaður, Mihály Töczik, f. 1938; heitir nú Michael Þórðarson, oftast kallaður „Mikki Ungverji". Þar á hann stóra fjölskyldu. „Ég var bara staddur þarna á bryggjunni og þeir tengdafeðgar komu vélinni ekki í gang. Ég stökk um borð og gat bjargað málum. Þá spurðu þeir mig hvort ég vildi bara ekki koma með í róður. Ja, hví ekki? sagði ég, en vissi ekki hvað beið mín næsta sólarhringinn!"

Mikka leið ágætlega í Vestmannaeyjum þennan vetur en fannst undarlegt hvað fjölskyldan á Hásteinsveginum var dugleg við að brugga. „Ég held að bruggsalan hafi verið veruleg tekjulind fyrir heimilið og þau safnað í sjóð" segir Mikki og skellihær!

Slagurinn í Stakkagerði

Stakkagerði var sögufrægt hús, stóð í miðju samnefndu túni, sem nú er útisamkomustaður Vestmanneyinga fyrir neðan Ráðhúsið, með styttu Guðríðar Símonardóttur (Tyrkja-Guddu) og minnismerki um Oddgeir tónskáld. Gísli Lárusson, gullsmiður og útgerðarmaður, sem á marga þekkta afkomendur í Eyjum, byggði þetta tvílyfta og reisulega timburhús og bjó þar til æviloka. Síðar bjuggu þar Matthildur og Sigurður Bogason bæjargjaldkeri og þau og börn þeirra kennd við húsið. Þau flytjast úr húsinu skömmu fyrir 1960 og bærinn kaupir húsið og fær í hendur Guðmundi Böðvarssyni trésmiði til niðurrifs gegn því að hann hirði „slátrið", þ.e. timbrið sem til féll. Guðmundur segir Ungverjunum fljótlega upp húsnæðinu og ekki er að sjá að þeim hafi verið ætluð önnur íbúð eða bærinn talið sig hafa frekari skyldur við þá.

Einn góðan veðurdag í ágúst 1960 birtast menn frá Guðmundi Bö. og hefjast handa í austurhluta hússins, því plássi sem Ungverjarnir notuðu ekki. Ungverjunum líst ekki á blikuna þegar verkinu er svo haldið áfram og þeim engin miskunn sýnd. Þegar smiðirnir, Guðmundur og hans menn, koma á staðinn til að ljúka niðurrifinu snúast þrír Ungverjanna til varnar, ryskingar verða og hnífum er beitt. Tveir trésmiðirnir hljóta áverka, Guðmundur höfuðhögg, sennilega frá Laszlo gamla, og til annars manns leggur Istvan með hnífi, særir hann á hendi og er farið með hann á spítala. Zsanet, kona Laszlos, fær þungt högg á læri svo að gera þarf að því. Virðist sem um síðir hafi verið samið vopnahlé, góðir menn stilla til friðar; aðrir segja að Ungverjarnir hafi forðað sér þegar Þórður í Haga, starfsmaður Guðmundar, kom á staðinn, þungur á brún og ekki árennilegur, með sög í annarri hendi og exi í hinni.

Sagt er frá þessum atburðum í blöðum undir stórum fyrirsögnum: Hnefahögg og hnífstunga. Og undirfyrirsögninin er Ungverjarnir í Vestmannaeyjum réðust að íslenzkum feðgum með ofbeldi. Tæpu ári síðar eru svo sagt frá þessum átökum í vinsælum dálki í Alþýðublaðinu, „Hannesi á horninu", en frá öðru sjónarmiði; samúðin er öll Ungverjanna megin, skrifuð af manni (Eyvindi G. Friðgeirssyni) sem hafði kynnst þeim og unnið með þeim: Svívirðileg; framkoma gagnvart flóttamönnum hér.

Eftir þennan slag fer Laszlo til Reykjavíkur, leitar fyrir sér um húsnæði og kaupir íbúð við Bergþórugötu þótt félítill sé. Henni héldu þau hjónin fram að skuldadögum ári síðar en þá flyst fjölskyldan til Ytri-Njarðvíkur og býr í húsinu Herðubreið.

Það varð jafnframt úr að Duzsik-fólkið í Bjarma flyst burt haustið 1960, en þau fara þá beint á Suðurnesin, fá þar vinnu og húsnæði. Fjölskyldurnar báðar búa þar þangað til þær fara af landi brott í október 1963, þá skráð í Ytri-Njarðvík. Þær sækja ekki um ríkisborgararétt þegar þeim gafst kostur á því haustið 1962.

Frá og með haustinu 1960 eru því allir ungversku flóttamennirnir farnir úr Eyjum, nema Stebbi sem bjó þar æ síðan, og Imre sem þó hverfur stuttu síðar úr Eyjum, svo að segja sporlaust.

Heimþráin sigrar að lokum.

Heimþráin sækir æ fastara á við vandræðin hér á landi og mótbyrinn ýtir undir hana. Erzsebet Duzsik yngri segir að það hafi fyrst og fremst verið amma sín, Zsanet, og svo mamma hennar, Erzsebet eldri, sem hafi ráðið úrslitum um það að farið var aftur heim til Ungverjalands, en menn þeirra hafi getað hugsað sér að vera áfram hér á landi, svo og allir aðrir í fjölskyldunum, þar á meðal hún, unga stúlkan - sem ætlaði jafnvel að fela sig á brottfarardegi. Flóttamönnunum virðist hafa gengið sæmilega að fóta sig á Suðurnesjum, höfðu vinnu og húsnæði. En konunum fannst kalt og þær áttu erfitt með málið. Þær fengu að ráða.

Fjölskyldurnar voru í bréfaskiptum við frænd- og vinafólk sitt í Ungverjalandi og þeim berast fréttir um það frá Ungverjalandi að Kadar-stjórnin hafi aðeins slakað á klónni til að draga úr spennu og slá á ólguna í landinu, og til að sætta landsmenn við örlög sín. Stjórnin kom að nokkru til móts við kröfurnar frá 1956, gerði umbætur í efnahagsmálum og dró úr afskiptum Flokksins af menningarlífinu. Og það sem mikilvægast var: flóttamönnum frá 1956 var veitt sakaruppgjöf.

Úr verður að níu Ungverjar úr upphaflega hópnum snúa til baka, þar af þrjú börn fædd hér á landi, og fara með Gullfossi til Hamborgar í október 1963. Það hefur aðallega verið Horváth- og Duzsik-fólkið. Adél, sem vann á Keflavíkurflugvelli, verður eftir enda komin í sambúð hérlendis. Frá Hamborg fór fólkið svo með lest til Búdapest

Ketill Brandsson og Atila Horváth. Myndin er tekin austan við Bjarma, sennilega 1958. Á bak við þá er „Pakkhús" Helga Benediktssonar og hinn vinsæli leikvöllur (fótboltavöllur) krakkanna í Miðbænum. Ketill var netamaður hjá Helga Ben. og reyndist Ungverjunum í Vestmannaeyjum sérstaklega hjálpsamur.

Þrjár kynslóðir: Laszlo Horváth (afi), tengdasonur hans, Istvan Duzsik í Bjarma (pabbi), með son sinn, Istvan yngri (Stefán). Myndin er sennilega tekin 1959 fyrir framan Hásteinsveg 7 þar sem Laszlo bjó. „Þetta voru duglegir en líka þrjóskir karlar" segir Erzsbet yngri.

Zsanet Horváth með dóttur sinni og tengdasyni, Duzsik-hjónunum. Þær mæðgur kvöldust af heimþrá og fengu því loks ráðið að fjölskyldurnar báðar fluttust til Ungverjalands á ný 1963, þegar tók að rofa til í landinu.



Stakkagerði, oft nefnt Eystra-Stakkagerði, Kirkjuvegur 40. Þar bjó bjó Horvát-fjölskyldan 1959-1960 er húsið var nánast rifið ofan af þeim og slagurinn varð milli Ungverjanna og Guðmundar Böðvarssonar og starfsmanna hans.

Erzsebet Duzsik (eldri), með son sinn, Laszlo, sem fæddist í Vestmannaeyjum haustið 1957. Myndin er tekin fyrir eða um 1960 sunnan við Bjarma þar sem fjölskyldan bjó.

Sendum Vestmannaeyingum bestu óskir um gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár. Pökkum samskiptin á árinu.

GRÍMUR KOKKUR

JS
JÓHANNA SVAVA
snyrtifræðingur

FVE

Leo Seafood
Icelandic quality product

Flamingó

Lögmannsstofan
Fasteignasala Vestmannaeyja

MIÐSTÖÐIN

HárArt

N1 Nesti

Steini og Olli
BYGGINGAVERKTAKAR

tpz
teiknistofa

LÖGMENN
VESTMANNAEYJUM

Fiskmarkaður Þórshafnar

Donna
www.donna.is

Volare

KAPP ehf
VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI

IceMar
Icelandic Export

HEILSUEYJAN SPA
FYRIR LÍKAMA OG SÁL

KÆLI FÉLAGIÐ
VESTMANNAEYJUM

net hamar

Málarinn þinn

RÞV

Rangárþing Eystra

DRÍFANDI
STÉTTARFÉLAG VESTMANNAEYJUM
FYRST STOFNAÐ 1917

Tanginn
eat. drink. enjoy.

STÁLSMIÐJAN FRAMTAK EHF

FRÁR VE

MANNVIT

Enn eltir óheppnin Ungverjana

Þegar brottförin er ákveðin safnast Ungverjarnir saman í Reykjavík. Af einhverjum ástæðum fer Laszlo gamli ekki inn til Reykjavíkur fyrr en á síðasta degi; kannski þurfti hann að ganga frá málum í Ytri-Njarðvík. Hann fer svo brottfarardaginn með dóttur sinni, Adél, og tengdasyni eftir hinum nýopnaða steypta Keflavíkurvegi, en þau ætluðu að kveðja fjölskylduna. Adél hafði þá eignast barn.

Þetta er snemma morguns, 11. okt. 1963. Tíminn segir svo frá að þá hafi orðið harðar árekstur. Ungversk kona [Adél] og Júgóslavi [smabýlismaður hennar, Slobodan Mazibrada] hlutu alvarleg meiðsl og liggja bæði á Landakotsspítala. Síðar segir: „Í aftursæti bifreiðarinnar var Horváth, faðir Adél. Hann kvartaði um eymsl í hægri handlegg. Þau voru öll flutt á slysavarðstofuna.“ Laszlo gamli kemst þó til skips og fylgir fjölskyldu sinni utan. Eftir þetta er unga barnið hennar Adél tekið með til Ungverjalands enda gat móðirin ekki annast það eftir slysið og ólst það upp þar fram á táningsár en fluttist svo til móður sinnar í Bandaríkjunum.

Þessi brottför Ungverjanna vekur athygli Þjóðviljans og er ekki laust við að menn þar á bæ brosi í kampinn. A.m.k. segir í í forsíðufrétt 15. okt. 1963: „Flýðu ¸viðreisninn¸ – til Ungverjalands!“ Þar segir m.a.„að þrír af hverjum fimm Ungverjum er hingað flýðu 1956 væru „flúnir“ frá Íslandi. Er þetta einhver þyngsti áfellisdómur sem viðreisnarstjórnin gat hlotið“ því þetta muni vera hærra hlutfall en annars staðar. „Fjórtán Ungverjar hafa snúið aftur heim til Ungverjalands og tekið með sér börn, sem hér eru fædd“, þ.e. fimm á undan hópnum sem fór með Gullfossi.

Þessi útlegging Þjóðviljans vekur nokkra hneykslan og er skrifað um hana í Alþýðublaðið. Blaðamaðurinn („Úhjv.“) svarar fyrir sig undir fyrirsögninni: „Ættjarðarást eða landflótti? og segir að brottför svo margra Ungverja sé dómur yfir efnahagsástandinu á Íslandi, sem í henni felst“. Og blaðamaðurinn spyr:„Valdi dr. Gunnlaugur á sínum tíma Ungverja hingað eftir því hvað ættjarðarást þeirra var heit?“ – Svona var pólitíkin á þessum tíma.

Ríkisborgararéttur vorið 1963.

Tæpur helmingur ungversku flóttamannanna frá 1956 festi hér rætur og bjó hér upp frá því. Eftir því sem best er vitað hefur þeim öllum vegnað vel, þeir hafa reynst nýtir borgarar, gengið í hjónabönd, ýmist innbyrðis eða með Íslendingum, og eignast fjölda afkomenda. Stebbi Ungverji er gott dæmi um það, en svo var einnig um marga í Reykjavík, á Suðurnesjum, Akranesi, Húsavík og e.t.v. fleiri stöðum.



Erzebet yngri, f. 1950, með systur sinni, Adél, og móður, Erzsebet eldri. Myndin er tekin í Njarðvík skömmu áður en fjölskyldan fluttist til Ungverjalands á ný 1963. Erzebet yngri var almælt á íslensku og vildi hvergi fara.

Árið 1963 fengu 18 ungverskir flóttamenn íslenskan ríkisborgararétt. Af því er nokkur saga.

Íslenskan ríkisborgararétt geta erlendir menn öðlast eftir almennum reglum laga, en jafnframt er flutt árlega frumvarp á Alþingi „um veitingu ríkisborgararéttar“ til handa mönnum sem fullnægja ekki almennum skilyrðum laga en hafa einhverja sérstöðu eða sérstaklega stendur á um (gott dæmi er Bobby Fischer skákmaður.) Þingið hefur að vísu komið sér upp ákveðnum viðmiðunarreglum, sem þó er oft vikið frá í einstaka tilfellum.

Þegar slíkt frumvarp er flutt á þinginu 1962-63 voru þar auk um 40 annarra nafna 18 ungverskir flóttamenn sem höfðu búið hér á sjöunda ár, sótt um réttinn og höfðu hug á að ílendast hér. Allt gengur fyrir sig að venju og málið vekur ekki athygli fyrr en sá gamli róttæklingur frá Siglufirði, Gunnar Jóhannsson, flytur tillögu um að fella alla 18 ungverskur flóttamennina úr frumvarpinu. Einar Olgeirsson, formaður Sósíalistaflokksins, styður tillöguna með ræðu og við atkvæðagreiðslu virðast þingmenn Alþýðubandalagsins greiða henni atkvæði. „Rökin“ voru þau að Ungverjarnir uppfylltu ekki vinnureglur þingsins (sem oft hafði þó verið vikið frá). Því var svarað svo að hingað hefði þetta flóttafólk komið á vegum stjórnvalda, því hefðu verið gefin ákveðin fyrirheit og í gildi væri alþjóðasamningur um flóttamenn sem gerði ráð fyrir því að gata þeirra væri greidd eftir föngum til að öðlast full þegnréttindi.

Það sem vekur athygli í umræðum og skjölum er viðhorfið til flóttamanna og til Ungverjanna sérstaklega: Gunnar Jóhannsson segir m.a. „Það er á flestra vitorði, að sumt af hinu ungverska flóttafólki hefur ekki kynnt sig neitt sérstaklega vel. Virðist jafnvel sem þetta fólk hafi átt örðugt með að samlaga sig íslenzkum staðháttum. Hegningarvottorð einstakra umsækjenda eru ekki í sem bezta lagi. Af skiljanlegum ástæðum hefur enginn umsækjendanna nein hegningarvottorð frá heimalandi sínu.“ Þessari staðhæfingu mótmælir framsögumaður nefndarinnar sem röngum; og svo er eftir því sem best er vitað. Og hvers virði væru hegningarvottorð frá ógnarstjórninni í Ungverjalandi? – Og Einar Olgeirsson segir: „Hins vegar er það vitanlegt, að það ganga kvartanirnar og hafa jafnvel komið í borgarablöðunum hér út af ýmsum þessara Ungverja, út af því, hve létt þeim sé að grípa til hnífsins í sambandi við slagsmál og annað slíkt í verstöðvunum hér suður frá.“ Hér hljóta þeir Einar og Gunnar að hafa í huga ungversku flóttamennina í Eyjum, en þess er þá að gæta að enginn þeirra sótti um ríkisborgararétt þá, né stóðu nöfn þeirra á þingskjalinu. Engum sögum fer af neinum vandræðum af ungverska flóttafólkinu annars staðar á landinu. Allt er þetta svo einkennilegt, orðalag skrýtið og fordómafullt, að maður spyr: Var Sovéthjartað enn svona heitt, eða var kippt í gamla spotta? Slíkt hefði ekki getað gerst fimm árum seinna (1968).



Mynd: Sigurgeir Jónasson.

Juhasz Istvan, Stefán Jóhannsson, Stebbi Ungverji (1935-2004). Hann var hermaður 1956 þegar hann slóst í för með Horváth- og Duzsik-fjölskyldunum og flúði frá Norðaustur-Ungverjalandi til Vínarborgar og áfram til Íslands og loks Vestmannaeyja. Hann bjó fyrst á Hásteinsvegi 7 en fluttist fljótlega þaðan með konuefni sínu, Kristínu Þórðardóttur frá Grundarfirði. Þau eignuðust sjö börn og bjuggu lengst af í Norðurgarði. Stebbi var einstaklega duglegur og fjölhæfur maður, vann lengst í Fiskiðjunni. Hann varð Vestmanneyingur til æviloka, sá eini flóttamannanna í Eyjum.

Ríkisborgararéttur 1965

Enginn flóttamannanna úr Eyjum er á listanum 1963; þau eru flest á heimleið. Það er ekki fyrr en tveim árum síðar að nöfn tveggja þeirra eru tekin í sams konar frumvarp:

„10. Horváth, Adél, þjónustustúlka í Ytri-Njarðvík, f. í Ungverjalandi 2. ágúst 1941.“ Hún var tvíburasystirin á Hásteinsveginum, komin í sambúð og vildi vera áfram á Íslandi. Hún fluttist síðar með þáverandi manni sínum til Bandaríkjanna og lifir enn, fjögurra barna móðir.

„16. Juhasz, Istvan, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. í Ungverjalandi 11. febrúar 1935“ - sá sem síðar fékk nafnið Stefán Jóhannsson, en alltaf kallaður „Stebbi Ungverji“. Hann giftist Kristínu Þórðardóttur frá Grundarfirði þegar 1958. Þau keyptu Norðurgarð 1963 og bjuggu þar æ síðan, eignuðust sjö börn. Kristín lést í bílslysi 1984 en Stefán dó 2004. Hann þótt sérstaklega duglegur maður og fjölhæfur, við múrverk og málun, en vann lengst af í Fiskiðjunni. Allir sem honum kynntust bera honum vel söguna.

Erzsebet Duzsik,„Elísabet“, litla stelpan í Bjarma (1957-1960), nú húsmóðir í Keflavík.

Auk þess voru tveir aðrir ungverskir flóttamenn á listanum, svo að samtals voru þá 22 flóttamenn komnir með íslenskan ríkisborgararétt. Vera má að einhverjir þeirra hafi bæst við síðar.

Eins og áður greinir fóru 14 Ungverjar heim á ný. Tveir létust hér á landi, fjórir fluttust til Ástralíu, tveir til Þýskalands og einn til Sviss. Ekki er vitað hvað varð um 5-7 þeirra.

Hvernig vegnaði „Vestmanneyingunum“ í Ungverjalandi?

Þegar fjölskyldurnar úr Eyjum koma aftur til Ungverjalands verður þrautaráðið að fara á ný á heimaslóðir, til Putnok, og raunar síðar nágrannabæjarins Banréve. Hafi þau gert sér vonir um að fá eitthvað af eignum sínum aftur brást það hrapallega; slíkt var ekki í boði. Og gamla húsið þeirra var í algerri niðurníðslu, þau félaus. Faðir Istvans Duzsiks skýtur yfir þau skjólshúsi meðan þau reyna að koma undir sig fótunum á ný.

Ekki varð líf þeirra dans á rósum, en karlmennirnir fengu vinnu, fjölskyldurnar húsnæði og smám saman urðu þau bjargálna. Allt er þetta fólk látið, en stutt síðan Istvan (Stefán), faðir Erzsebetar yngri, lést. Af fimm börnum Istvans og Erzsebetar eldri, eru tvö látin: Stefán yngri (f. 1953) dó voveiflega um fimmtugt og Laszlo yngri Duzsik, sem fæddist í Vestmannaeyjum 1957, lést í slysi aðeins 19 ára.

Kyssti jörðina

Erzebet í Bjarma, litla stúlkan sem svo margir muna enn, giftist og eignaðist þrjár dætur í Ungverjalandi og einn son sem lést á barnsaldri. En hjónabandið var ekki farsælt. Hún þráði alltaf að komast aftur til Íslands. „Ég hugsaði til Íslands á hverju kvöldi þegar ég lagðist til svefns.“

Þegar svo járntjöld og múrar falla 1989-1991 ákveður Atila, móðurbróðir Erzebetar, sem bjó giftur maður í Banréve, að freista gæfunnar á ný. Hann fer til Íslands, er í nokkur ár frá hausti og fram á vor og vinnur í Vinnslustöðinni, býr í verbúðunum með konu sinni og stundum syni, og safnar meiri peningum en hann hafði nokkru sinni áður séð, kaupir sér bíl, gerir upp hús sitt í Ungverjalandi og þar býr hann nú við sæmileg efni. Og systurdóttir hans, Erzebet, lætur drauma sína rætast, hikar ekki, skilur við mann sinn og fer með dætur sínar þrjár til Íslands.„Ég var svo glöð þegar ég var lent á Íslandi og var á leiðinni af flugvellinum, að ég bað bílstjórann að stoppa, fór út, kraup niður og kyssti jörðina.“

Þær mæðgur fara til Vestmannaeyja, eru fyrst í stað í kjallaranum hjá Stefáni í Norðurgarði en flytjast svo í litla íbúð niður í bæ. Erzsebet vann í Vinnslustöðinni fáein ár en síðan ákveða þær mæðgur að flytjast til Keflavíkur þar sem Erzsebet var líka kunnug frá fyrri árum. Þar fær hún húsnæði og vinnu, bæði fyrir sig og dæturnar. Nokkru síðar kynnist hún sjómanni. „Við fórum að spjalla saman og þá kom í ljós að hann hafði verið vinur Atila þau þrjú ár sem hann var í Njarðvík, og minnist þess hve Atila var flottur strákur og átti flottan bíl!“ Úr urðu frekari kynni og nú búa þau saman í Keflavík, Erzsebet og Marteinn Webb, sem fæst nú við beitningu, og þar eiga þau fallegt heimili og líður vel. Tvær dætur Erzebetar, María og Kristína, giftust amerískum hermönnum og fluttust með þeim til Bandaríkjanna, en ein þeirra, sem líka heitir Erzsebet, býr í Sandgerði og er gift þar ungverskum manni og á þrjú börn.

„Ég er Íslendingur“ segir Erzsebet, litla stúlkan í Bjarma. „Hér á ég heima, og vildi raunar aldrei fara!“ Hún talar nær fullkomna íslensku, eins og hún gerði þegar hún fór burtu 1963; og var fyrst nær mállaus í Ungverjalandi, en svo hvarf íslenskan og vaknaði ekki aftur fyrr en áratugum síðar. Þau Erzsebet og Marteinn heimsækja alloft ættmenn og vini í Ungverjalandi, þar á meðal Atila sem er allvel mæltur á íslensku.

Svona getur lífsvegurinn orðið hlykkjóttur, og á ekki síst við um flóttamenn, - sem nú fá meiri athygli en nokkru sinni fyrr. Stórveldaátök skapa einstaklingum örlög, hið stóra birtist í hinu smáa og hið smáa má líka spegla í hinu stóra.

Sjóvarmadælustöð HS Veitna hf.

GREINARHÖFUNDUR:
ÍVAR ATLASON

Sjóvarmadælustöð HS-veitna að Hlíðarvegi 4 er glæsileg bygging.



Sjóvarmadælustöðin sér um að hita upp mestan hluta bæjarins. Til þess að sjóvarmadælustöðin geti hitað upp allan bæinn allan ársins hring, þarf að bæta fimmtu vélinni við. Við smíði hússins var gert ráð fyrir henni.

Upphitun húsa í Vestmannaeyjum

Kolakynding var algengasta (ódýrasta) aðferðin við upphitun húsa í Eyjum á fyrrihluta síðustu aldar. Kolum var keyrt í hús með vörubílum, einnig var hægt að fá kol í pokum. Mengun, kolaryk og óþrifnaður fylgdi brennslu kola.

Um 1930 voru miðstöðvar með olíukyndingu settar í nokkur hús í Reykjavík, reyndist það ekki vel og breiddist ekki út. Eftir seinni heimstyrjöldina var olíukynding orðin algeng á Íslandi og í Eyjum. Miðstöðvarkerfi (vatnsofnar) var þá sett upp í húsum. Olíuketill í hverju húsi og olíutankur við hvert hús. Margir eldsvoðar urðu á hverju ári í Eyjum, vegna bilana í olíukötlum.

Árið 1962 tengdust Eyjarnar raforkukerfi landsins með lagningu 10 MW sæstrengs milli lands og Eyja. Vitaskipið Árvakur lagði sæstrenginn frá Landeyjasandi til Eyja 30.-31. júlí 1962, og var tekinn upp í Klettsvík. Loftlínur voru lagðar frá Heimakletti út á Skans. Rafkynding húsa hefst þar með í Vestmannaeyjum. Flest öll hús sem byggð voru eftir 1962 voru með rafhitun.

Hraunhitaveitan

Svo háttar til í Vestmannaeyjum að hér er enginn jarðhiti. Töluverð fyrirhöfn og kostnaður hefur því ætíð fylgt upphitun húsa. Eyjamenn hafa því lengi verið opnir fyrir hvers kyns hugmyndum til að auðvelda upphitun húsa og til að draga úr kostnaði.

Eldgosið 1973 opnaði óvænta möguleika á húshitun Eyjamanna. Hraunmassinn sem kom í eldsumbrotunum hafði mikla varmaorku. Sveinbjörn Jónsson, forstjóri Ofnasmiðjunnar, var einn aðal hvatamaðurinn að því að nýta varmann frá hrauninu til upphitunar húsa. Tilraunaveita var byggð á svæði sem fékk nafnið Gufugil. Þann 20. janúar 1974 var fyrsta húsið tengt hraunhitaveitu, Helgafellsbraut 6. Ákveðið var að virkja hitann úr hrauninu til upphitunar á húsum. Tvöfalt dreifikerfi var lagt í allan bæinn og dælustöð byggð. Eftir því sem best er vitað er hér um að ræða fyrstu og einu hraunhitaveituna sem starfrækt hefur verið í heiminum.

Fjarvarmaveita

Með lagningu dreifikerfis um bæinn skapaðist möguleiki að nota fleiri aðferðir við upphitun á hitaveituvatninu. Kyndistöðin við Kirkjuveg var byggð 1977. Í framhaldinu var tekið að nýta varmaorkuna úr hrauninu til upphitunar húsa á árunum 1978- 1988 og hitaveita lögð í flest hús í bænum. Árið 1988 var hitinn í hrauninu orðinn það lítill, að rekstri hraunhitaveitunnar var hætt.

20 MW rafskautaketill var tekinn í notkun 1988 í kyndistöðinni við Kirkjuveg, sem framleiðir gufu og hitar upp hringrásarvatn veitunnar í 2 x 10 MW varmaskiptum. Raforkan sem notuð er á rafskautaketilinn er svokölluð ótrygg orka og verð hennar hefur hækkað töluvert umfram vísitölu á undanförnum árum. Ótrygg orka, er jú ótrygg orka. Skerða má orkuna eða flutning hennar hvenær sem er. Töluverðar skerðingar hafa verið á undanförnum árum og er spáð frekari aukningu á skerðingu. Þegar skerða þarf ótrygga orku eða flutning hennar þarf að notast við olíu í staðinn til upphitunar sem er margfalt dýrari.



Varmdælurnar fjórar í vélarsalnum að Hlíðarvegi 4.

Varmaorka frá sólinni er geymd í sjónum

Til að auka rekstraröryggi og draga úr kostnaði við upphitun á hitaveituvatninu er hægt að nota varmadælur. Árið 2006 var fyrst farið að huga að þessum möguleika hjá HS Veitum hf. Frá upphafi hefur hugmyndin verið sú að nota sjó sem varmagjafa. Golfstraumurinn sér til þess að hitastigið er nokkuð jafnt. Með því að dæla miklu magni af sjó, er hægt að fá næga varmaorku, fyrir sjóvarmadælu. Varmaorka frá sólinni geymist í sjónum og er mesta orkugeymsla sem til er.

Hvað er varmadæla?

Varmadæla er vélbúnaður sem flytur varma frá einum stað til annars. Sú varmadæla sem við þekkjum best er ísskápurinn og frystikistan heima hjá okkur. Það má segja að varmadæla sem notuð er til upphitunar sé „öfugur" ísskápur. Varmadælan þarf varmagjafa eins og t.d. loft, vatn eða sjó.

Varmadæla samanstendur af mörgum vélhlutum. Stjórn og tölvubúnaður sjá síðan um að þeir vinni saman. Varmagjafi og varmataki tengjast varmadælunni. Vinnslumiðill flytur varmann milli varmagjafa og varmataka.

Vinnslumiðill

Vinnslumiðillinn sem notaður er í sjóvarmadælustöðinni hér í Eyjum er ammóníak (NH3). Ammóníak er litlaus daunill lofttegund sem unnin er úr lofti og vatni. Köfnunarefnisgas (N) úr andrúmsloftinu og vetnisgas (H) úr vatni. Ammóníak er umhverfisvænt, en þó ótrúlegt sé er ammóníak hættulegt mannfólkinu. Ammóníak sýður við -33,34°C.

Varmagjafi

Í Vestmannaeyjum er ekkert jarðhitakerfi með heitu vatni eða gufu. Okkar helsta auðlind er sjórinn. Í gegnum aldirnar höfum við Eyjamenn dregið fram lífið á því sem sjórinn gefur, þ.e.a.s. á fiskinum. Sjórinn geymir líka varma, það er einnig auðlind, sem verður til staðar meðan sólin verður til! Hitastig sjávar við Vestmannaeyjar er um 6°C yfir vetratímann og 11°C yfir sumartímann. Fjórar 20" vinnsluholur um 40 metra djúpar voru boraðar við Hlíðarveg 4 og eru þrjár notaðar (ein til vara) og dælt um 1.500 m3/klst. af sjó.

Frumkvöðlastarf

Engar sjóvarmadælur eru á Íslandi, en þær eru mun algengari á Norðurlöndum. Ákveðið var að byggja 10,4 MW sjóvarmadælustöð við

Foreinangruð hitaveiturör frá Set voru lögð frá kyndistöðinni við Kirkjuveg að Sjóvarmadælustöðinni að Hlíðarvegi 4.

Hlíðarveg 4 sem er næst stærsta sjóvarmadælustöð í heiminum. Í Drammen í Noregi er 14MW sjóvarmadælustöð.

Fyrir rúmum hundrað árum var hér í Eyjum einn mesti frumkvöðull sem Ísland hefur átt, en það var Eyjapeyinn Gísli J Johnsen (10.3.1881 – 6.9.1965). Hann tók eftir því að Danir voru farnir að vélfrysta fisk. Hann dreif sig til Danmerkur og keypti frystipressur og stofnaði fyrsta frystihús landsins í Vestmannaeyjum. Gísli keypti pressur frá framleiðandanum Sabroe. Nú rúmlega 100 árum seinna erum við Eyjamenn fyrstir til að byggja sjóvarmadælustöð á Íslandi, og viti menn, það eru einnig Sabroe pressur!

Hvernig virkar varmadælan?

Vinnslumiðillinn ammóníak fer í gegnum sjóvarmaskiptin. Í sjóvarmaskiptinum fer sjór um aðra hlið hans og ammóníak um hina. Vegna lágs suðumarks ammóníaks sýður ammóníakið í varmaskiptinum og breytist í ammóníaksgufu og sjórinn kælist. Ammóníaksgufan fer þaðan inn í Sabroe skrúfupressu sem þjappar gasinu saman upp í rúm 30 bar og þá er hitinn á gasinu orðinn um 115°C. Ammóníaksgasið heita fer þaðan í varmaskipta hitaveitunnar og hitar upp vatn hitaveitunnar í 75°-77°C. Eftir það er ammóníakið orðið kaldur vökvi og fer síðan aftur í sjóvarmaskiptinn og hringrásin hefst aftur.

Sjóvarmadælustöðin við Hlíðarveg

Haustið 2015 var farið í útboð á 8-12MW sjóvarmadælum og bárust 12 tilboð. Árið 2016 ákvað stjórn HS Veitna hf. að fara út í þessa framkvæmd og fjárfestingasamningur var gerður við ríkisvaldið ásamt samningum um orkukaup við Landsvirkjun og HS Orku hf. Samið var um kaup á sjóvarmadælum frá danska framleiðandanum Sabroe með 10,4MW varmaafli samkvæmt útboði 2015.

Engar lóðir voru á lausu næst sjó á hafnarsvæðinu, sem hefði verið fyrsti kostur. Vestmannaeyjabær átti lausa lóð að Hlíðarvegi 4 sem HS Veitum hf. var úthlutað. Byrjað var að byggja sjóvarmadælustöðina vorið 2017. Aðalverktaki byggingar var Steini og Olli ehf.

Sumarið 2018 voru vélarnar settar inn í bygginguna og í október það ár voru vélarnar ræstar, og upphitun á hitaveituvatninu hófst. Reksturinn þetta fyrsta ár hefur gengið vel. Að sjálfsögðu hafa komið upp byrjunarörðugleikar, en þau verkefni hafa verið leyst.

Þessi framkvæmd, sem er töluvert stór á mælikvarða okkar Eyjamanna, var að stórum hluta unnin af fyrirtækjum hér í Eyjum.

Þann 29. maí fór fram vígsla á sjóvarmadælustöðinni, þar sem Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra Íslands, og Ívar Atlason tæknifræðingur HS Veitna hf. klipptu á borða og opnuðu stöðina formlega. Eftir skoðunarferð um stöðina var haldið í Akógeshúsið þar sem ávörp og kynningar fóru fram.

Lokaorð

Sjóvarmadælustöðin sér um að hita upp mestan hluta bæjarins. Til þess að sjóvarmadælustöðin geti hitað upp allan bæinn allan ársins hring, þarf að bæta fimmtu vélinni við. Við smíði hússins var gert ráð fyrir henni. Vonandi mun þessi framkvæmd verða hagkvæm fyrir íbúa Vestmannaeyja um ókomna framtíð.

Ívar Atlason með forseta á báðar hendur. Forseti Þýskalands Frank-Walter Steinmeier og eiginkona hans Elke Büdenbender ásamt forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessyni og Elizu Reid eiginkonu hans heimsóttu varmadælustöðina 13. júní sl.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, lðnaðarráðherra og greinarhöfundur klippa á borðann við vígslu stöðvarinnar

Tónlistarlíf í Eyjum um miðja síðustu öld

H.G. sextettinn

GREINARHÖFUNDUR:
ÍVAR ATLASON

Töluverð gróska var í tónlistarlífi Eyjamanna upp úr 1950. Margir ungir eyja- hljóðfæraleikarar höfðu mikinn áhuga, og vildu ná lengra í hljóðfæraleik sínum og leika í hljómsveit. Einn þeirra var Haraldur Baldursson sem lék með H.G. sextettnum. Haraldur er fæddur hér í Vestmannaeyjum 25. febrúar 1932, að Brekastíg 3 (Sólberg), sonur hjónanna Baldurs Ólafssonar bankastjóra og Jóhönnu Andreu Ágústsdóttur (Kiðjabergi). Þótt Haraldur sé orðinn 87 ára, er heilsan góð og enn koma upp stundir þar sem gítarinn er tekinn fram og spiluð lög. Ég settist niður með frænda mínum og fékk hann til að segja mér frá árum sínum með H.G. sextettnum.

„Ég átti góðan vin á þessum tíma, Jón Helga Steingrímsson, og spiluðum við mikið saman, ég á gítar og Jón Helgi á píanó. Við vorum ungir á þessum árum og okkur langaði að spila í hljómsveit. Þetta var nokkrum árum á undan rokkinu, aðallega var verið að spila jazz en einnig vals, tangó, rælum, polkum o.s.frv.

Það var síðan um haustið 1949, að til Eyja flytur nafni minn, Haraldur Guðmundsson prentari. Haraldur var fæddur í Vestmannaeyjum 30. júlí 1922, nánar tiltekið á svokölluðum Vilborgarstöðum. Vilborgarstaðir voru um þar síðustu aldarmót átta jarðir. Guðmundur Gíslason faðir Haraldar fékk ábúð á Austur Vilborgarstöðum (austurbænum/austasti bær) árið 1909 og sat jörðina til ársins 1930, er Loftur Jónsson frá Kirkjubæ tók við. Loftur bjó í húsinu þegar eldgos hófst þann 23. janúar 1973. Haraldur sleit barnsskónum að Vilborgarstöðum.

Haraldur lærði prentiðn á fastalandinu, og tók sveinspróf 1939. Þegar Haraldur flutti aftur til Eyja haustið 1949 hóf hann vinnu í prentsmiðjunni Eyrúnu.

Haraldur Guðmundsson var flinkur hljóðfæraleikari og lék á mörg hljóðfæri. Hann hafði meðal annars stofnað mandólínhljómsveit Reykjavíkur áður en hann flutti til Eyja. Held að það sé eina mandólínhljómsveitin sem starfrækt hefur verið á Íslandi. Einnig lék Haraldur með hljómsveit Björns R. Einarssonar.

Fljótlega eftir að Haraldur flutti til Eyja varð ég svo heppinn að hann stofnaði hljómsveit og fékk ég að vera með og verða einn af stofnfélögum. Vinur minn Jón Helgi Steingrímsson kom aðeins seinna inn í hljómsveitina. Hljómsveitin fékk nafnið H.G. sextettinn. Hljómsveitinni var að sjálfsögðu stjórnað af Haraldi Guðmundssyni og lék hann á trompet og banjó, ég á gítar, Guðni Hermansen á tenórsaxafón, Gísli Bryngeirsson frá Búastöðum á klarínett, Alfreð W. Þórðarson á píanó og Sigurður Þórarinsson (Sissi) á trommur.

Hljómsveitin spilaði á böllum í Samkomuhúsinu og Alþýðuhúsinu. Fljótlega kom vinur minn Jón Helgi Steingrímsson í hljómsveitina og tók sæti Alfreðs W. Þórðarsonar á píanó og Sigurður Guðmundsson (Háeyri) á trommur fyrir Sissa.

Það má segja að spilamennska mín í H.G. sextett hafa haft mikil áhrif á líf mitt og framtíðina. Það var nefnilega á dansleik í Alþýðuhúsinu, þar sem við vorum að spila, að stelpur úr Kvennaskólanum í Reykjavík mættu. Þær voru í útskriftarferðalagi í Eyjum og skelltu sér á dansleikinn. Þetta kvöld kynntist ég Gyðu Guðmundsdóttur, sem átti síðan eftir að verða eiginkona mín og er það enn þann dag í dag.

Sumarið 1950 var mjög eftirminnilegt, því þá fór H.G. sextettinn með Lúðrasveit Vestmannaeyja, sem Oddgeir Kristjánsson, stjórnaði í ferðalag um Austurland. Haldnir voru tónleikar og böll á mörgum stöðum. Fyrir

> *Það var nefnilega á dansleik í Alþýðuhúsinu, þar sem við vorum að spila, að stelpur úr Kvennaskólanum í Reykjavík mættu. Þær voru í útskriftarferðalagi í Eyjum og skelltu sér á dansleikinn. Þetta kvöld kynntist ég Gyðu Guðmundsdóttur, sem átti síðan eftir að verða eiginkona mín og er það enn þann dag í dag.*

Fjölskyldan á Vilborgarstöðum. Haraldur yngstur og hér á milli foreldra sinna sem voru Oddný Elín Jónasdóttir frá Deild á Álftanesi og Guðmundur Gíslason frá Seljavöllum undir Eyjafjöllum.



Haraldur Guðmundsson ungur að árum á Vilborgarstaðatúni. Urðirnar, Klettsvíkin, Miðklettur og Ystiklettur í baksýn.



H.G. sextettinn frá vinstri: Gísli Bryngeirsson (Gísli á Búastöðum) klarínett, Guðni Hermansen tenórsaxafón, Sigurður Guðmundsson (Siggi á Háeyri) trommur, Haraldur Guðmundsson stjórnandi H.G. sextett trompet og banjó, Haraldur Baldursson gítar og Alfreð Washington Þórðason píanó.

Haraldur Baldursson man ekki nafnið á þessari hljómsveit. Efri röð frá vinstri, Höskuldur Stefánsson (Neskaupstað) harmónika og Sigurður Markússon klarínett. Neðri röð frá vinstri: Páll Steingrímsson gítar og bróðir hans, Jón Helgi Steingrímsson píanó.

Starfsfólk Útvegsbanka Íslands 1952-1953. Fremri röð: Jakob Ólafsson og Baldur Ólafsson. Aftari röð frá vinstri: Jón Ólafsson, Bjarni Sighvatsson útibússtjóri, Ásta Engilbertsdóttir, Haraldur Baldursson, Sighvatur Bjarnason, Jón Scheving og Jóhannes Tómasson.

Gyða Guðmundsdóttir og Haraldur Baldursson.



okkur, unga fólkið úr Eyjum, var það að fá að ferðast um landið og spila mikil upplifun. Þessi ferð er mér enn ljóslifandi.

Haustið 1950 fór ég til Reykjavíkur í nám og varð að hætta í hljómsveitinni. Gísli Brynjólfsson tók við af mér á gítar. Ég kom alltaf heim á sumrin og vann í Útvegsbankanum sem var á þessum árum á Heimagötu 1, en fór alfarinn frá Eyjum 1953. Hóf störf í Útvegsbankanum Reykjavík, en sagði alls ekki skilið við tónlistina og vann við hljóðfæraleik fram undir fertugs aldurinn meðfram störfum sínum í bankanum.

Tími minn í H.G. sextett var mjög gefandi og lærði ég mikið af þeim sómamanni, Haraldi Guðmundssyni. Einnig verð ég að minnast á þann mikla sorgarviðburð sem átti sér stað þann 31. janúar 1951, þegar flugvélin Glitfaxi fórst í aðflugi að Reykjavíkurflugvelli og var að koma frá Vestmannaeyjum. Allir um borð fórust og þar með vinur minn og félagi í H.G. sextett Jón Helgi Steingrímsson píanóleikari.

H.G. sextett á ferðalagi um Austurland. Efri röð frá vinstri: Sigurður Guðmundsson (Siggi á Háeyri) trommur, Jón Helgi Steingrímsson píanó, Guðni Hermansen tenórsaxafón, Haraldur Guðmundsson stjórnandi H.G. sextett trompet og banjó, Jón bílstjóri hljómsveitarinnar, Haraldur Baldursson gítar. Neðri röð frá vinstri: Gréta Þórarinsdóttir (eiginkona Haraldar Guðmundssonar), Sigríður Jóna Kristinsdóttir (Didda eiginkona Guðna Hermansen), Gísli Bryngeirsson (Gísli frá Búastöðum) klarínett.

Hitað upp á Héraði 1950. Oddgeir Kristjánsson, Haraldur Guðmundsson og Haraldur Baldursson.

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að liða!
KUBBUR
Umhverfið okkar

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að liða!
LYSI

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að liða!
juris

Gleðileg jól
Óskum viðskiptavinum okkar og Eyjamönnum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári
þökkum viðskiptin á árinu sem er að liða.
Íslandsbanki

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að liða!
ÍSFELL
www.isfell.is

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að liða!
FROST

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að liða!
FAJ FRIÐRIK A. JÓNSSON ehf.

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að liða!
KASSAGERÐ
REYKJAVÍKUR
UMBÚÐIR Í ALLRA ÞÁGU

Látnir kvaddir

Fólk sem búið hefur í Vestmannaeyjum í lengri eða skemmri tíma og látist hefur á árinu.



Magnús Kristjánsson,
frá Sólheimum síðar Heiðarvegi 61
f. 14. ágúst 1929 – d. 1. janúar 2017

Jóhanna Magnússína Guðjónsdóttir
frá Hlíðardal – Vestmannabraut 65b
f. 6. september 1923 - d. 9. júní 2018



Erling Þór Þorsteinsson
áður Götu – Herjólfsgötu 12
f. 2. nóv. 1940 - d. 4. nóv. 2018



Ágúst H. Elíasson
áður Fjólugötu 17
f. 29. janúar 1931 - d. 10. nóv. 2018

Margrét Bragadóttir
áður Hásteinsvegi 55
f. 22. maí 1942 - d. 13. nóv. 2018



Hreinn Vilhjálmsson
áður Brautarholti v/ Landagötu
f. 25. ágúst 1946 - d. 3. des. 2018



Axel Guðmundsson
Áshamri 40
f. 21. des. 1956 - d. 12. des. 2018

Sólveig Kristinsdóttir
áður Kirkjuvegi 84
f. 2. jan 1934 – d. 21. des 2018

Ingibjörg Guðlaugsdóttir
frá Lundi síðar Hásteinsvegi 6,
Kiðabergi
f. 14. mars 1925 - d. 23. des. 2018

Kolbeinn Aron Arnarson
Áshamri 12
30. nóv. 1989 - d. 24. des 2018

Erna Ó. Óskarsdóttir
áður Sólhlíð 3
f. 19. júlí 1934 – d. 24. des 2018

Haraldur Þór Þórarinsson
Brekkugötu 5
f. 29. mars 1953 – d. 18. jan 2019



Sigurður Þórarinsson
frá Hólmgarði síðar Áshamri 54
f. 14. sept 1934 – d. 22. jan 2019

Jóna Guðbjörg Steinsdóttir
frá Múla v/ Bárustíg
f. 6. des 1928 – d. 30. jan 2019

Ásta Hallvarðsdóttir
frá Pétursborg v/Vestmannabraut
f. 25. júní 1939 - d. 31. jan 2019



Ástþór Ragnarsson
áður Kirkjuvegi 26
f. 4. maí 1946 – d. 9. febrúar 2019

Birna Kristín Þórhallsdóttir
Hásteinsvegi 64
f. 12. ágúst 1946 - d. 10. febrúar 2019



Magnús Kristinsson
frá Hvíld v/ Faxastíg
f. 13. okt. 1923 – d. 11. febrúar 2019

Gréta Finnbogadóttir
frá Vallartúni
f. 31. mars 1929 - d. 18. febrúar 2019

Ólafía Guðrún Halldórsdóttir
áður Áshamri 12
f. 8. júní 1953 - d. 26. febrúar 2019

Eyþór Þórisson
áður Skólavegi 19 - Ráðagerði
f. 17. des. 1938 – d. 7. mars 2019



Einar Runólfsson
frá Velli síðar Fífilgötu 2
f. 25. des. 1918 – d. 10. mars 2019



Lýður Ægisson
áður Kirkjuvegi 84
f. 3. júlí 1948 – d. 20. mars 2019



Þorvaldur Þórarinsson
áður Herjólfsgötu 6
f. 12. nóv 1969 - d. 26. mars 2019

Þorbergur Hallgrímsson
áður Kirkjuvegi 26
f. 13. janúar 1959 – d. 26. mars 2019

Jón Runólfsson
áður Heimagötu 24
f. 29. nóv 1924 – d. 28. mars 2019

Ingibjörg Ágústa Björnsdóttir
áður Heimagötu 24
f. 19. okt 1926 - d. 31. mars 2019



Helga Sigurbjörg Júlíusdóttir
frá Stafholti síðar Stíghúsi
f. 26. júní 1923 - d. 29. mars 2019

Hörður Sigurðsson,
áður Helli v/ Vestmannabraut
f. 16. júní 1952 – d. 1. apríl 2019

Jóna Sigríður Kristjánsdóttir
áður Búastaðabraut 8
f. 7. okt 1931 - d. 11. apríl 2019

Ása Kristinsdóttir Gudnason
frá Reyni v/ Bárustíg
f. 14. febrúar 1930 – d. 16. apríl 2019

Lára Vigfúsdóttir
áður Bakkastíg 3
f. 25. ágúst 1929 - d. 19. apríl 2019

Hermann Einarsson
Hilmisgötu 13
f. 26. janúar 1942 – d. 20. apríl 2019



Jón Halldórsson
Áshamri 44
f. 14. júní 1950 – d. 21. apríl 2019



Gísli Gunnar Kristinsson
áður Túninu v/ Herjólfsgötu
síðar Ásavegi 2
f. 20. júlí 1931 – d. 23. apríl 2019



Örnólfur Grétar Hálfdánsson
áður Brekastíg 15 c)
f. 10. sept. 1944 - d. 23. apríl 2019



Magnús Þór Jónasson
frá Grundarbrekku
f. 4. maí 1947 - d. 24. apríl 2019

Reynir Carl Þorleifsson
áður Brimhólabraut 26
f. 25. sept. 1952 – d. 25. apríl 2019

Sævar Ver Einarsson
frá Brekku v/ Faxastíg
f. 13. ágúst 1950 – d. 26. apríl 2019

Selma Sigurjónsdóttir
frá Gefjun v/ Strandveg
f. 2. ágúst 1930 – d. 4. maí 2019

Reimar Charlesson
áður Heimagötu 27 , Bræðratungu
f. 22. janúar 1935 – d. 10. maí 2019



Hilmar E. Guðjónsson
áður Sólhlíð 26
f. 15. nóv 1938 - d. 15. maí 2019



Haukur Sigríðarson
áður Svalbarða v/ Birkihlíð
f. 10. nóv. 1974 – d. 20. maí 2019

Hilmar Pétur Þormóðsson
áður Hásteinsvegi 62
f. 19. mars 1942 - d. 10. maí 2019

Trausti Sigurðsson
frá Hæli, við Brekastíg
f. 14. des. 1932 - d. 22. maí 2019

Ármann Hauksson
áður Boðaslóð 7
f. 3. sept. 1956 – d. 1. júní 2019

Oddgeir Pálsson
frá Miðgarði við Vestmannabraut
f. 22. des 1923 – d. 2. júní 2019

Marý Kristín Coiner
Hrauntúni 73 síðar Hraunbúðum
f. 5. júlí 1943 – d. 4. júní 2019

Magnúsína S. Sæmundsdóttir
frá Oddhól v/ Bessastíg
f. 5. ágúst 1934 - d. 4. júní 2019



Grímur Marinó Steindórsson
áður Herjólfsgötu 7
f. 25. maí 1933 - d. 5. júní 2019

Herdís Tegeder
Hrauntúni 13
f. 26. sept. 1940 - d. 8. júní 2019

Sigurbjört Gústafsdóttir
áður Vestmannabraut 15
f. 13. október 1935 - d. 16. júní 2019

Sigurlaug Ágústa Guðlaugsdóttir
áður Brekastíg 25
f. 22. sept. 1945 – d. 17. júní 2019

Alexandra Garðarsdóttir
áður Hásteinsvegi 42
f. 10. apríl 1990 - d. 12. júní 2019

Sóley Ólafsdóttir
Foldahrauni 42
f. 25. nóv. 1964- d. - 16. júní 2019

Magnea Erna Auðunsdóttir
frá Sólheimum við Njarðarstíg
f. 22. des 1929 - d. 23. júní 2019



Guðmundur Karl Jónasson
Áshamri 69
f. 11. júní 1958 – d. 2. júlí 2019

Pálmi Freyr Óskarsson
Stórhöfða síðar Reynisholti,
Faxastíg 12
f. 13. júní 1974 - d. 7. júlí 2019

Harpa Hjörleifsdóttir
áður Bröttugötu 10
f. 4. janúar 1953 - d. 19. júlí 2019

Kolbrún Lilja Sigurbjörnsdóttir
áður Skólavegi 14, Ármóti
f. 6. mars 1949 - d. 22. júlí 2019

Þorsteinn Ingi Sigfússon
áður Kirkjubæjarbraut 17
F: 4. júní 1954 – d. 15. júlí 2019

Sigríður Helgadóttir
áður Kirkjuvegi 23, Útvegbankanum
f. 18. nóv 1925 - d. 15. júlí 2019

Guðbjört „Butta" Magnúsdóttir
frá Bjarmalandi við /Flatir
f. 31. maí 1924 - d. 27. júlí 2019



Guðmundur Þorleifsson
áður Kirkjubæjarbraut 17
f. 4. janúar 1940 - d. 28. júlí 2019

Sigríður Björnsdóttir
frá Bólstaðarhlíð, síðar Hraunbúðum
f. 8. apríl 1923 - d. 30. júlí 2019

Björn Geir Jóhannsson
áður Skólavegi 8, Búðarfelli
f. 29. janúar 1964 – d. 16. ágúst 2019



Ástbjartur Sæmundsson
frá Fagrafelli við Hvítingaveg
f. 7. febrúar 1926 - d. 9. ágúst 2019

Hilmar Jón Arinbjörnsson Kúld
áður Eystri Vesturhúsum við Ásaveg
f. 13. okt. 1940 – d. 15. ágúst 2019



Hjörleifur Sveinsson,
Sólhlíð 26
f. 27. des. 1954 - d. 18. ágúst 2019



Magnús Þórarinsson
Brimhólabraut 38
f. 26. janúar 1952 – d. 21. ágúst 2019

Hjördís Magnúsdóttir
frá Lambhaga við Vesturveg
f. 10. maí 1931 – d. 27. ágúst 2019

Atli Eðvaldsson
áður Sólhlíð 19
f. 3. mars 1957 - d. 2. sept. 2019

Kjartan Konráð Úlfarsson
áður Strembugötu 17
f. 10. júní 1935 - d. 4. sept. 2019

Sigríður Anna Jóhannsdóttir
áður Sólhlíð 8
f. 7. sept. 1929 – d. 14. sept. 2019

Kristín Guðjónsdóttir
f. 28. júlí 1918 – d. 19. sept. 2019
frá Viðey- Vestmannabraut 30

Ásta Þórðardóttir
áður Fjólugötu 1
f. 16. okt. 1930 - d.19. sept. 2019

Gunnlaugur Úlfar Gunnlaugsson
áður Brekastíg 31
f. 5. apríl 1958 - d. 22. sept. 2019

Hrönn Garðarsdóttir
áður Vestm.braut 22- símstöðinni
f. 25. janúar 1970 – d. 24. sept. 2019



Sigríður Árnadóttir
áður Kalmanstjörn,Vestm.braut 3
f. 16. sept. 1926 - d. 29. sept. 2019

Árný Margrét Agnars Jónsdóttir
Hásteinsvegi 15 b
f. 8. febrúar 1942 – d. 1. október 2019

Matthías Sveinsson
Illugagötu 37
f. 21. sept. 1943- d. 7. október 2019

Guðfinna Stefánsdóttir
Fífilgötu 8 – frá Skuld
f. 8. Júní 1923- d. 10. okt. 2019

Valdimar Jóhannsson
Hásteinsvegi 45
f. 12. júní 1939 – d. 11. október 2019

Skúli Ólafsson
Fífilgötu 10
f. 12. sept. 1952 – d. 12. okt. 2019



Þórður Eydal Magnússon
áður Skólavegi 25
f. 11. júlí 1931 – d. 19. okt. 2019



Steinar Jóhannsson
áður Helgafellsbraut 19
f. 9. mars 1943 – d. 22. október 2019

Ólafur Bjarnfreðsson
áður Brekastíg 31
f. 28. des. 1936 – d. 23. okt. 2019

Birna Valgerður Jóhannesdóttir
frá Kirkjulundi, síðar Hraunbúðum
f. 10. okt. 1937 – d. 22. október 2019

Lydía Jónsdóttir
áður Vestmannabraut 58 b
f. 26. maí 1967 – d. 31. okt. 2019



Alfreð Eyjólfsson
áður Barnaskóla Vm. - kennaraíbúð
f. 25. sept. 1934- d. 31. okt. 2019

Nanna Guðjónsdóttir
Eyjahrauni 6
f. 27. sept. 1928 – d. – 1. nóv. 2019



Finnbogi Árnason
áður Birkihlíð 5 - frá Hvammi
f. 5. maí 1930 – d. 1. nóvember 2019

Bryngerður Bryngeirsdóttir
frá Búastöðum
f. 3. júní 1929 – d. 2. nóvember 2019

Erna Stefánsdóttir
frá Framtíð v/Hásteinsveg
18. júlí 1932 – d. 3. nóvember. 2019

Bera Þorsteinsdóttir
frá Laufási
f. 31. maí 1921 – d. 5. nóvember 2019

Magnús Bjarnason
Sólhlíð 19 – frá Garðshorni
f. 5. júlí 1934- d. 21. nóvember 2019

Sævar Brynjólfsson
áður Illugagötu 77
f. 15. febrúar 1942 – d. 1. des. 2019

Ragnar Hafliðason
áður Birkihlíð 11
f. 12. nóv. 1928 - d. - 3. des. 2019

LEXUS RX 450h Í NÝRRI ÚTFÆRSLU

ハイブリッド

HYBRID

Lexus RX 450h er lipur og sjálfhlaðandi fjórhjóladrifinn sportjeppi þar sem allt er fyrsta flokks. Útlitið er einstakt, enda hönnunin og hugmyndafræðin sótt í japanska handverkssögu.

Sjálfhlaðandi japönsk tækni

RX 450h SPORTJEPPI — FRÁ 11.950.000 KR

Lexus-Ísland
Kauptúni 6, Garðabæ – **lexus.is**

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING


Himneskt
Konfekt frá Nóa Síríusi tilheyrir
öllum hátíðarstundum.
Konfektið sem alltaf er gott að gefa
og himneskt að þiggja.
NÓI SÍRÍUS

GLEÐILEG JÓL
Egils
MALT
APPELSÍN
MALTEXTRAKT
Egils
APPELSÍN
Ást við fyrstu sýn
Egils Malt og Appelsín


Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
SS
fremstir
fyrir bragðið

Sendum Vestmannaeyingum
og viðskiptavinum okkar,
bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Pökkum viðskiptin
á liðnum árum!
VESTMANNAEYJUM
ICELAND
Karl Kristmanns
Umboðs- og heildverslun ehf.